



norden

Skýrsla samstarfsráðherra Norðurlanda  
Um störf Norrænu ráðherranefndarinnar 2006



# Skýrsla

**Jónínu Bjartmarz samstarfsráðherra Norðurlanda um  
störf Norrænu ráðherranefndarinnar 2006**

(Lögð fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007)

*Norðurlandaskrifstofa forsætisráðuneytisins*  
**Janúar 2007**

## EFNISYFIRLIT

|   |           |
|---|-----------|
| <b>I. SKÝRSLA SAMSTARFSRÁÐHERRA .....</b>                           | <b>3</b>  |
| <b>1. Inngangur .....</b>   | <b>3</b>  |
| <b>2. Samstarf forsætisráðherra Norðurlanda .....</b>               | <b>5</b>  |
| <b>3. Samstarfsráðherrar Norðurlanda .....</b>                      | <b>7</b>  |
| <b>4. Norðurlandasamstarf utanríkisráðuneytisins .....</b>          | <b>14</b> |
| <b>5. Menningarmál .....</b>  | <b>16</b> |
| <b>6. Jafnréttismál .....</b>                                       | <b>21</b> |
| <b>7. Löggjafarsamstarf .....</b>                                   | <b>22</b> |
| <b>8. Menntun og rannsóknir .....</b>                               | <b>25</b> |
| <b>9. Vinnumál og vinnuverndarmál .....</b>                         | <b>28</b> |
| <b>10. Atvinnu-, orku- og byggðamál .....</b>                       | <b>33</b> |
| <b>11. Heilbrigðis- og félagsmál .....</b>                          | <b>39</b> |
| <b>12. Efnahags- og fjármál .....</b>                               | <b>45</b> |
| <b>13. Umhverfismál .....</b>                                       | <b>49</b> |
| <b>14. Sjávarútvegur, landbúnaður, matvælamál og skógrækt .....</b> | <b>55</b> |
| <b>15. Samstarf við nágrannasvæðin .....</b>                        | <b>60</b> |
| <br>  |           |
| <b>16. Norrænar stofnanir á Íslandi .....</b>                       | <b>62</b> |
| 16.1. Norræna húsið .....   | 62        |
| 16.2. Norræna eldfjallasetrið .....                                 | 66        |
| <br>  |           |
| <b>17. Norrænar lánastofnanir .....</b>                             | <b>69</b> |
| 17.1. Norræni fjárfestingarbankinn (NIB) .....                      | 69        |
| 17.2. Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO) .....            | 72        |
| 17.3. Norræni verkefnaútflytningssjóðurinn (Nopef) .....            | 74        |
| 17.4. Norræni þróunarsjóðurinn (NDF) .....                          | 75        |
| 17.5. Lánasjóður Vestur-Norðurlanda .....                           | 77        |
| <br>  |           |
| <b>II MEGINÞÆTTIR NORRÆNU FJÁRLAGANNA 2006 .....</b>                | <b>79</b> |

Niðurröðun efnis er í samræmi við fjárlög Norrænu ráðherranefndarinnar og skipulag skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar

## I. SKÝRSLA SAMSTARFSRÁÐHERRA UM STÖRF NORRÆNU RÁÐHERRANEFNDARINNAR 2006

### 1. Inngangur

Norðmenn gegndu formennsku í Norrænu ráðherranefndinni árið 2006. Í formennskuáætlun sinni settu þeir norðursvæði Evrópu í öndvegi, ásamt norræna velferðarkerfinu og nokkrum lykilhugtökum eins og þekkingu, endurnýjun og verðmætasköpun.

Frá því að þing Norðurlandaráðs var haldið í Reykjavík haustið 2005 hefur ráðherranefndin náð margvíslegum árangri og áföngum í starfsemi sinni:

Gerð var úttekt á *stöðu sjálfstjórnarlandanna* í norrænu samstarfi. Umræðan um bættu stöðu þeirra í norrænu samstarfi heldur áfram með því markmiði að úrbótatillögur verði lagðar fyrir þing Norðurlandaráðs haustið 2007.

Verkefni til *stuðnings námsmönnum frá Hvíta-Rússlandi* hófst á árinu. Frá árinu 2005 hafa ráðherranefndin og Evrópusambandið (ESB) staðið straum af námskostnaði fyrir 350 námsmenn við European Humanities University (EHU) í Vilniús. Haustið 2006 voru 200 námsmenn til viðbótar teknir inn í EHU-verkefnið auk þess sem ákveðið var að gefa 100 námsmönnum kost á að sækja um sérstaka námsstyrki á vegum ráðherranefndarinnar og ESB til náms í Úkraínu.

Rennt var sterkari stöðum undir *starfsemi ráðherranefndarinnar í Rússlandi* og verkefni betur afmörkuð. Nú er áhersla einkum lögð á starfsdvalir rússneskra borgara á Norðurlöndum og myndun tengslaneta, stuðning við frjáls félagasamtök í Rússlandi, Eystrasaltsríkjunum og Hvíta-Rússlandi og samstarf þeirra við félagasamtök á Norðurlöndum, stuðning við fjárfestingar norrænna smáfyrirtækja fyrir atbeina Norræna verkefnaútflutningssjóðsins (NOPEF) og þátttöku í samstarfi innan ramma Norðlægu viddarinnar. Ný skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar var opnuð í Kalíníngrad.

Samstarfið við *Eystrasaltsríkin* hélt áfram að þróast í jafnræðisátt. Frá 2008 verða Eystrasaltsríkin þátttakendur í Nordplus styrkjakerfinu á sviði menntunar til jafns við Norðurlönd. Skiptidvalaráætlun fyrir starfsmenn ráðherranefndarinnar og Eystrasaltsráðsins (CBSS) var sett á laggirnar á haustmánuðum.

Ákveðið var að styrkja starfsemina á *norðurskautssvæðinu* í tilefni af alþjóðlega heimskautarárinu 2007–2008. Norðurskautsrannsóknir eru sérlega mikilvægar í þessu samhengi. Tímabundinn starfshópur skipaður af fulltrúum frá Bandaríkjunum, Kanada, Rússlandi og Norðurlöndum á að koma með tillögur um frekari rannsóknir og menntunartilboð.

Á árinu var haldið áfram að auka samstarf Norðurlanda á sviði *rannsókna og nýsköpunar*. NordForsk, Nordic Innovation Center (NICe) og Norrænar orkurannsóknir eru burðarásar þess samstarfs. Norræna ráðherranefndin átti frumkvæðið að ESB-verkefninu „Baltic Sea Innovation Network“ sem er rekið af 13 aðilum frá 10 löndum á Eystrasaltssvæðinu. Í samstarfi við ESB hélt ráðherranefndin ráðstefnu um auknar fjárfestingar í rannsóknum

og nýsköpun í þeim tilgangi að stuðla að framþróun norræna nýsköpunar- og rannsóknarsvæðisins NORIA (Nordic Innovation and Research Area) sem hluta af evrópska rannsóknarsvæðinu ERA (European Research Area). Verið er að gera tilraunir með markvissari rannsóknarverkefni í löndunum.

Með því að leggja til norræna fjármuni hefur *NordForsk* (*Norræna rannsóknarráðið*) tekist að kveikja umtalsverðan áhuga hjá rannsóknarráðum landanna á að fjárfesta í norrænum rannsóknarverkefnum. Það sést best á því að nú er verið að byrja á tveim umfangsmiklum norrænum verkefnum, „Matur, næring, heilsa“ og „Velferð“. Á fimm ára tímabili hyggst NordForsk leggja allt að 90 millj. n.kr. í fyrri verkefnið og allt að 75 millj. n.kr. í hið síðarnefnda.

Á vegum ráðherranefndarinnar er unnið að verkefni sem hefur það markmið að safna þekkingu og reynslu af *neytendastýrðri nýsköpun*. Flest ríkin á Eystrasaltssvæðinu taka þátt í verkefninu.

Umfangsmiklu rannsóknarverkefni um *velferð á Norðurlöndum* lauk á árinu. Eftirfylgni við verkefnið miðast við nokkur afmörkuð svið. Nú er unnið að rannsóknarverkefni um velferð á vettvangi NordForsk.

Tilraunaverkefnið *Nordic Masters* – norrænar mastersgráður – var kynnt til sögunnar á árinu. Markmiðið er að skilgreina og þróa styrkleika Norðurlanda á sviði æðri menntunar.

Gerð var rannsókn á *flæði vinnuafis* í kjölfar stækkunar ESB. Aukið samstarf Norðurlanda í þessum málaflokki mun taka mið af rannsókninni.

Ráðherranefndin hóf samstarf við breiðan hóp hagsmunaaðila á Norðurlöndum um verkefnið „*Ny Nordisk Mad*“. Markmið samstarfsins er að kynna norræna matarhefð sem einn af styrkleikum Norðurlanda.

Ráðherranefndin jók þátt sinn í starfi sem miðar að því að koma í veg fyrir *ólöglegar og óskráðar fiskveiðar á hafsvæðum Norðurlanda*. Rannsókn er hafin á lagalegum skilyrðum þess að unnt sé að bæta eftirlit með höfnum og einnig á að kortleggja þá efnahagslegu hagsmuni sem liggja að baki ólöglegum og óskráðum fiskveiðum.

Sú mikilvæga spurning hvernig Norðurlönd geti aðlagð sig hlýnun andrúmsloftsins varð á árinu miðlægari en áður í samstarfinu um stefnu í loftslagsmálum. Jafnframt var unnið að loftslagsrannsóknnum sem eiga að stuðla að því að Norðurlönd geti komið sterk inn í samningaviðræður um alþjóðlegt samkomulag sem á að taka gildi eftir 2012 þegar Kyoto-samningurinn rennur út.

Aðgerðir gegn *stjórnsýsluhindrunum* héldu áfram á árinu. Búið er að tilnefna tvo fulltrúa á sviði heilbrigðis- og félagsmála og atvinnumála en þeir eiga að fylgja eftir því starfi sem fulltrúi samstarfsráðherranna, Poul Schlüter fyrrverandi forsætisráðherra Danmerkur, sinnti áður. Hafin er rannsókn á efnahagslegum afleiðingum stjórnsýsluhindrananna.

Kynntar voru úrbætur á þeirri tölfraedi sem sýnir *flæði norrænna borgara* yfir landamærin vegna vinnu eða náms. Tölfraedin er hluti af aðgerðum ráðherranefndarinnar gegn stjórnsýsluhindrunum á norrænum landamærum.

Áætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um *sjálfbæra þróun* var bætt með því að mótaðir voru umhverfisvísar til þess að mæla framvindu og árangur.

Umhverfisvísarnir voru meðal annars kynntir fyrir ESB í tengslum við áætlun sambandsins um sjálfbæra þróun.

Endurskoðun var gerð á *norræna menningarsamstarfinu* sem hefur nú fengið nýja og bætta ásýnd. Samstarfið fer nú að mestu fram innan ramma tímabundinna verkefna. Verkefni um tölvuleiki var sett á laggirnar á árinu. Hin árvissa ráðstefna „Nordic Game“ laðar að sér fólk í þróunarvinnu, rannsókn-um og stefnumótun, en segja má að ráðstefnan hafi fest sig í sessi sem einn mikilvægasti vettvangur sinnar tegundar í Evrópu. Ákvörðun var tekin um að á árinu 2007 verði farið af stað með starfsdvalarverkefni annars vegar og lista- og menningarverkefni hins vegar.

Undirrituð var *yfirlýsing um tungumálastefnu* í þeim tilgangi að styrkja stöðu norrænu tungumálanna og skilning á þeim.

Samín var norræn aðgerðaráætlun um *heilsu og lífsgæði* sem á að styrkja samstarf Norðurlanda um lýðheilsu.

Haldið var áfram að kanna möguleikana á samstarfi um *sameiginlega framleiðslu á bóluþefni gegn fuglaflensu*. Bent hefur verið á nokkra möguleika á sameiginlegum aðgerðum Norðurlanda hvað þetta varðar.

Aðgerðir ráðherranefndarinnar í málefnum *barna og ungmenna* voru endurskoðaðar. Nú er m.a. lögð áhersla á að leita leiða til að fá ungmenni sem eru ekki af norrænum uppruna til þess að taka þátt í norrænu samstarfi.

Lokið var við umfangsmikla könnun á áhrifum *klámvæðingar* á það hvernig drengir og stúlkur skynja kynferði. Um leið gefur könnunin mikilvægar upplýsingar um notkun ungmenna á nýjum miðlum.

Skipaðir voru tveir nýir *vinnuhópar um endurnýjanlega orku og um orkusparnað*. Þetta er til merkis um að styrkleiki Norðurlanda á orkusviðinu hefur pólitískt vægi í samstarfinu, en vinnuhóparnir eiga að koma með framlag Norðurlanda til orkumálastefnu Evrópu.

Áfram var unnið að því að gera störf *Norrænu ráðherranefndarinnar nútímalegri og skilvirkari*. Vinna hófst við að endurskoða stofnanakerfi ráðherranefndarinnar á félagsmálasviðinu.

Á árinu voru lögð drög að nýjum starfsháttum í *fjarlagagerðinni* vegna ársins 2008 og unnið að því að *bæta og styrkja ímynd* Norrænu ráðherranefndarinnar og norræns samstarfs út á við.

## 2. Samstarf forsætisráðherra Norðurlanda

Forsætisráðherrar Norðurlanda áttu tvo fundi á starfsárinu, óformlegan samfund sem haldinn var á Svalbarða 19. júní og formlegan fund 31. október í tengslum við þing Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn. Sama dag áttu forsætisráðherrarnir fundi með stjórnarleiðtogum Álands, Færeyja og Grænlands og forsætisnefnd Norðurlandaráðs, en daginn áður fund með forsætisráðherrum Eistlands, Lettlands og Litháens.

Ráðherrarnir fjölluðu að venju um þau mál sem hæst bar í norrænu sam-

starfi, samstarfinu við Eystrasaltsríkin og Norðvestur-Rússland, málefni ESB og Evrópska efnahagssvæðisins (EES) auk alþjóðlegra málefna og þá sérstaklega málefni Sameinuðu þjóðanna.

Málefni norðlægra svæða og samstarf sem að þeim snýr var til umræðu á fundum ráðherranna enda voru þau í brennidepli í formennskuáætlun Norðmanna. Meðal annars var í því sambandi vikið að gildi aukins samstarfs Norrænu ráðherreráðgjafarinnar við Norðurskautsráðið m.a. vegna Alþjóðlega heimskautaársins 2007–2008.

Mikilvægi þeirrar starfsemi sem snýr að Norðvestur-Rússlandi var áréttað og bent á að brýnt væri að nýta hina nýstofnuðu skrifstofu ráðherreráðgjafarinnar í Kalíníngrad auk þeirrar sem fyrir er í Pétursborg til að vinna að forgangsmálum í Rússlandssamstarfinu. Þá var lýst stuðningi við liðveislu ráðherreráðgjafarinnar við hvítrússneska útlagaháskólann (EHU) í Vilníus og samstarfið við ESB um málefni skólans.

Bent var á að áfram þyrfti að vinna að því að einfalda og hagræða í starfsemi Norrænu ráðherreráðgjafarinnar á sama hátt og nú er leitast við að hagræða í starfsemi Sameinuðu þjóðanna en ráðherrarnir voru sammála um að brýn þörf væri á að hagræða í störfum Sameinuðu þjóðanna þó mörg ljón stæðu í vegi fyrir nauðsynlegum aðgerðum.

Forsætisráðherrarnir fjölluðu á fundi sínum 31. október um það hver tæki við af Per Unckel framkvæmdastjóra Norrænu ráðherreráðgjafarinnar þegar hann léti af störfum um áramót 2006/2007 og sameinuðust um að Halldóri Ásgrímssyni fyrrverandi forsætisráðherra skyldi boðin staðan.

Á fundi forsætisráðherranna með forsætisráðherrum Eystrasaltsríkjanna var rætt um gang aðildarviðræðna ESB við umsóknarríkin. Forsætisráðherra Íslands lýsti ánægju yfir opnu upplýsingaflæði milli ESB og EES og kvaðst vona að stækkunarferli ESB leiddi til þess að hinar langvinnu deilur Tyrklands og Kýpur leystust.

Í umræðu á fundinum með forsætisráðherrum Eystrasaltsríkjanna um orkumál í Evrópu kom fram að rík áhersla væri lögð á að minnka þörfina á innfluttri orku og því væri mikils vert að öll aðildarríkin ættu aðkomu að evrópsku orkuneti. Þá væri brýnt að í orkusamningum ESB við Rússland væri grundvallarreglum markaðarins fylgt og sjálfbærni og öryggi í dreifingu höfð að leiðarljósi.

Á fundi forsætisráðherranna með stjórnarleiðtogum sjálfstjórnarlandanna lýstu Færeyjar eftir stuðningi Íslands og Noregs við aðildarumsókn sína að EFTA og forsætisráðherrar Íslands og Noregs lýstu fullum stuðningi við hana.

Staða sjálfstjórnarlandanna var til umræðu á öllum fundum forsætisráðherranna. Ráðherrarnir töldu mikilvægt að staða þeirra í norrænu samstarfi yrði styrkt sem mest innan þeirra marka sem Helsingforssamningurinn setur. Einnig var því beint til Danmerkur og Finnlands að kanna grannt hvað þau gætu gert einhliða til að styrkja stöðu þeirra í samstarfinu. Á fundi forsætisráðherranna með stjórnarleiðtogum sjálfstjórnarlandanna kom fram að Grænland æskti þess að fá fulla aðild að Norðurlandaráði og aðild að Norrænu ráðherreráðgjafarinnar á þeim sviðum sem landið hefði fengið fullt forræði yfir. Þetta studdi

Áland. Af hálfu Færeyja kom fram að það væri full aðild bæði að ráðinu og ráðherranefndinni, sem Færeyingar hefðu sótt um og á það vildu þeir láta reyna. Á fundi forsætisráðherranna með forsætisnefnd kom fram að forsætisnefnd hefði ekki fremur en forsætisráðherrarnir komist að endanlegri niðurstöðu varðandi breytingar á Helsingforssamningnum en að hún teldi nauðsynlegt að fá úr því skorið hvaða umbætur væri unnt að gera án þess að ráðast í breytingar á samningnum. Niðurstaða forsætisráðherranna var að samstarfsráðherrarnir skyldu kanna til hlítar strax að loknu þingi Norðurlandaráðs hvaða möguleikar væru fyrir hendi.

### 3. Störf samstarfsráðherra Norðurlanda

#### *Hlutverk.*

Forsætisráðherrar Norðurlanda móta meginstefnuna í norrænu samstarfi ásamt samstarfsráðherrum Norðurlanda (MR-SAM). Samstarfsráðherrarnir bera síðan ábyrgð á að framkvæma þá stefnu en hún kemur hvað skýrast fram í norrænu fjárlögunum. Fjárlögin eru mikilvægasta einstaka tæki þeirra til að framfylgja settum markmiðum, en fjárlögin eru unnin í samráði við Norðurlandaráð. Samstarfsráðherrarnir bera einnig ábyrgð á ýmsum þverfaglegum samstarfsmálum á borð við sjálfbæra þróun, aðgengismál fatlaðra, málefni barna og ungmenna, málefni norðurskautsins og aðgerðir gegn stjórnsýsluhindrunum. Þá er alþjóðlegt samstarf Norrænu ráðherranefndarinnar einnig á ábyrgðarsviði samstarfsráðherranna, en undir það fellur m.a. samstarfið við ESB, þar sem áætlunin um Norðlægu víddina gegnir veigamiklu hlutverki, og samstarf við önnur fjölþjóðleg samtök. Alþjóðlegt samstarf ráðherranefndarinnar hefur aukist mjög á undanförunum árum og má fastlega gera ráð fyrir að sú þróun muni halda áfram.

Norræna samstarfsnefndin (NSK) starfar í umboði norrænu samstarfsráðherranna og undirbýr fundi þeirra. Þá er nefndin jafnframt stjórn aðalskrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar sem hefur aðsetur í Kaupmannahöfn.

#### *Fjárlög Norrænu ráðherranefndarinnar.*

Norrænu fjárlögin árið 2006 voru samtals 839,643 millj. d.kr. á verðlagi þess árs en voru 825,893 millj. d.kr. árið 2005. Að raunvirði var fjárhagsramminn þó óbreyttur miðað við 2005 ef undan er skilið að uppsafnað lausafé sem nam 10 þús. d.kr. (m.v. verðlag 2005) var ekki lengur til ráðstöfunar fyrir Norrænu ráðherranefndina. Í samræmi við ákvörðun samstarfsráðherranna þar að lútandi var horfið frá þeirri ráðstöfun sem tekin var upp árið 2001 um að færa fjárlögin í þrepum á greiðslugrunn og nýta þannig jákvæða lausafjárstöðu Norrænu ráðherranefndarinnar. Á árabílinu 2001–2005 voru löndin árlega krafín um samtals 10 millj. d.kr. lægra framlag en sem nam fjárlagaupphæðinni hverju sinni. Við það myndaðist óinnleyst krafa á löndin sem nam 50 millj. d.kr. og var hún afskrifuð árið 2005. Að því er varðar fjárlög 2006 var því um 10 millj. d.kr. raunvirðislækkun að ræða milli ára.



Endurskipulagning á innri starfsemi Norrænu ráðherra- nefndarinnar, sem m.a. fólst í því að fagráðherra- nefndum var fækkað úr 18 í 11, hafði ekki áhrif á upphæð fjárlaganna enda var það ekki takmarkið með breytingunum. Markmið breytinganna voru aukin hagræðing, meiri skilvirkni og betri nýting á norrænum fjármunum. Á undanförunum árum hefur það einnig einkennt norræna fjárlagaferlið að losa sem mest um fjármuni til að ná fram þeim sveigjanleika sem er nauðsynlegur til að bregðast skjótt og vel við nýjum áskorunum í samstarfinu.

Ein mikilvægasta breytingin sem orðið hefur á norrænu samstarfi á undanförunum árum er að það beinist í æ ríkari mæli út á við. Meginstefnan í fjárlögum ársins 2006 bar þessu glöggt vitni. Efling samstarfs við grannríki og svæði, samstarf við ESB og önnur samtök ásamt aðgerðum til að efla Norðurlönd og Eystrasaltssvæðið sem sameiginlegan markað eru í forgrunni. Einnig njóta forgangs aðgerðir til að auka samkeppnisfærni Norðurlanda í alþjóðlegri samkeppni, bæði á sviði nýsköpunar og rannsókna. Í því sambandi skiptir ekki hvað síst máli að ryðja úr vegi þeim stjórnsýsluhindrunum sem enn er að finna á Norðurlöndum. Lögð er áhersla á að nýta það samkeppnisforskot sem felst í gamalgrönu norrænu samstarfi.

#### *Nýskipan í fjárlagagerð Norrænu ráðherra- nefndarinnar.*

Í framhaldi af því að innleitt var nýtt innra skipulag í starfsemi Norrænu ráðherra- nefndarinnar var hafist handa við að endurskoða fjárlagaferlið með það að markmiði að aðlaga það nýjum veruleika, færa það í nútímalegra horf og ná fram meiri einföldun og betri yfirsýn. Norrænu fjárlagasérfræðingunum, en þann hóp skipa fulltrúar úr fjármálaráðuneytum landanna, var falið að gera úttekt á norrænu fjárlögum og koma með tillögur til úrbóta. Einnig skyldi hópurinn hafa samráð við Norðurlandaráð, sem kom á framfæri ábendingum og óskum um úrbætur. Fyrstu tillögur fjárlagasérfræðinganna voru kynntar á fundi samstarfsráðherra- nefndarinnar í desember og varða þær m.a. verkefnastjórnun og ráðstöfunarrétt á verkefnafé, pólitíska skírskotun í fjárlögum ráðherra- nefndarinnar, útlit fjárlaganna (þ.e. umbrot og texta), lausafjárstöðu ráðherra- nefndarinnar og framreikning á framlögum landanna. Lokatillögurnar verða til umfjöllunar á fyrsta fundi ráðherra- nefndarinnar 2007.

#### *Norræna launa- og starfsmannanefndin (Löne- och personalutskottet).*

Nefndin er ráðgefandi fyrir samstarfsráðherra Norðurlanda en fjármálaráðuneyti á fulltrúa í nefndinni fyrir Íslands hönd (sjá nánar um nefndina í kafla 12).

#### *Norðurlönd – sigursvæði á heimsvísu.*

Síðla hausts 2005 kom út skýrslan „Norden som en global vinderregion – På sporet af den nordiske konkurrencemodell“. Það voru Norræna ráðherra- nefndin og danska útgáfufyrirtækið Mandag Morgen sem stóðu að útgáfunni. Markmiðið með þessari útgáfu var að koma með innblástur og örva umræðuna um samkeppnishæfni Norðurlanda sem sérstaks svæðis í hnattvæddum heimi.

Óhætt er að fullyrða að þetta hafi tekist en skýrslan vakti talsverða athygli og var stöðugt í norrænni umræðu á árinu. Skýrsluhöfundar leituðu til 27 aðila sem þeir töldu vera skoðanamyndandi í samfélaginu – „opinionsdannere“ – og báðu þá að meta efnahagshorfur og tækifæri Norðurlanda á heimsvísu. Á grundvelli þess eru settar fram nokkrar ábendingar eða ráðleggingar um það hvernig Norðurlönd geti bætt samkeppnisstöðu sína með því að snúa bókum saman og stilla saman strengi, standa vörð um norræna samfélagsgerð og að notfæra sér þann auð sem felst í sameiginlegri menningu, hefðum og gildismati Norðurlandabúa.

Skýrslan var í aðalhlutverki á þingi Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn þegar forsætisráðherrar Norðurlanda og leiðtogar stærstu stjórnarandstöðuflokkanna ræddu hana á norrænum leiðtogafundi á fyrsta degi þingsins.

*Samstarf ráðherranefndarinnar við frjáls félagasamtök á Norðurlöndum, í Rússlandi, Hvíta-Rússlandi, Póllandi og Eystrasaltsríkjunum.*

Í starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar er nokkur hefð fyrir því að kalla frjáls félagasamtök til ráðuneytis um stefnumótun og ákvarðanatöku í mikilvægum málum. Á árinu var mótuð ný stefna um samstarf og samráð ráðherranefndarinnar, annars vegar við frjáls félagasamtök á Norðurlöndum og hins vegar við frjáls félagasamtök í Rússlandi, Hvíta-Rússlandi og Eystrasaltsríkjunum. Jafnframt var samþykkt áætlun um fjárstuðning við félagasamtök í síðar-töldu löndunum fyrir tímabilið 2006–2008. Í báðum tilvikum var stefnumótunin unnin í samráði við fulltrúa frjálsra félagasamtaka í viðkomandi löndum. Frjáls félagasamtök eru skilgreind sem landssambönd sem sameinast í regnhlífarsamtök og hafa bæði þann stöðugleika og bakland sem hlýtur að teljast nauðsynlegur fyrir trúverðugleika þeirra.

Nýja stefnan byggir í fyrsta lagi á því að gefa félagasamtökum á Norðurlöndum færi á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri áður en ráðherranefndin tekur mikilvægar ákvarðanir, í öðru lagi á samstarfi fagráðherranefnda við frjáls félagasamtök á ákveðnum sviðum norræns samstarfs (málefni fatlaðra, málefni barna og ungmenna o.s.frv.) og í þriðja lagi á samstarfi frjálsra félagasamtaka á Norðurlöndum við hliðstæð samtök í Eystrasaltsríkjunum, Póllandi, Rússlandi og Hvíta-Rússlandi en í því tilviki er unnt að sækja um fjárstuðning til Norrænu ráðherranefndarinnar. Mikil áhersla er lögð á að styðja við samstarf norrænna og rússneskra/hvítrússneskra félagasamtaka enda er það talin ein besta leiðin til að styðja við lýðræðisöflin í þeim löndum.

*Staða sjálfstjórnarlandanna í norrænu samstarfi.*

Staða Færeyja, Grænlands og Álandseyja hefur verið til umfjöllunar í hópi samstarfsráðherranna með hlém frá því í lok árs 2002 þegar Færeyingar tilkynntu þá ákvörðun sína að sækja um fulla aðild að Norðurlandaráði og Norrænu ráðherranefndinni. Forsætisráðherra Dana kynnti málið á sumarfundi norrænu forsætisráðherranna 2003 og í kjölfarið ákváðu þeir að vísa málinu til samstarfsráðherranna. Það hefur síðan verið í vinnslu bæði hjá Norrænu ráðherranefndinni og Norðurlandaráði. Er það bæði viðkvæmt og flókið viður-

eignar í þjóðréttarlegum skilningi og margar mismunandi hliðar sem taka verður tillit til. Má þar og nefna spurninguna um hugsanlegar breytingar á Helsingforssamningnum og einnig að tengsl sjálfstjórnarlandanna við móðurlöndin eru á margan hátt ekki hin sömu.

Í lok árs 2005 náðist samstaða um að skipa norrænan starfshóp sérfræðinga á sviði lögfræði og þjóðréttarfræði sem var falið að kortleggja á hlutlausan hátt hina raunverulegu stöðu sjálfstjórnarlandanna gagnvart móðurlöndunum, norrænum samningum sem og reglugerðum og starfsháttum bæði Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar. Hópurinn skilaði úttekt um málið sem var lögð fram til kynningar á fundi samstarfsráðherranna í júní. Í kjölfarið var úttektin send til umsagnar í löndunum. Málið hefur verið rætt í hópi samstarfsráðherranna á haustmánuðum án þess að endanleg niðurstaða liggi fyrir. Talin er þörf á að kanna frekar þær hindranir sem standa í vegi fyrir fullri aðild sjálfstjórnarlandanna að Norrænu ráðherranefndinni og Norðurlandaráði. Stefnt er að því að tillögur liggi fyrir á þingi Norðurlandaráðs í Ósló í lok október 2007.

#### *Áætlun um sjálfbæra þróun – umhverfisvísar 2006.*

Samstarf Norðurlanda um sjálfbæra þróun fer eftir rammaáætlun sem gildir til ársins 2020, en samhliða eru mótaðar skammtímaáætlanir sem gilda fjögur ár í senn. Núgildandi áætlun nær yfir tímabilið 2005–2008. Í tengslum við áætlunina hefur verið lögð mikil vinna í að móta vísa þar sem leitast er við að sýna með tölulegum vísbendingum hvernig miðar í átt til sjálfbærrar þróunar og eru Norðurlönd í fararbroddi í mótun slíkra mælitækja. Á árinu voru í annað sinn gefnar út slíkar tölulegar vísbendingar og voru þær kynntar víða utan Norðurlanda, m.a. á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, ESB og OECD sem framlag Norðurlanda til alþjóðlegs samstarfs um sjálfbæra þróun.

Umhverfisráðuneytið kemur að samstarfinu um sjálfbæra þróun fyrir Íslands hönd (sjá nánar um umhverfismál, kafla 13).

#### *Opnun skrifstofu í rússneska héraðinu Kalínígrad.*

Skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar í Kalínígrad var opnuð formlega 14. september að viðstöddum fulltrúum stjórnvalda í Kalínígrad, framkvæmdastjóra Norrænu ráðherranefndarinnar og norrænna ráðherra. Daninn Arne Grove er framkvæmdastjóri skrifstofunnar og er að því stefnt að hún nái jafn góðri fótfestu á svæðinu og raun hefur orðið með skrifstofuna í Pétursborg, að ógleymdum skrifstofunum í Tallinn, Ríga og Víníus.

#### *Aðgerðir gegn stjórnsýsluhindrunum.*

Það var álit samstarfsráðherranna að enn um sinn væri verk að vinna við að ryðja úr vegi stjórnsýsluhindrunum á norrænum landamærum. Þessar hindranir koma niður á bæði almennum borgurum og norrænum fyrirtækjum. Að tillögu Norðmanna, sem fóru með formennsku í Norrænu ráðherranefndinni á árinu, var ákveðið að þróa nýjar starfsaðferðir til að kljást við þessi viðfangsefni, en Poul Schlüter, sem verið hafði sérstakur erindreki samstarfsráðherr-

anna í málinu skilaði umboði sínu í byrjun árs eftir þriggja ára árangursríkt starf.

Hin nýja nálgun á stjórnsýsluhindranirnar byggir á útnefningu sérstakra fulltrúa sem hafa bæði sérþekkingu á viðkomandi sviðum og pólitískt vægi. Þeir fá umboð norrænu ríkisstjórnanna til að knýja á um það bæði heima fyrir og á norrænum vettvangi að óþarfa hindrunum sé rutt úr vegi á hinum ýmsu sviðum samstarfsins. Þegar hafa verið útnefndir fulltrúar sem munu reka á eftir aðgerðum er varða viðskipta- og atvinnulífið og á sviði félags- og heilbrigðismála. Miðað er við að umboð fulltrúanna renni út fyrir þing Norðurlandaráðs 2008, en að þeir gefi í fyrsta sinn skýrslu um störf sín á þingi ráðsins haustið 2007.

#### *Rússlandssamstarfið – þekkingaruppbygging og myndun tengslaneta.*

Á fjárlögum ársins 2006 voru tæplega 87,3 millj. d.kr. ætlaðar í samstarfið við nágrannaríki og -svæði, eða það sem í fjárlagatextanum er kallað „nabopolitik“. Í samræmi við Rússlandsáætlun ráðherranefndarinnar sem gekk í gildi í byrjun ársins var áformað að af þessum fjármunum yrði 30,5 millj. d.kr. varið til þekkingaruppbyggingar og myndunar tengslaneta í Norðvestur-Rússlandi og einnig eftir atvikum í Hvíta-Rússlandi. Norrænum starfshópi var falið að móta tillögur um hvernig þessum fjármunum yrði best varið og lagði hann til að mótuð yrði áætlun um vistaskipti og starfsdvalir fyrir rússneska borgara og að hún næði að einhverju leyti einnig til hvítússneskra borgara. Þannig myndu einstaklingar, hópar, fyrirtæki og stofnanir geta sótt um styrk til Norrænu ráðherranefndarinnar til þess að fjármagna fræðsluferðir og kynnisdvalir á vinnustöðum og stofnunum á Norðurlöndum.

Meginútlínur fyrir áætlun þessa efnis voru samþykktar á fundi samstarfsráðherranna um miðjan júní og var síðan unnið að nánari útfærslu hennar á haustmánuðum. Endanleg áætlun lá fyrir og var samþykkt á desemberfundi ráðherranna, en hún miðast við eftirtalin áherslusvið og markhópa: samstarf á sveitarstjórnarstigi, baráttu gegn mansali, félagsmálasamstarf, orkumálasamstarf, dómstóla- og ákærvaldssamstarf, rannsóknarsamstarf, menntasamstarf, vaxtarmöguleika lítilla og meðalstórra fyrirtækja, blaðamanna- og fjölmiðlasamstarf, menningarsamstarf, þingmannasamstarf og starfskynningar í norrænum stofnunum. Áætlunin verður kynnt í Rússlandi og Hvíta-Rússlandi og kemur að fullu til framkvæmda í byrjun árs 2007, en tekið skal fram að hún nær hvorki til opinberra starfsmanna né stjórnvalda í Hvíta-Rússlandi.

#### *Námsstyrkjakerfi fyrir hvítússneska námsmenn.*

Aðstoð við hvítússneska námsmenn var framhaldið á árinu en ráðherranefndin hefur frá 2005 styrkt útlagaháskólann European Humanities University (EHU) í samstarfi við ESB, Finnland, Svíþjóð og ýmis samtök. Við háskólann, sem er nú starfræktur í Vilníus, stunda um 350 hvítússnesk ungmenni nám, en skólanum var á sínum tíma lokað af hvítússneskum stjórnvöldum og hann gerður útlægur frá Minsk þar sem hann hafði aðsetur sitt.

Á haustmánuðum tóku Norræna ráðherranefndin og ESB höndum saman

um að hleypa af stokkunum nýju verkefni til stuðnings hvítrússneskum námsmönnum. Um er að ræða námsstyrkjakerfi sem verður starfrækt næstu þrjú árin. Á tímabilinu er gert ráð fyrir að samtals 305 ungmenni fái styrk til að sækja sér menntun annars vegar við EHU og hins vegar við úkraínskar háskólastofnanir. Með þátttöku sinni í þessu nýja verkefni tvöfaldar ráðherranefndin stuðning sinn við hvítrússneska stúdenta. Með tilkomu nýja námsstyrkjakerfisins er áætlað að fjölgun nemenda við EHU verði á næstu árum um 200.

#### *Óformlegt samstarf.*

Á árinu kom til framkvæmda nýtt skipulag í norrænu samstarfi, en mikilvægasta breytingin var að ráðherranefndum fækkaði úr 18 í 11 (sjá nánar sk. samst.ráðh. 2005, bls. 3). Ýmist voru fagráðherranefndir lagðar niður, eða sameinaðar öðrum nefndum. Að ákvörðun samstarfsráðherranna gafst þeim nefndum sem voru lagðar niður kostur á að sækja um fjármuni til samstarfsverkefna úr sérstökum aðlögunarsjóði. Auk þess gátu þær sótt sér einhverja skrifstofuaðstoð til skrifstofu ráðherranefndarinnar, en sérfræðiaðstoð lagðist af.

Ráðherranefnd um neytendamál var ein þeirra nefnda sem lagðist formlega af. Í kjölfarið ákváðu neytendamálaráðherrarnir að stofnsett skyldi nefnd tengiliða þeirra ráðuneyta sem fara með neytendamál á Norðurlöndum, Nordisk konsumentgruppe. Nefndinni var falið að hafa umsjón með framkvæmd samstarfsáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar um neytendamál 2005–2010 sem samþykkt var af ráðherrunum árið 2004. Samtímis var hvatt til þess að samstarfsaðilar í hinu norræna tengslaneti á sviði neytendamála skyldu vinna áfram að gagnlegum samnorrænum verkefnum með fjárstyrk úr aðlögunarsjóði þegar það ætti við eða beint á milli stofnana og samtaka sem starfa að neytendamálum á Norðurlöndum. Á árinu voru veittir nokkrir styrkir til óformlegs samstarfs um neytendamál og auk þess skipulagði Nordisk konsumentgruppe hugmyndaping þar sem m.a. var rætt um nánari framkvæmd samstarfsáætlunarinnar svo og hugmyndir að verkefnaumsóknum úr aðlögunarsjóði.

Unnt verður að sækja um fjármuni úr aðlögunarsjóði 2007, en óvíst er hvaða háttur verður hafður á styrkveitingum eftir það.

#### *Samstarf við Norðurlandaráð.*

Samstarfið við Norðurlandaráð var með ágætum á árinu, en það varðaði einkum undirbúning fjárlaganna. Samstarfsráðherrarnir leggja ríka áherslu á samráð við ráðið á öllum stigum fjárlagagerðarinnar og átti formaður þeirra nokkra fundi með fulltrúum fjárlagahóps ráðsins þar sem framvinda fjárlagavinnunnar var kynnt og ráðinu gafst jafnóðum kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum og óskum um pólitískar áherslur. Með þessu náðist mjög góð sátt um fjárlögin 2007 sem voru samþykkt endanlega á Norðurlandaráðsþingi sem kom saman í 58. sinn í Kaupmannahöfn 31. október – 2. nóvember. Forsætisráðherrar Norðurlanda áttu fund með forsætisnefnd Norðurlandaráðs í tengslum við þinghaldið og einnig áttu varnar- og utanríkisráðherrarnir fund með forsætisnefnd við sama tækifæri. Þá átti samstarfsráðherra fund með

eftirlitsnefnd Norðurlandaráðs þar sem málefni Vestur-Norðurlanda voru til umræðu. Haldinn var tvíhliða fundur samstarfsráðherra með forseta Norðurlandaráðs og forseta norska Stórþingsins þar sem rætt var um ytri ramma norræns samstarfs. Þá hitti forseti Norðurlandaráðs einnig forsætisráðherra á tvíhliða fundi.

Í lok þings Norðurlandaráðs voru ný og eldri tilmæli ráðsins samtals 33 og hefur þeim fækkað enn samanborið við hin fyrri ár. Átta tilmælum er beint til norrænu ríkisstjórnanna, þar af eru sjö tilkomin á árinu. Kemur það í hlut þess lands sem fer með formennsku hverju sinni að svara þeim. Öðrum tilmælum er beint til Norrænu ráðherranefndarinnar og skiptast þau eftir efni á mismunandi fagsvið. Svörum við tilmælum Norðurlandaráðs er árlega skilað í lok júní.

#### *Formennskuáætlun Finnlands 2007: Norræn tækifæri – innan seilingar.*

Um áramótin 2006/2007 tóku Finnar við formennsku í Norrænu ráðherranefndinni og var formennskuáætlun þeirra venju samkvæmt lögð fram til kynningar á þingi Norðurlandaráðs. Með réttu áttu Finnar að fara með formennsku í ráðherranefndinni 2006, en þar sem fyrirsjáanlegt var að þeir myndu á sama tíma gegna formennsku í ESB féllust Norðmenn á að skipta við þá. Formennsku þeirra í ESB lýkur því um leið og þeir taka við leiðandi hlutverki í norrænu samstarfi. Þessi skipti endurspeglast að einhverju leyti í formennskuáætluninni. Formennska Finnlands í Barentsráðinu 2007 hefur hér einnig áhrif.

Á formennskuárinu ætla Finnar að leggja áherslu á norrænt samstarf í evrópsku og alþjóðlegu samhengi. Norrænt samstarf hnattvæðist og í sameiningu geta Norðurlönd mætt þeim áskorunum sem hljótast af hratt vaxandi alþjóðlegri samkeppni. Mikilvægt er að nýta norrænt samstarf til þess að byggja upp Norðurlönd sem sameiginlegt svæði og að efla samkeppnisfærni þeirra og aðdráttarafl sem eitt markaðssvæði. Í því sambandi benda Finnar á að ryðja þurfi úr vegi óþarfa stjórnsýsluhindrunum sem komið geti í veg fyrir að þessi markmið náist. Máli skiptir að efla norrænar stofnanir eins og NordForsk og NICE til þess að stuðla að myndun öflugss norræns heimamarkaðar. Áhersla er lögð á að þetta gerist á sjálfbæran hátt og að áfram verði farið að yftrustu kröfum um umhverfisvernd. Finnar vilja efla enn frekar samstarfið við önnur fjölþjóðleg samtök á svæðinu og ná fram bættri verkaskiptingu við þau.

Í formennskuáætlun sinni leggja Finnar áherslu á aukin áhrif borgaranna á störf Norrænu ráðherranefndarinnar. Í því sambandi telja þeir mikilvægt að bæta upplýsingaflæðið frá ráðherranefndinni til almennings. Áhersla er og lögð á bættu möguleika Norðurlandabúa til að fara í náms- og starfsdvalir í öðru norrænu landi og að þetta sé sérstaklega mikilvægt fyrir norrænt samstarf þar sem kynslóðaskipti eigi sér stað í röðum embættismanna sem við það hafi fengist.

Norðlæga víddin er einnig í lykilhlutverki í formennskuáætlun Finnlands, sem vill sjá beina tengingu milli hinnar norrænu og evrópsku málefna dagskrár. Finnar telja að hugmyndin um Norðlægu víddina sameini allar þær þjóðir sem búa nyrst í Evrópu, jafnt ESB-lönd, EES-lönd og þau lönd sem standa utan

við formlegt evrópsk samstarf, en þar er Rússland e.t.v. mikilvægast. Innan ramma Norðlægu víddarinnar er nú þegar unnið að ýmsum mikilvægum verkefnum, s.s. á sviði heilbrigðismála, umhverfismála, orkumála og upplýsingamála. Þetta samstarf vilja Finnar styrkja enn frekar og stefna þeir að því á formennskuárinu að marka stefnu til lengri tíma um Norðlægu víddina á norrænum vettvangi.

Nánar má lesa um formennskuáætlun Finnlands á heimasíðu Norrænu ráðherranefndarinnar ([www.norden.org](http://www.norden.org)).

#### 4. Norðurlandasamstarf utanríkisráðuneytisins

Utanríkisráðherrar Norðurlanda funda að jafnaði fjórum sinnum á ári. Það norrænu landanna sem fer með formennsku í Norrænu ráðherranefndinni býður til tveggja ráðherrafunda á ári, í apríl og ágústmánuði, og er annar þeirra sameiginlegur fundur ráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna. Auk þess funda utanríkisráðherrarnir reglulega í upphafi þings Norðurlandaráðs og við setningu allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna. Í lok síðasta áratugar varð um það samkomulag milli norrænu landanna, með tilliti til nýrra aðstæðna í Evrópu, að gagnlegt væri að halda reglulega samráðsfundi varnarmálaráðherra Norðurlanda. Varnarmálaráðherrarnir funda að jafnaði tvisvar á ári en utanríkisráðherra hefur farið með þann málaflokk hvað Ísland varðar.

Norðurlandasamstarfið er byggt á traustum grunni og hefur það endurnýjast með tilkomu grannríkjasamstarfs og sér í lagi með dýpri samvinnu við Eystrasaltsríkin og með þátttöku í Eystrasaltsráðinu, Barentsráði og Norðurskautsráði. Þá er gert ráð fyrir auknu samráði við önnur norræn lönd í ljósi nýrra aðstæðna í öryggismálum Íslands.

Samskipti utanríkisþjónustu norrænu landanna eru umsvifamikil og regluleg og ná til flest allra málaflokka. Á þeim stöðum þar sem öll norrænu löndin eru til staðar með sendiráð og fastanefndir hjá alþjóðastofnunum eru haldnir reglulegir samráðsfundir, stundum vikulega eða oft, þar sem skipst er á upplýsingum og afstaða til einstakra mála samræmd svo sem mögulegt er. Sendiráð norrænu landanna erlendis koma við ákveðin tækifæri fram sem heild þegar mikilvægum skilaboðum er komið á framfæri við viðkomandi stjórnvöld. Þetta samstarf, sem er viðtekinn þáttur í starfsemi utanríkisráðuneyta Norðurlanda, hefur einnig leitt til þess að í mörgum málaflokkum skilgreina aðrar þjóðir „norræna“ afstöðu. Eystrasaltsríkin taka síaukinn og mikilvægan þátt í þessu samstarfi og fylgja oft en ekki afstöðu Norðurlanda á alþjóðavettvangi.

Þar sem Noregur átti með höndum formennsku í Norrænu ráðherranefndinni á árinu, var fyrri fundur utanríkisráðherranna haldinn á Svalbarða dagana 18.–20. apríl með þátttöku Geirs H. Haarde, þáverandi utanríkisráðherra. Á fundinum skýrði utanríkisráðherra Danmerkur frá stöðunni er varðar hið svonefnda skopteikningamál og mótmælaöldunni gegn Dönun í Mið austurlöndum. Lagði ráðherrann áherslu á að mikilvægt væri að fram færi samræða milli

menningarheima en ekki væri hægt að draga úr þeim gildum og mannréttindum sem giltu í hinum vestræna heimi.

Rætt var um komandi formennsku Noregs í Norðurskautsráðinu næstu tvö árin, en formennskan verður í höndum norrænu landanna til ársins 2012. Í formennskutíð sinni leggja Norðmenn áherslu á að ráðið fjalli um umhverfisstaðla og loftlagsbreytingar auk þess sem þeim er mikið í mun að stofna skrifstofu fyrir ráðið í Tromsø. Talið er sérstaklega mikilvægt fyrir samstarfið að Bandaríkin og Rússland taki áfram þátt og sjái sér hag af því. Eitt af meginverkefnum norrænnar formennsku sé að tryggja að svo verði.

Fjallað var sérstaklega um réttarstöðu Svalbarða og auðlindanýtingu á fundinum og reifaði Geir H. Haarde utanríkisráðherra sjónarmið Íslands í því máli. Öryggismál á norðurslóðum voru einnig til umræðu þar sem gerð var grein fyrir samningaviðræðum Íslands og Bandaríkjanna. Lögð var áhersla á nauðsyn þess að efla samstarf og samráð um öryggi í siglingum og viðbúnað ríkja við Norður-Atlantshaf til að bregðast við fyrirsjáanlegri mikilli aukningu sjóflutninga á Norður-Íshafi og Norður-Atlantshafi í tengslum við auðlindanýtingu á norðurslóðum, ekki sist olíu- og gasvinnslu. Þá var fjallað um stuðning og aukið samstarf varðandi neyðaraðstoð af völdum stórslysa eða náttúruhamfara og að efla ræðismannatengslin í því skyni.

Rætt var ítarlega um málefni Sameinuðu þjóðanna, ástandið í Mið-Austurlöndum og framtíð friðarferlisins, kjarnorkuvopnaáætlun Írans og nýafstaðnar kosningar í Hvíta-Rússlandi. Gerð var grein fyrir undirbúningi að framboði Íslands til öryggisráðsins og stuðningsaðgerðum hinna norrænu landanna vegna þess. Var ákveðið að styrkja ennfremur samráð landanna hjá fastanefndunum í New York.

Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra tók þátt í utanríkisráðherrafundi Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna (NB8) í Ósló dagana 24. og 25. ágúst. Að venju einkenndist sá fundur af undirbúningi og samhæfingu fyrir setningu allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna í septembermánuði. Danir, sem nú eiga sæti í öryggisráðinu, drógu nokkuð dökka mynd af framgangi helstu viðfangsefna ráðsins á þeim tíma, þ.á m. ástandinu í Líbanon, málefnum Ísraels, Palestínu og Súdans auk kjarnorkumála Írans. Störf ráðsins eru að miklu leyti háð vilja þeirra fimm ríkja sem eiga fastasæti í því og halda á neitunarvaldi þannig að samþykki þeirra allra er nauðsynlegt til að niðurstaða fái í mikilvægum málum. Kína hefur undanfarið látið mun meira til sín taka í öryggisráðinu sem gerir það á stundum enn erfiðara að ná samstöðu í veigamiklum málum.

Á allsherjarþinginu hefur árangursleysi í þremur málum einkum valdið vonbrigðum; ekki hefur tekist að ná samstöðu um alþjóðlega stefnu gegn hryðjuverkum, kjarnorkumál Norður-Kóreu og Írans og endurbætur á öryggisráðinu.

Auk Súdans var fjallað um eftirlitssveitirnar í Srí Lanka (SLMM) sem nú eru alfarið á vegum Noregs og Íslands eftir að hinar þrjár Norðurlandaþjóðirnar hættu þátttöku í ágústmánuði.

Samvinna NB8 um aðgerðir gegn mansali og starfshópur ríkjanna átta frá árinu 2003 til að efla þessar aðgerðir hefur verið til fyrirmyndar og stuðlað að



Því að hugarfarsbreyting hefur átt sér stað. Valgerður Sverrisdóttir skýrði frá því að Ísland stefndi að því að fullgilda sáttmála Evrópuráðsins gegn mansali á næsta ári.

Í framhaldi af fundinum í Ósló hittust utanríkisráðherrar Norðurlanda í New York þann 20. september í tilefni af setningu allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna þar sem ofangreind málefni voru reifuð frekar. Þar undirrituðu utanríkisráðherrar Íslands, Noregs og Danmerkur, auk lögmanns Færeyja, einnig samkomulag um afmörkun landgrunns í Síldarsmugunni.

Á fundi utanríkisráðherranna þann 1. nóvember í tengslum við setningu þings Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn voru málefni norðurslóða aðalefni og þá sérstaklega samstarfið innan Norðlægrar víddar. Leiðtogafundur Norðurskautsráðsins síðar í nóvembermánuði stefndi að því að samþykkja ramma sem styrki þetta samstarf enn frekar með ákvörðun varanlegra markmiða í stað tímabundinna framkvæmdaáætlana. Einnig er það talið mikilvægt skref að Ísland, Noregur og Rússland færast nú formlega inn í samstarfsferli ESB á þessu sviði.

Noregur gerði grein fyrir áherslum sínum í formennskunni í Norðurskautsráðinu og nefndi þar afgerandi mikilvægi stjórnunar á orkumálum og öðrum auðlindum Barentshafsins. Mikilvægt sé að tryggja nýtingu náttúruauðlinda, öryggi flutninga og umhverfismál. Stjórnun fiskveiða á svæðinu er einnig afar mikilvæg.

Valgerður Sverrisdóttir skýrði frá síðustu þróun í varnar- og öryggismálum Íslands og frá endanlegri brottför varnarliðsins frá Keflavíkurflugvelli. Á fundinum kom fram staðfastur áhugi utanríkisráðherra Noregs og Danmerkur á að kanna forsendur fyrir nánara samstarfi við Ísland varðandi öryggi sjóflutninga, gæslu og björgun á hafi og nýtingu öryggissvæðisins á Keflavíkurflugvelli. Þá var fjallað um þau málefni Sameinuðu þjóðanna sem efst eru á baugi og stöðu framboðs Íslands til öryggisráðsins.

Sama dag fór einnig fram fundur utanríkisviðskiptaráðherra Norðurlanda en á þeim fundi var m.a. ákveðið að endurvekja fundi viðskiptastjóra Norðurlanda sem voru aflagðir þegar Finnland og Svíþjóð gerðust aðilar að ESB.

Varnarmálaráðherrar norrænu landanna funda tvisvar á ári, þar af einu sinni með varnarmálaráðherrum Eystrasaltsríkjanna. Ráðherrarnir fjalla á náinn og óformlegan hátt um sameiginlega hagsmuni, þ.á m. friðargæslu og aðrar traustvekjandi aðgerðir auk grannríkjasamstarfs. Þátttaka af Íslands hálfu er að jafnaði á stigi sendiherra sem fulltrúa utanríkisráðherra.

## 5. Menningarmál

Norræna ráðherranefndin (MR-K), sem í situr af hálfu Íslands Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra, hélt tvo fundi á árinu auk sérstaks fundar með útvarpsstjórum Norðurlanda um útvarp í almannabágu og stafræna þróun hljóðvarps og sjónvarps.

Helstu áherslur Norðmanna á formannsári þeirra var þróun norrænna tölvu-

leikja og stafrænt sjónvarp, aðgangur barna og ungs fólks að listum og menningu, tengsl menningar og viðskiptalífs og menningarleg fjölbreytni. Héldu Norðmenn vel sóttar ráðstefnur um þessi viðfangsefni. Þá var unnið áfram að því að þróa norrænan málskilning og undirrituðu ráðherrarnir yfirlýsingu um tungumálastefnu sem samþykkt var á árinu.

Meginviðfangsefni ráðherranefndarinnar var þó að ljúka við endurskipulagningu á menningarsamstarfi Norrænu ráðherranefndarinnar, sem hefur átt sér stað á síðastliðnum tveim árum í samráði við embættismannanefndina (EK-K). Gömlu listanefndirnar og stofnanir þeim tengdar hafa verið lagðar niður og unnið hefur verið að því að fella starfsemi þeirra að hinu nýja skipulagi. Ný menningarstofnun „Kulturkontakt Nord“ tók til starfa um sl. áramót og er aðsetur hennar í Sveaborg í Finnlandi. Er stofnuninni ætlað að annast umsýslu þeirra verkefna sem Norræna ráðherranefndin hefur ákveðið. Stjórn stofnunarinnar er skipuð þremur fulltrúum og verður Ísland með varamann í stjórn fyrstu þrjú árin. Meginverkefnið eru nú þrjú. Fyrst ber að nefna ferða- og dvalarstyrki listamanna með um 120 millj. ísl.kr. til ráðstöfunar. Þá var á árinu tekin ákvörðun um nýtt lista- og menningarverkefni frá og með ársbyrjun 2007. Er verkefnið ætlað til stuðnings starfandi listamönnum og þeim sem eru í fyrirsvari fyrir stofnanir og samtök á sviði lista og menningarstarfs. Til ráðstöfunar á árinu 2007 verða um 240 millj. ísl.kr. Þá er einnig áhersla lögð á verkefni sem ætlað er að styrkja tölvuleikjagerð og samstarf á því sviði á Norðurlöndum. Um 100 millj. ísl.kr. er nú varið til þess verkefnis árlega.

Norrænu menningarhúsin og þær norrænu menningarstofnanir sem ekki hafa verið lagðar niður hafa notið góðs af endurskipulagningunni og starfsemi þeirra verið styrkt fjárhagslega, en einnig hefur þeim verið falið aukið hlutverk. Þar má nefna Norrænu menningarstofnunina í Finnlandi (NIFIN) sem hefur fengið það hlutverk að sjá um barnamenningarnetsíðuna „Valhalla“, sem hefur verið starfrækt í tíu ár á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar ([www.valhalla.norden.org](http://www.valhalla.norden.org)). Þá mun Norðurlandahúsið í Færeyjum (NHFØ) annast í framtíðinni framkvæmd norrænu tónlistarverðlaunanna. Nýr forstjóri Norræna hússins í Reykjavík tók við um áramótin 2006/2007.

Í tengslum við skipulagsbreytingarnar fól ráðherranefndin vinnunefnd embættismanna það verkefni að skila skýrslu um hvernig þátttaka sjálfstjórnarlandanna í hinu nýja skipulagi og hinna smærri málsamfélaga yrði sem best tryggð í framtíðinni. Megin tillögur nefndarinnar snúa að því að tryggja sjálfstjórnarlöndunum þátttöku í nefndum ráðherranefndarinnar á jafnræðisgrundvelli, að efla starfsemi norrænu húsanna og að tryggt verði að upplýsingar um starfsemina frá „Kulturkontakt Nord“ séu ávallt fyrirliggjandi á öllum norrænu tungumálunum.

Þá var á árinu stofnað norrænt samstarfsnet þeirra aðila sem standa fyrir útrás norrænnar tónlistar. Stendur til að norrænu löndin muni sameiginlega standa að kynningum norrænnar tónlistar í Bandaríkjunum og Asíu með stuðningi Norrænu ráðherranefndarinnar. Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar er fulltrúi Íslands í þessu samstarfi.

*Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn.*

Sjóðurinn er sjálfstæð stofnun á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar en auk hennar eru aðilar að sjóðnum allar kvikmyndastofnanir á Norðurlöndum og ríkissjónvarpsstöðvar auk einkastöðva í öllum löndum nema Finnlandi. Norræna ráðherranefndin borgar bróðurpartinn, en aðrir aðilar hlut samkvæmt norræna reiknistuðlinum.

Íslenskir aðilar að sjóðnum eru Kvikmyndamiðstöð Íslands, RÚV-Sjónvarp og Stöð 2. Aðrir aðilar eru Svensk filminstitut, TV4 og SVT í Svíþjóð; Norsk film fond, TV2 og NRK í Noregi; Dansk filminstitut, TV2 og DR í Danmörku og Finnish Film Foundation og YLE í Finnlandi. Stjórnina skipa fulltrúar aðilanna, annarra en ráðherranefndarinnar. Aðsetur sjóðsins er í Ósló og eiga norsk lög við um rekstur hans.

Markmið Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðsins er að efla kvikmyndagerð á Norðurlöndum með því að taka þátt í lokafjármögnun framleiðslu á leiknum kvikmyndum, leiknu sjónvarpsefni, stuttmyndum og listrænum heimildarmyndum. Til að hljóta styrk verða verkefni að hafa fengið brautargengi heima fyrir með styrk úr kvikmyndasjóði eða með fjármögnun og staðfestu vilyrði um sýningu í sjónvarpsstöð sem er aðili að sjóðnum. Þá þurfa myndirnar að vera líklegar til að hljóta dreifingu og höfða til áhorfenda á Norðurlöndum.

Sjóðnum er einnig ætlað að efla kvikmyndagerð með styrkjum til þróunar einstakra verkefna, dreifingar í kvikmyndahús sem hefur verið gert með sérstökum styrkjum til dreifingarfyriertækja, kynningar og þýðinga á önnur Norðurlandamál.

Sjóðurinn ráðstafar jafnframt fjárframlögum Norrænu ráðherranefndarinnar til menningarlegra viðburða í tengslum við kvikmyndir, t.d. kvikmynda-hátíða og ýmiss konar námskeiða fyrir norrænt fagfólk.

Við veitingu styrkja er lagt mat á verkið sjálft út frá listrænum og markaðslegum forsendum, en ekki er um kvóta að ræða eða um ákveðið hlutfall á milli þjóðanna né hvernig þeim er skipað í lið lista- og tæknifólks sem að verkinu kemur. Sérstakur gaumur er gefinn að barna- og unglíngamyndum.

Eftirfarandi íslensk verkefni hlutu styrk á árinu:

- „Veðramót“. Handrit og leikstjórn: Guðný Halldórsdóttir.
- „The Good Heart“. Handrit og leikstjórn: Dagur Kári.
- „Duggholufólkið“. Handrit og leikstjórn: Ari Kristinsson.
- Framleiðslustyrkur/Stuttmynd: „Bræðrabylta“. Handrit og leikstjórn: Grímur Hákonarson.
- Dreifingarstyrkur í Noregi: „Elleve menn ut“ (Strákarnir okkar). Leikstjóri: Robert Douglas.
- Dreifingarstyrkur í Svíþjóð: „Voksne mennesker“ (Dark Horse). Leikstjóri: Dagur Kári.

Nánari upplýsingar um Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðinn má nálgast á heimasíðu hans ([www.nftf.net](http://www.nftf.net)).

*Um norræna menningarsjóðinn.*

Tilgangur sjóðsins er að styrkja menningarsamvinnu Norðurlanda með því að veita styrki til ákveðinna menningarverkefna á Norðurlöndum og til norræna verkefna í öðrum löndum. Stjórn sjóðsins skipa þrettán fulltrúar, tveir frá hverju norrænu ríkjanna fimm, annar tilnefndur af Norðurlandaráði og hinn af Norrænu ráðherranefndinni auk eins fulltrúa frá hverju sjálfstjórnarlandanna þriggja: Færeyjum, Grænlandi og Álandseyjum. Fulltrúar Íslands í lok árs voru Arnbjörg Sveinsdóttir alþingismaður og Stefán Baldursson leikstjóri.

Á árinu var úthlutað alls tæplega 25 millj. d.kr. til verkefna eða um það bil rúmlega 300 millj. ísl.kr. Áf hálfu Íslands var sótt um styrki til margvíslegra verkefna. Íslendingar mega vel við una við úthlutanir á árinu. Tæplega helmingur íslensku umsóknanna hlaut brautargengi meðan um það bil þriðjungur sænskra, danskra, finnskra og norskra umsókna hlutu styrk. Í hlut Íslands komu rúmlega 20 millj. ísl.kr., sem dreifðust á 16 verkefni. Þá tengist Ísland mörgum umsóknum hinna landanna þótt Íslendingar séu þar ekki sjálfir umsækjendur. Auk þess að veita styrki til umsækjenda menningarverkefna á sjóðsstjórnin sjálf frumkvæði að nokkrum stórum verkefnum. Annað hvert ár er veitt verulegri styrkupp hæð til norrænnar safnasýningar og var fyrsta sýningin opnuð í Stokkhólmi í lok nóvember 2005. Bar hún nafnið: „Kongóspor – Kongó á Norðurlöndum – Norðurlöndin í Kongó.“ Yfir 40 þúsund munir og minjar frá Afríkuríkinu Kongó eru til á söfnum á Norðurlöndum og fjallar sýningin um afskipti norræna manna í Kongó og áhrif kongóskrar menningar á Norðurlönd.

Nú er í undirbúningi næsta sýning, sem opnuð verður í maí 2007 og ber hún heitið: „Bjartar nætur – dimmir dagar“ (Nætter av lys – dage av mørke) og fjallar um áhrif bjarttra nóttu og myrkra daga á menningarlíf þeirra þjóða og þjóðarbrotu sem búa norðan heimskaupsbaugs. Sýningarnar eru í heild sinni eða að hluta til farandsýningar sem ferðast milli landanna.

Þá lauk á sl. ári þriggja ára könnun og rannsóknarvinnu á vegum sjóðsins á skilningi ungs fólks á Norðurlöndum á skandinavísku málunum þremur: dönsku, sænsku og norsku, auk ensku. Um 1800 þátttakendur tóku þátt í þessari könnun og hefur hún nú verið gefin út á bók á vegum sjóðsins undir heitinu: „Håller språket ihop Norden?“. Í rannsókninni er staðfest að skilningur ungs fólks á tungumálum nágrannaþjóðanna fer minnkandi miðað við foreldrakynslóðina, sem einnig tók þátt í könnuninni. Íslensk ungmenni koma allvel út úr könnuninni miðað við jafnaldra sína annars staðar á Norðurlöndum. Hafa niðurstöðurnar verið kynntar víða á norrænum vettvangi á vegum sjóðsins.

Á árinu var stigið lokaskrefið í að hafa öll samskipti við umsækjendur rafræn, þannig að einungis er nú tekið við umsóknum í rafrænu formi og hefur þessari breytingu verið vel tekið. Með þessu móti hefur tækifærum til að sækja um í sjóðinn verið fjölgað.

Frekari upplýsingar og fréttir af starfi Norræna menningarsjóðsins er að finna á heimasíðu sjóðsins ([www.nordiskkulturfond.org](http://www.nordiskkulturfond.org)).

Eftirfarandi íslenskar umsóknir hlutu styrk úr Norræna menningarsjóðnum á árinu:

- „Unger i myra“. Ráðstefna og bókmenntahátíð um réttindi barna og ungmenna á sviði bókmennta og menningar. Norrænir rithöfundar halda fyrirlestra og heimsækja skóla. Haldið á vegum Norræna hússins í Reykjavík.
- Ráðstefna norrænna sagnfræðinga. Haldin á vegum Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands.
- Glíma. Kynningar- og sýningarferð Ungmennafélags Íslands til Danmerkur og Svíþjóðar til kynningar á íslenskri glímu og mikilvægi hennar sem norrænnar menningararfleifðar.
- Tónlistarhátíð með tónlist frá endurreisnartímanum. Haldin í Danmörku með íslenskum og sænskum hljóðfæraleikum.
- Leiklistarhátíð daufdumbra. Alþjóðleg leiklistarhátíð daufdumbra með áherslu á Norðurlönd. Haldin á Akureyri á vegum leikhópsins Draumasmiðjunnar.
- Norræn vitafélagsráðstefna. Haldin í Stykkishólmi á vegum Íslenska vitafélagsins með þátttöku frá norrænu vitafélögunum, þar sem unnið er að uppbyggingu og nýtingu gamalla vita sem menningarsetra.
- Gula „gullið“ og viðskipti á miðöldum. Rannsóknarfundir og samskipti á vegum Minjasafns Akureyrar, þar sem kannað er mikilvægi brennisteinsnotkunar og -verslunar á miðöldum út frá fornminjauppgreiftri á Gásum í Eyjafirði.
- Garðarsstofa á Húsavík. Sýningin Garðarshólmi, sem haldin verður á nýstofnuðu Garðarssetri á Húsavík og fjalla mun um fund Íslands, siglingar og skipasmíðar á landnámstímanum.
- Norræn þjóðbúningaráðstefna. Ráðstefna og þjóðbúningasýning haldin í Reykjavík á vegum Þjóðbúningaráðs með þátttöku allra Norðurlanda.
- „Kvarts“. Finnisk gler- og leirlist. Sýning tveggja frægra finnskra gler- og leirlistarkvenna á vegum Hönnunarsafns Íslands.
- „Øvelser i at berøre“. Farandsýning á norskri myndlist haldin á vegum Norræna hússins í Reykjavík.
- Vestnorrænt handverk og listiðnaður. Farandsýning sem fer á milli Norðurlanda og til Berlínar. Umsækjandi: Akureyrarbær sem aðili að þessu vestnorræna verkefni.
- Norræn frásagnarráðstefna. Félag sagnaþula í Reykjavík heldur norræna ráðstefnu.
- Kórahátíðin „Mystik og musik“. Kórahátíð haldin í Garðabæ á vegum Tónmenntakennarafélags Íslands með þátttöku 500 barna og ungmenna frá Norðurlöndum.
- Norrænt mót um munnlega sagnahefð. Haldið í Reykjavík á vegum nýstofnaðrar deildar munnlegrar sögu við Háskóla Íslands.
- Norræn ráðstefna um heimilisiðnað. Ráðstefna haldin á vegum Heimilisiðnaðarfélags Íslands um varðveislugildi gamalla hefða og kunnáttu í heimilisiðnaði sem hvata og hugmyndagjafa í nútíma- og framtíðarhönnun.

## 6. Jafnréttismál

Árið var fyrsta starfsárið samkvæmt nýrri samstarfsáætlun fyrir tímabilið 2006–2010 sem ber yfirskriftina „Með áherslu á kyn er stefnt að jafnréttissamfélagi“. Samkvæmt samstarfsáætluninni verða tvö megin svið í fyrirrúmi, þ.e. kyn og völd og kyn og æska. Auk þess verður lögð áhersla á að fjalla um menningu og miðlun út frá sjónarhorni kynferðis.

### *Ráðherrafundur.*

Fundur í Norrænu ráðherranefndinni um jafnréttismál (MR-JÄM) var haldinn í Tönsberg 10. maí sl. og var meginviðfangsefni fundarins kyn og völd ásamt umfjöllun um jafnréttismál ungs fólks í samræmi við samstarfsáætlunina. Drög að hvítbók um áherslur og væntingar norræns æskufólks í jafnréttismálum voru lögð fram. Hópur ungmenna frá norrænu löndunum hefur fundað og rætt stöðu og horfur í jafnréttismálum í þeim tilgangi að auka umræðu og meðvitund ungs fólks um mikilvægi þess að drengir og stúlkur eigi jafna möguleika í framtíðinni.

Fjallað var um sænska rannsókn á möguleikum þess að taka upp ákvæði um kynjakvóta í hlutfélagalögin í Svíþjóð. Skýrsla sem heitir „The Nordic 500 Women Board Directors and Executive Directors“ var kynnt og fjallað var um hlut kvenna í stjórnnum fyrirtækja á Norðurlöndum. Í tengslum við umfjöllun um konur og völd ákváðu jafnréttisráðherrarnir að fela norrænu embættismannanefndinni um jafnréttismál (EK-JÄM) að kanna möguleika á því að hrinda af stað verkefni árið 2007 er varðar leiðtoga á Norðurlöndum með hliðsjón af kynferði. Verkefnið yrði unnið í samvinnu við Norrænu nýsköpunarmiðstöðina og Norrænu rannsóknastofuna í kynja- og kvennafræðum.

Nýtt embætti umboðsmanns jafnréttis- og mannréttindamála í Noregi var kynnt á fundinum en jafnréttismál og málefni samkynhneigðra, innflytjenda, fatlaðra og aldraðra voru sameinuð frá 1. janúar 2006 undir einum hatti þessa embættis.

Í framhaldi af ráðherrafundinum var haldinn ráðherrafundur með jafnréttisráðherrum Eystrasaltsríkjanna og var samstarfsáætlun á sviði jafnréttismála fyrir árin 2007–2008 samþykkt.

### *Ráðstefnur og skýrslur.*

Á 50. fundi kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna í New York í febrúar stóðu norrænu jafnréttisráðherrarnir fyrir sérstökum fundi um völd kvenna og þátttöku í stjórn málum.

Lokabáttur rannsóknarverkefnis um klámvæðinguna var ráðstefna sem haldin var í Ósló í september undir heitinu „Hur påverkar pornografin flickors och pojkars uppfattning om kön“. Á ráðstefnunni var lögð fram skýrslan „Unge, kön og pornografi i Norden“ (ANP; 2006:749).

Samræmdar aðgerðir til að vinna gegn mansali („Koordinerad indsats til bekæmpelse av kvinnehandel“) var heiti á ráðstefnu sem var haldin í Ósló í

september á vegum þeirra þriggja embættismannanefnda sem fjalla um jafnréttis-, félags- og löggjafarmál.

Embættismannanefndin hefur á síðastliðnum árum átt gott samstarf við Norðvestur-Rússland og á árinu átti embættismannanefndin aðild að ráðstefnu í Pétursborg í byrjun nóvember sem bar heitið „Nordic cooperation, gender equality and sustainable development in the EU's Northern Dimension Region“. Ráðstefnan var haldin í samvinnu við yfirvöld í Pétursborg og var ætluð fólki sem starfar í nefndum um félags- og jafnréttismál.

Rannsóknarverkefni um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða við fjárlagagerð á Norðurlöndum lauk á árinu með lokaráðstefnu og skýrslu. Markmiðið með verkefninu er að gera áætlanir og kynna aðferðir sem nota má til að tryggja að jafnréttissjónarmið verði höfð að leiðarljósi við fjárlagagerð á Norðurlöndum, en slík sjónarmið eru talin mikilvægt tæki til að stuðla að þróun í átt til aukins jafnréttis. Lokaráðstefnan var haldin í október í Helsingfors og skýrslan „Integrering av ett köns- och jämställdhetsperspektiv i de nordiska statsbudgeterna“ (TemaNord 2006:531) var lögð fram.

Í nóvember sl. var haldin ráðstefna á Álandseyjum um málefni fjölskyldunnar og velferðarkerfið undir heitinu „Familie- og velfærdsordninger i Norden – ulike modeller og deres konsekvenser for likestilling mellom kjönnene“. Á ráðstefnunni var kynnt yfirlit yfir stefnumótun landanna í velferðar- og fjölskyldumálum ásamt greiningu á stöðu og þróun mála.

#### *Rannsóknir og rannsóknarverkefni.*

Norræna stofnunin fyrir kvenna- og kynjarannsóknir (NIKK) sem fjármögnuð er af ráðstöfunarfé embættismannanefndarinnar hrindir í framkvæmd, styður og samhafir kvenna-, karla- og kynjarannsóknir á Norðurlöndum og utan þeirra auk þess sem hún tekur þátt í að mynda samnorrænan grundvöll fyrir kynjarannsóknir. Embættismannanefndin fjallaði um starfsemi NIKK og stefnumótun samfara endurnýjun samnings um rekstur stofnunarinnar. Norræna stofnunin fyrir kvenna- og kynjarannsóknir gefur út ársfjórðungslega blað um kynjarannsóknir og sinnir fjölþættum rannsóknum. Vísað er til heimasíðu stofnunarinnar ([www.nikk.uio.no](http://www.nikk.uio.no)) í því sambandi.

## **7. Löggjafarsamstarf**

Norrænt samstarf dómsmálaráðuneytanna um löggjafarmálefni byggir að meginstefnu til annars vegar á samstarfsáætlun og hins vegar formennskuáætlunum sem gefnar eru út ár hvert.

Norrænir dómsmálaráðherrar (MR-Lov) hittast einu sinni á ári. Að öðru leyti á samstarfið sér stað undir yfirstjórn norrænu embættismannanefndarinnar um löggjafarsamstarf (EK-Lov) þar sem unnið er að samræmingu samstarfsins, sameiginleg hagsmunamál rædd og enn fremur ný eða væntanleg löggjöf og styrkir veittir til einstakra norrænna verkefna. Um einstök réttarsvið eða álitafni er fjallað í vinnuhópum, sem skipaðir eru embættismönnum eða

sérfræðingum í ráðuneytunum. Þá kemur fyrir að embættismannanefndin setji á laggirnar sérstaka vinnuhópa sem fá fjárveitingu af norrænum fjárlögum.

Dómsmálaráðherrarnir starfa samkvæmt samstarfsáætlun sem samþykkt var árið 2005. Í áætluninni koma fram megináherslur norræns löggjafarsamstarfs og þær meginreglur sem það byggir á. Samstarfið miðar m.a. að því að styrkja lýðræði í ákvarðanatökufærli á Norðurlöndum og auka réttaröryggi þeirra sem búa eða dveljast þar. Í áætluninni kemur fram að löggjafarsamstarfið eigi að miða við „norrænt notagildi“. Miðað skuli að samræmingu löggjafar, þó ekki þannig að reglur eigi endilega að vera þær sömu. Umfang, nauðsyn og eðli samstarfs um löggjöf á Norðurlöndum geti verið mismikið á hinum ýmsu sviðum réttarins. Á sviði einkamálaréttar hafi verið hefð fyrir að ná sérlega víðtækri samræmingu löggjafar. Þessu samstarfi beri að halda áfram og þróa frekar. Auk þess sé vaxandi þörf fyrir norrænt samstarf á sviði refsiréttar og löggæslu. Á þeim réttarsviðum þar sem ekki megi búast við samræmingu löggjafar, t.d. vegna mismunandi siðferðislegs gildismats eða munar á stjórnskipun, geti eigi að síður verið gagnlegt að skiptast á upplýsingum og miðla reynslu. Loks er í samstarfsáætluninni fjallað um hlutverk norræns löggjafarsamstarfs í evrópsku og öðru alþjóðlegu samhengi, en það er í stuttu máli að láta að sér kveða þegar tækifæri gefst og ástæða er til.

Þá var á árinu starfað samkvæmt formennskuáætlun Norðmanna. Helstu áhersluatriði er varðar löggjafarsamvinnu snéru meðal annars að því að beina sjónum að brotum barna og ungmenna, sömuleiðis að því er varðar brot gegn börnum þar sem gerandi nær sambandi við þau í gegnum netið, baráttunni gegn spillingu og sáttamiðlun í einkamálum.

Árlegur fundur dómsmálaráðherranna var haldinn í Utstein-klaustri skammt frá Stavanger í Noregi hinn 20. júní sl. Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra, sat fundinn og gerði ráðherrunum meðal annars grein fyrir nýskipan lögreglumála á Íslandi, sem Alþingi samþykkti 2. júní sl., sbr. lög nr. 46 13. júní 2006. Ráðherrann ræddi einnig um aukin verkefni dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og stofnana á þess vegum, lögreglu, landhelgisgæslu og björgunarmiðstöðvar vegna brottfarar varnarliðsins. Hann fagnaði góðu samstarfi við danska varnarmálaráðuneytið vegna öryggisgæslu og björgunarverkefna á sjó og landi, samvinnu við Svía við ákvarðanir vegna nýrrar flugvélar fyrir landhelgisgæsluna og við Norðmenn við ákvarðanir um björgunarþylur auk þess sem Danir og Norðmenn hefðu veitt mikla aðstoð við ákvarðanir um nýtt varðskip. Að frumkvæði Svía ræddu ráðherrarnir heimildir lögreglu til að beita sérstökum rannsóknaraðferðum og nauðsyn þess, að skýr lagaákvæði stæðu að baki slíkum heimildum. Þá var rætt um aukið samstarf saksóknara á Norðurlöndum og Finnar gerðu grein fyrir áherslum sínum í ESB þegar þeir fóru með forsæti þar síðari hluta ársins. Í umræðum um þessar hugmyndir tók Björn Bjarnason fram, að hann teldi það geta skapað vanda bæði innan ESB og Schengensamstarfsins að flytja refsirétt og samstarf á því sviði undir meiri hlutaákvarðanir innan ESB.

Þá voru áherslumál rædd að venju í eftirtöldum óformlegum starfshópum sem ekki fá fjárveitingu af norrænum fjárlögum: sérfræðingahópi um sifjarétt,



starfshópi ráðuneytanna um refsirétt og starfshópi um endurskoðun norræna reglna um fullnustu refsidóma (sbr. lög um fullnustu refsidóma, sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð o.fl. nr. 69 12. desember 1963).

Einnig var starfandi starfshópur um samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna og er hans helsta hlutverk að undirbúa fundi dómsmálaráðherra þessara ríkja sem að jafnaði eru haldnir einu sinni á ári. Ekki var haldinn fundur að þessu sinni. Í áðurnefndri samstarfsáætlun norrænu dómsmálaráðherranna segir að samstarfið við Eystrasaltsríkin hafi áður fyrr miðað að því að stuðla að þróun í átt að lýðræði í Eystrasaltsríkjunum og efla sameiginlegt réttarfar, en það hafi þróast í þá átt að vera samstarf átta jafnréttihárra ríkja (NB8) í ljósi þess að áframhaldandi og náði samstarf á svæðinu sé mikilvægt í stækkuðu ESB og gagnvart ríkjum utan ESB.

### *Málefni flóttamanna.*

Samráðsnefnd háttsettra embættismanna um málefni flóttamanna (NSHF) fjallar um stefnumótun í málum flóttamanna. Samráðsnefndin hefur komið saman síðan laust eftir 1990 og fundar tvisvar á ári og er sá fundur, sem haldinn er í júní, jafnan haldinn daginn fyrir árlegan fund norræna ráðherra sem fara með útlendingamál og málefni flóttamanna. Upphaflega var eingöngu fjallað um málefni hælisleitenda og flóttamanna, en fljótlega þróaðist samstarfið í að verða alhliða samstarfsvettvangur ráðuneyta sem að útlendingamálum koma á Norðurlöndum. Fara þar einnig fram upplýsingaskipti milli stjórnvalda um málefni útlendinga almennt, þar á meðal um móttöku flóttamanna, um breytingar á framkvæmd mála er varða flóttamenn, ákvarðanatöku í slíkum málum, heimflutning, tölfræðiupplýsingar o.fl. Samstarf er einnig um öflun upplýsinga vegna aðstæðna í löndum þaðan sem flóttamenn koma, m.a. með miðlun skýrslna sem sendinefndir einstakra landa gera. Þá er haft samráð um ýmis atriði er varða útlendingaeftirlit, m.a. með hliðsjón af norræna vegabréfasambandinu og Schengen-samstarfinu, sem kom að fullu til framkvæmda á Norðurlöndum í mars 2001, og þar með atriði er varða framkvæmd Dyflinnarsamnings ESB-ríkjanna sem Ísland og Noregur eru nú einnig aðilar að. Þá hafa verið rædd á fundunum atriði sem varða verslun með konur og um innflutning vinnuafis.

Starf nefndarinnar á árinu fólst einkum í tveimur fundum. Fyrri fundurinn var haldinn í Vaxholm í Svíþjóð í júní en á síðari hluta ársins tók Ísland við formennsku nefndarinnar í fyrsta sinn og var síðari fundur nefndarinnar haldinn í Reykjavík.

### *Björgunarsamstarf.*

Norræn samvinna um björgunarsamstarf (NORDRED) tekur til samstarfs yfir landamæri og miðar að því að koma í veg fyrir eða takmarka tjón á mönnum, eignum eða umhverfi vegna slysa eða óhappa. Markmiðið er að veita gagnkvæma aðstoð og auðvelda að hjálparlið og búnaður komist sem allra fyrst á

vettvang. Ísland hefur tekið þátt í þessu samstarfi undanfarin ár en það byggir á rammSAMningi um björgunarbþjónustu frá árinu 1989 milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar. Ísland er formlegur aðili samningsins.

Almannavarnadeild ríkislögreglustjórans fer með samstarf það í leitar- og björgunarmálum er leiðir af aðild Íslands. Samnorræn framkvæmdanefnd er vettvangur reglulegra funda fulltrúa Norðurlanda og stýrir hún samstarfinu. Heimasiða NORDRED er [www.nordred.org](http://www.nordred.org).

Löndin skiptast á um formennsku til þriggja ára í senn og lýkur hverju tímabili með því að haldin er norræn björgunarráðstefna og gjarnan æfing tengd henni. Íslendingar fóru með formennsku í norrænni samvinnu um björgunarsamstarf frá maí 2003, þar til Finnar tóku við formennsku í maí sl.

Haldin var norræn björgunarráðstefna og skrifborðsæfing hér á landi 3.–5. maí sl. og var það í fyrsta sinn sem Íslendingar stóðu að slíkum viðburðum. Nánar tiltekið var um að ræða lokaða björgunarráðstefnu fyrir yfirmenn, stjórnendur, skipuleggjendur og þá sem annast kennslu neyðaraðgerða. Þema ráðstefnunnar var stórslys og tóku framsöguerindin mið af því. Á skrifborðsæfingunni var tekin fyrir sprenging og stórbruni sem áttu að hafa átt sér stað um borð í stóru farþegaskipi á hafinu norður af Vestfjörðum. Ráðstefnugestir fylgdust með æfingunni og voru ýmis málefni í tengslum við hana tekin til umræðu. Ráðstefnan og æfingin þóttu heppnast mjög vel.

Norræna ráðherranefndin styrkir NORDRED björgunarráðstefnurnar og æfingarnar.

## 8. Menntun og rannsóknir

Samstarf á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar um menntamál og rannsóknir (MR-U) tekur til grunn- og framhaldsskólastigs, fullorðinsfræðslu, háskóla og rannsókna. Samstarfið felst einkum í verkefnum og styrkjakerfum sem stjórnað er af ráðgjafarnefndum, sem hafa m.a. umsjón með faglegum vinnuhópum sem starfa tímabundið. Ráðherranefnd menntamála og rannsókna heldur þrjá fundi árlega.

### *Fastar ráðgjafanefndir.*

Norræna embættismannanefndin um menntamál og rannsóknir (EK-U) undirbýr ráðherrafundi auk annarra verkefna sem henni eru falin af ráðherranefndinni. Á vegum ráðherranefndarinnar um menntamál og rannsóknir starfa auk þess þrjár ráðgjafanefndir, ein sér um samstarf um skólamál (NSS), önnur um æðri menntun (HÖGUT) og sú þriðja um fullorðinsfræðslu (SVL). Auk stjórnarnefndanna starfa vinnuhópar að tilteknum tímabundnum verkefnum.

### *Samstarf um skólamál.*

Verksvið NSS-nefndarinnar nær til leik-, grunn- og framhaldsskóla. Tilgangurinn með starfi nefndarinnar er að stuðla að því að bæta skólastarf á

Norðurlöndum og því tekur nefndin til umfjöllunar þau mál sem efst eru á baugi á hverjum tíma og miðlar upplýsingum um skóla og skólastarf til þeirra sem í hlut eiga.

Á formennskuári Norðmanna var á sviði skólamála m.a. lögð hersla á alþjóðavæðingu, gæði í skólastarfi, samvinnu við Norðvestur-Rússland og starfsmenntun.

Árið 2005 setti NSS á laggirnar norrænan hóp rannsakenda sem skoðaði sérstaklega og bar saman niðurstöður norrænu landanna í PISA-rannsókninni 2003. Niðurstöður hópsins lágu fyrir í byrjun árs 2006 og gefið var út ritið „Northern Lights on Pisa 2003“. Í maí sl. var haldin eins dags ráðstefna þar sem ritinu var dreift og niðurstöðurnar kynntar. Haldið var áfram með verkefni tengd starfsmenntun á Norðurlöndum og haldin málstofa um gæði í starfsmenntun. Norrænn vinnuhópur sem vann samanburðarskýrslu um kennaramenntun á Norðurlöndum, sérstaklega með tilliti til lestrarkennslu í kennaranámi, skilaði skýrslu í lok árs og er ætlunin að kynna niðurstöðurnar á málþingi á næsta ári. Þá var haldið áfram með ýmis verkefni tengd gæðum í skólastarfi. Af hálfu Norðmanna var sérstök áhersla lögð á að efla samstarf milli Norðurlanda og Norðvestur-Rússlands. Í upphafi ársins var stofnaður vinnuhópur sem tók saman yfirlit um núverandi samstarf og gerði tillögur um ný og/eða áframhaldandi verkefni. Fjölmenn málþing um samvinnu milli Norðurlanda og Norðvestur-Rússlands var haldið í Zapolyarny sl. haust. Þegar liggja fyrir tillögur í kjölfar málþingsins um verkefni á næstu árum.

#### *Háskólasamstarf.*

Stjórnarnefndin um æðri menntun (HÖGUT) hefur umsjón með samstarfi um æðri menntun á vettvangi ráðherranefndarinnar. Helsta hlutverk HÖGUT er að stuðla að eflingu norræns samstarfs um æðri menntun m.a. með athugunum, verkefnum, ráðstefnum og samráði við háskóla. Vegvísar í starfi HÖGUT í formennskuáætlun Norðmanna voru: „Det nye Norden: Fornylse og samarbeid i Nord-Europa“.

Sett var á fót nefnd um norrænar mastersgráður (Nordic Master) þar sem fjallað er um samstarf háskóla í öllum norrænu löndunum um sameiginlega prófgráðu. Nefndin kom með tillögur um sértæk verkefni á þessu sviði. Í framhaldi af þeim tillögum verður auglýst eftir umsóknum í byrjun árs 2007, þar sem háskólar á Norðurlöndum geta fengið sérstaka styrki til að setja upp sameiginlegar prófgráður milli tveggja eða fleiri háskóla.

Á árinu var lögð fram tillaga um úttekt á Nordplus-áætluninni. Áætlunin er mikilvægasta verkfæri HÖGUT til að auka og efla samstarf háskóla á Norðurlöndum með nemenda- og kennaraskiptum. Við val á verkefnum fyrir 2006 var lögð áhersla á náttúruvísindi, sameiginlegar prófgráður og samstarf háskóla og atvinnulífs. Ákveðið var að Eystrasaltsríkin tækju þátt í Nordplus-áætluninni til jafns við Norðurlönd frá 2008. Samtímis var stofnuð sérstök áætlun um mannskípti við Rússland, eða sk. Rússlandsáætlun.

Vinna við að samræma reglur lánasjóða á Norðurlöndum hélt áfram. Vinnuhópur sem settur var á fót árið 2003 skilaði sinni þriðju skýrslu á árinu með

tillögum um frekari úrbætur og samræmi milli lánasjóða á Norðurlöndum til að auðvelda hreyfanleika nemenda í háskólanámi innan Norðurlanda.

Ráðstefna á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar í formennsku Norðmanna bar heitið: „Eksterne dimensjonen i Bologna-processen“. Ráðstefnan var haldin í Ósló. Í undirbúningi er ráðstefna í mars 2007 um kennaramenntun og í framhaldi er stefnt að því að gera samanburðarrannsókn á kennaramenntun á Norðurlöndum.

#### *Fullorðinsfræðsla.*

Stjórnarnefnd um fullorðinsfræðslu (SVL) fjallar um þau málefni er varða menntun fullorðinna sem efst eru á baugi hverju sinni að undanskildum þeim málefnum er falla undir verksvið háskólanefndarinnar. Grundvallarmarkmiðið í norrænu samstarfi um fullorðinsfræðslu er að stuðla að og þróa skilning á fjölbreytileika og samkennd á þessu sviði á Norðurlöndum og efla norðlæga vídd á alþjóðavettvangi.

Stjórnarnefndin fól Fræðslumiðstöð atvinnulífsins að vera íslenskur tengiliður í norrænu neti um fullorðinsfræðslu (NVL) í fjögur ár frá upphafi árs 2005. Norræna netinu er ætlað að vera fullorðinsfræðsluaðilum til stuðnings, fanga nýjar hugmyndir og eiga frumkvæði að nýjum verkefnum sem eru til þess fallin að vinna að á norrænum vettvangi. Þá á netið að afla og miðla upplýsingum um norrænt samstarf á sviði fullorðinsfræðslu.

Í ársbyrjun 2004 hófu göngu sína fimm nýjar áætlanir á vegum fræðslusviðs ráðherranefndarinnar þar á meðal Nordplus Junior sem styður við verkefni á sviði símenntunar og fullorðinsfræðslu og stuðlar að hreyfanleika og myndun samstarfsneta milli Norðurlandþjóðanna á þessu sviði. Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins veitir upplýsingar og aðstoð vegna þátttöku í norrænum samstarfsáætlunum í menntamálum.

#### *Vísindasamstarf.*

Norrænt vísindasamstarf er nú í meginatriðum skipulagt með aðstoð NordForsk sem tók til starfa í ársbyrjun 2005 sem sjálfstæð stofnun undir skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar en Norræna vísindastefnuráðið (FPR) og Norræna stofnunin um vísindamenntun (NorFA) voru lögð niður á sama tíma. Stjórn NordForsk er skipuð fulltrúum rannsóknarráðanna í ríkjunum fimm, tveimur fulltrúum norrænna háskóla tilnefndum af samstarfi háskóla á Norðurlöndum (NUS) og einum fulltrúa atvinnulífs tilnefndum af ráðherranefnd iðnaðar- og atvinnumála. Af hálfu Íslands situr formaður vísindanefndar Vísinda- og tækniráðs og formaður Rannsóknasjóðs í stjórninni. Rannís hefur með höndum starfræn tengsl við NordForsk og annast upplýsingamiðlun þar að lútandi.

Á sl. vori birti NordForsk fyrstu starfsáætlun sína fyrir tímabilið 2006–2009 og skilgreindi um leið framtíðarsýn og starfsaðferðir sínar. Lögð er sérstök áhersla á að byggja samstarf landanna á innri styrk Norðurlanda og þeim þjóðfélagslegu gildum sem einkenna löndin fimm og beita samstarfinu í hnattrænu samhengi. NordForsk leitast við að marka áherslusvið sem rannsóknarráðin

og fjármögnunaraðilar rannsókna í aðildarlöndunum telja mikilvæg og leggja sjálf til fjármagn að verulegu leyti. Fjármunir NordForsk eru fyrst og fremst ætlaðir til að tengja áherslusvið landanna sem best til að skapa samlegðaráhrif. Stofnunin rekur að þessu leyti ekki sjálfstæða stefnu í vali á áherslum en tekur mið af áherslum aðildarlandanna. Við mat á samstarfsverkefnum sem stofnunin tekst á hendur er lögð rík áhersla á alþjóðlega samkeppnishæfni rannsóknarverkefna á grundvelli vísindalegra gæða um leið og tekið er mið af þjóðfélagslegum þörfum.

Starfsaðferðir NordForsk byggjast á því að laða til samstarfs framsæknustu aðila í vísindum á Norðurlöndum til að ná fram sem sterkustu áhrifum í alþjóðlegu samhengi og gera árangurinn sýnilegan. Efnt er til samkeppni um hugmyndir og samstarfsverkefni. Sett hafa verið á laggirnar Norræn öndvegissetur (Nordic Center of Excellence, NCoE) á eftirfarandi sviðum:

- Matvæli, næring og heilsa.
- Velferðarsamfélagið.
- Hnattrænar breytingar.
- Læknisfræðileg sameindalíffræði.
- Hug- og félagsvísindi.

Starfræktir eru Norrænir rannsóknarnámsskólar í tengslum við Norrænu öndvegissetrin og skipulagt netsamstarf rannsóknarnámsskóla í aðildarlöndunum. Einnig hefur verið efnt til samstarfs milli öndvegissetra í aðildarlöndunum á sviðum sameindalíffræði, barnasálfræði og norrænna samanburðarmálvísinda. Þá heldur NordForsk utan um þemasamstarf milli stofnana á Norðurlöndum á sviði faraldsfræðilegra rannsókna, hafveðurfræðirannsókna og er bakhjarl Nordunet 3, sem er samstarf norrænna háskólaneta um þróun háhraðatenginga milli Norðurlanda og við umheiminn á grundvelli tenginets sem NorduNet AS starfrækir og RH-net er aðili að fyrir Íslands hönd.

## 9. Vinnumál og vinnuverndarmál

Árlegur fundur Norrænu ráðherranefndarinnar um vinnumál og vinnuverndarmál (MR-A) var haldinn 10. október sl. í Losby gods, Ósló. Á dagskrá fundarins var meðal annars umfjöllun um stækkun hins evrópska vinnumarkaðar. Áhersla var lögð á mikilvægi þess að nýta þennan vettvang til að norrænu ríkin gætu lært hvert af öðru. Gott væri að fylgjast með hvernig aðrir tækjust á við málin sem upp koma. Ákveðið var að halda áfram samráðinu vegna stækkunar ESB.

Þá greindi Finnland frá áherslum sínum í vinnumarkaðsmálum vegna formennsku í ESB meðal annars varðandi umræður um vinnutímatilskipun ESB. Einnig gerði Finnland grein fyrir áætlunum sínum vegna formennsku í ráðherranefndinni 2007. Meðal annars er stefnt að því að halda norræna ráðstefnu um áhrif stækkunar ESB á vinnumarkaðinn á Eystrasaltssvæðinu og að auk fulltrúa Norðurlanda munu taka þátt aðilar frá Póllandi, Eystrasaltsríkjnum og aðilum vinnumarkaðarins.

Samþykkt var breytt umboð og skipulag embættismannanefndarinnar um vinnumál og vinnuverndarmál í samræmi við tillögur nefndarinnar sem greint er frá hér á eftir.

*Embættismannanefndin um vinnumál og vinnuverndarmál (EK-A).*

Norræna embættismannanefndin um vinnumál og vinnuverndarmál hélt tvo fundi á árinu. Á fyrri fundinum var kynnt formennskuáætlun Norðmanna. Forföll frá vinnu vegna veikinda hafa verið mikið til umfjöllunar í Noregi. Það málefni hefur einnig verið til umfjöllunar á norrænum vettvangi. Það kom því ekki á óvart þótt verkefni sem lúta að rannsóknum á ástæðum fjarveru frá vinnu vegna veikinda yrðu á meðal forgangsverkefna á formennskuári Norðmanna. Haustið 2005 var haldin ráðstefna í Stokkhólmi um áhrif þess að Eystrasaltsríkin yrðu aðilar að samningnum um EES. Í framhaldinu barst erindi frá samstarfssamtökum norrænu alþýðusambandanna með ósk um að haldin yrði önnur ráðstefna þar sem fjallað yrði um viðfangsefni sem eru sameiginleg stjórnvöldum vinnumála á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum og samtökum aðila vinnumarkaðarins í löndunum. Embættismannanefndin tók erindið til umfjöllunar og var kannað hvort og hvernig hægt væri að samræma beiðnina formennskuáætlun Norðmanna. Ákveðið var að fresta málinu þar til Finnar tækju við formennsku í ráðherranefndinni og var vísað til tengsla og samstarfs þeirra við Eystrasaltsríkin á umliðnum árum. Áherslan í formennskuáætlun Noregs var á norðursvæði Norður-Evrópu og samstarfinu í Norður-Evrópu á sviði olíumála.

Nefndin fjallaði einnig um undirbúning ráðstefnu um mismunun á vinnumarkaðnum vegna aldurs en það málefni hefur dregið að sér vaxandi athygli á Norðurlöndum. Félagsmálaráðherra skipaði á sínum tíma nefnd til að fjalla um stöðu eldri starfsmanna á vinnumarkaðnum. Um þessar mundir er starfandi á vegum félagsmálaráðuneytisins verkefnisstjórn sem fjallar um stöðu miðaldra og eldra starfsfólks á vinnumarkaði. Ísland hefur stutt aukið norrænt samstarf á þessu sviði. Ráðstefnan var liður í formennskuáætlun Norðmanna og var haldin 3. október sl.

Breytingar á reglum ESB um ríkisstyrki og áhrif þeirra á vinnumarkaðinn var eitt af því sem kom til umfjöllunar nefndarinnar. Þetta hefur verið sérstakt áherslumál Norðmanna sem hafa gert tillögu um skipun starfshóps sem fari sérstaklega yfir þetta málefni.

Embættismannanefndin undirbjó fund norrænna vinnumálaráðherra en meginviðfangsefni fundarins var áhrifin sem stækkun ESB og EES hefur haft á norræna vinnumarkaðinn.

Viðamikilið verkefni á árinu var endurskipulagning undirnefnda embættismannanefndarinnar. Tekin var ákvörðun um að leggja niður nefnd sem hefur farið með innflytjendamál. Jafnframt var ákveðið að víkka út umboð vinnumarkaðsnefndarinnar og fela henni umfjöllun um innflytjendamálin. Með þessu er stefnt að því að tengja betur en áður málefni innflytjenda og þátttöku þeirra í atvinnulífinu.

*Nefnd um vinnurétt (NAU).*

Starf norrænu nefndarinnar um vinnurétt hefur á undanförunum árum beinst að áhrifum lagasetningar á vettvangi ESB á réttarstöðuna í norræna atvinnulífinu. Nefndin hefur einnig fjallað um áhrifin af stækkun ESB á aðstæður á norræna vinnumarkaðnum, einkum á ráðningarsamband launamanns og atvinnurekanda. Á Íslandi var um skeið notað orðið launaverktaka yfir það sem hér um ræðir. Nefndin hélt áfram umræðum um þetta efni sem og starfsemi starfsmannaleiga. Á vettvangi nefndarinnar var skipst á upplýsingum um aðgerðir stjórnvalda til að hafa betra yfirlit yfir aðstreymi erlends verkafólks á norræna vinnumarkaðinn og hvernig hægt væri að koma í veg fyrir félagsleg undirboð.

Nefndin ræddi væntanlega aðild Búlgaríu og Rúmeníu að ESB og þar með að EES. Farið var yfir heimildir í stækkunarsamningunum til að fresta gildistöku ákvæða um frjálsta för launafólks frá þessum nýju aðildarríkjum.

Nefndin fór einnig yfir drög að nýjum tillögum að ESB-tilskipunum, m.a. tilskipun um lífeyrisgreiðslur. Rædd var tillaga um breytingu á tilskipun um aðilaskipti að fyrirtækjum svo og endurskoðun tilskipunar um útsenda starfsmenn.

*Atvinnuskipti ungs fólks.*

Stórt norrænt samstarfsverkefni á sviði vinnumarkaðar er Nordjobb, sem byggir á atvinnuskiptum ungs fólks milli norrænu landanna en norrænu félögin annast þessi samskipti. Á árinu komu 155 ungmenni hingað til lands til starfa, en 46 íslensk ungmenni fóru til starfa á Norðurlöndum á vegum Nordjobb. Einnig var unnið að menningartengdu verkefni um ungmennaskipti, Snorraverkefni, þar sem tekið var á móti 15 vestur-íslenskum ungmennum á aldrinum 18–26 ára til sumardvalar. Ennfremur var tekið á móti 12 Vestur-Íslendingum sem komu til Íslands til að kynna fólki í sinni atvinnugrein hér á landi. Í samstarfi við Íslendingafélögin á „Nýja-Íslandi“ í Manitoba fóru 8 íslensk ungmenni til sumardvalar á árinu.

*Norræna samstarfsnefndin um vinnuvernd.*

Þær breytingar urðu í norrænu vinnuverndarsamstarfi á árinu að rannsóknarnefndin á vinnuverndarsviði og almenna vinnuverndarnefndin héldu sína síðustu fundi sl. vor. Á haustdögum var skipuð ný norræn samstarfsnefnd um vinnuvernd, sem á að taka yfir hlutverk beggja nefndanna en veruleg vinna fór í að samhæfa verklag. Samstarfsnefndin mun í styrkveitingum sínum gera auknar kröfur um að verkefni feli í sér mælanlegan samnorrænan árangur. Einnig verður lögð áhersla á rannsóknar-, þróunar- og samráðsverkefni sem fela í sér veruleg nýmæli og áherslur í samræmi við stefnu Norrænu ráðherranefndarinnar.

Íslendingar hafa tekið virkan þátt í nokkrum verkefnum og má þar nefna rannsóknarverkefni á sviði öryggishegðunar á byggingarvinnustöðum. Er þetta í samræmi við stefnu Vinnueftirlits ríkisins að taka þátt í verkefnum sem hvað helst mæða á íslensku vinnuumhverfi en í dag eru byggingarslys algengustu

vinnuslys á Íslandi. Þá er verið að vinna að verkefni er lýtur að áhrifum óreglulegs og langs vinnutíma á starfsfólk og er gert ráð fyrir að skýrsla um verkefnið líti dagsins ljós á næsta ári.

Í upphafi árs var haldinn samráðsfundur um menntun starfsmanna/eftirlitsmanna norrænu eftirlitsstofnananna og í kjölfar hans settar fram tillögur um að norræna stofnunin um menntun á sviði vinnuverndar standi að námskeiðum um sérhæfð málefni á sviði vinnuverndar. Slíkt mundi stuðla að samhæfingu verklags milli landanna og einnig gefa íslenskum vinnueftirlitsmönnum kost á fjölbreytilegri námskeiðum á sviði vinnuverndar en nú er. Einnig hefur verið fjallað um hvernig skuli taka á sálfélagslegum vinnuverndarmálum á vinnustöðum. Þá stóð nefndin fyrir samráðsfundum um reglur og leiðbeiningar á sviði vinnuverndar í bygginga- og mannvirkjagerð og framkvæmd þeirra, varasöm efni í vinnuumhverfinu og um einhæfa vinnu og vinnuaðstæður. Var síðastnefndi fundurinn með nýstárlegu sniði en þar komu saman rannsóknaraðilar og sérhæfðir eftirlitsmenn á sviðinu og deildu reynslu sinni.

Haldin var ráðstefna norrænu vinnueftirlitanna í Finnlandi undir fyrirsögninni „Från strategi till effektiv tillsynspraktik – kompetensen avgör“. Þrír starfsmenn Vinnueftirlits ríkisins sóttu ráðstefnuna.

Á árinu 2007 mun nefndin skoða hvernig samþætta eigi norrænar áherslur við áherslur á EES-svæðinu.

#### *Stjórn norrænu stofnunarinnar um menntun á sviði vinnuverndar (NIVA).*

Stjórn norrænu stofnunarinnar um menntun á sviði vinnuverndar vann að undirbúningi námskeiða en á árinu 2007 er gert ráð fyrir þrettán námskeiðum (sjá heimasíðu stofnunarinnar [www.niva.org](http://www.niva.org)). Unnið er áfram að þeim áherslubreytingum sem samþykktar hafa verið á undanförunum árum. Helstu nýjungar eru að gerð verður tilraun með svokallaðan NAM-Niva sumarskóla, en það er námskeið sem stendur í fimm daga. Boðið verður upp á þrjú stutt grunnnámskeið um vinnuvernd í tengslum við norræna vinnuverndarráðstefnu. Markmiðið er að breiðari hópur sækji námskeiðin. Víðtæk rannsóknarverkefni, sem norræna vinnuverndarnefndin hefur styrkt, verða áfram notuð sem grundvöllur fyrir námskeiðshald og sjást þess merki í áætlun næsta árs þar sem fjallað er um öryggishegðun á byggingarvinnustöðum.

Þá hefur haldið áfram umræða um hvernig stofnunin getur stutt við vinnuverndarstarf í Eystrasaltsríkjunum og í norðvesturhluta Rússlands. Einnig fer fram umræða um önnur jaðarsvæði sem hefur þó ekki enn leitt til námskeiða eða formlegrar starfsemi.

#### *Nefnd um vinnumarkaðinn.*

Vinnumarkaðsnefndin er vettvangur fyrir umræðu um atvinnumál, vinnumarkaðsmál og vinnumarkaðsrannsóknir. Verkefni nefndarinnar á árinu tengdust samstarfsáætlun ráðherranefndarinnar á vinnumálasviðinu fyrir tímabilið 2005–2008. Markmiðið með starfi nefndarinnar er full atvinna og að vinnuafslframboð verði sem mest til þess að mæta fólksfjölgun.

Samstarf á vinnumarkaðssviðinu er styrkt með ýmsum hætti. Meðal þess er



miðlun upplýsinga milli vinnumarkaðsnefndarinnar og annarra nefnda, þátttaka í nefndastarfi og boð um þátttöku á fundi vinnumarkaðsnefndarinnar. Þar sem innflytjendanefndin verður lögð niður hefur verið ákveðið að vinnumarkaðsnefndin taki yfir hluta þeirra verkefna sem innflytjendanefndin hefur haft umsjón með.

Megináherslurnar í starfi nefndarinnar eru tvær: annars vegar innra norrænt samstarf þar sem sjónum er einkum beint að þremur víðtækustu fagsviðum innan samstarfsins, þ.e. vinnumarkaðssviði, vinnuumhverfissviði og vinnuréttarsviði, og hins vegar norrænt samstarf á öðrum vettvangi en norrænum. Einkum verður lögð áhersla á miðlun norrænna sjónarmiða og reynslu svo og samræmingu í sambandi við ESB.

Starfshópur á vegum vinnumarkaðsnefndarinnar lagði fram skýrslu um hugmyndir um framtíðarstarf nefndarinnar. Niðurstaðan var að lögð skyldi áhersla á: 1) framboð vinnuafis, 2) framtíðareftirspurn vinnuafis og 3) veikindafjarvistir launþega og vinnumarkaður.

Nokkrum verkefnum er ólokið, en þau snúa að: 1) aðlögun flóttamanna og innflytjenda að norrænum vinnumarkaði, 2) aðlögun eldra fólks með takmarkaða menntun að vinnumarkaðnum og áhrif vinnumarkaðsaðgerða, 3) samstarfi Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna um vinnumarkaðinn og 4) forsendum hás atvinnustigs á Norðurlöndum.

Ýmsum verkefnum er hins vegar lokið en þau eru um: 1) alþjóðavæðingu norræns vinnumarkaðar og áhrif á eftirspurn eftir vinnuafli, 2) stækkun ESB og norrænan vinnumarkað, 3) tölfræði um fjarvistir vinnuafis yfir landamæri og norrænan vinnumarkað, 4) reglur um atvinnuleysistryggingar á Norðurlöndum og miðlun upplýsinga um þær milli norrænu landanna, 5) norræna námstefnu um vinnumarkaðstölfræði, 6) sérfræðingafund um sameiginleg vandamál að því er varðar vinnumiðlun á jaðarsvæðum við Norður-Atlantshaf og 7) jafnrétti í launum kynjanna.

Meginþema í starfi nefndarinnar á árinu var þróun norræns vinnumarkaðar. Lögð var áhersla á vandamál sem snúa að fjarvistum vegna veikinda á vinnustöðum, afnám stjórnisýsluhindrana á Norðurlöndum og norræn gildi auk framtíðareftirspurnar eftir vinnuafli.

Haldin var ráðstefna í Ósló í nóvember sl. um áhrif sem frjálst flæði vinnuafis hefur á norrænan vinnumarkað. Markmið ráðstefnunnar var að fjalla um vandamál tengd frjálstu flæði vinnuafis.

Gefin var út skýrsla um launajafnrétti kynjanna og lokaskýrsla um sameiginlegan norrænan vinnumarkað 1954–2004.

### *Samstarfshópur um upplýsingamiðlun um vinnumarkaðsmál (NIAL).*

Samstarfshópurinn miðlar upplýsingum á vinnuálasviði en undir það falla vinnumarkaðs-, vinnuumhverfis- og vinnuréttarmál. Haldnir voru tveir fundir undir formennsku Norðmanna.

Gefin voru út þrjú tölublöð af „Arbejdsliv i Norden“ (AiN) og tvö af „Nordic Labour Journal“ (NLJ). Þema fyrsta tölublaðs AiN var „Et holdbart arbejdsliv“, í öðru tölublaði var þemað „Periferi i centrum – energiäventyret

í nordomráðena“ og í því þriðja „Gränslös kommunikation ändrar arbetets villkor“. Í NLJ var þema fyrsta tölublaðs „New thinking mobilising change“ og í öðru tölublaði var umfjöllunarefnið „Work place learning with a human face“.

## 10. Atvinnu-, orku- og byggðamál

Ráðherranefndin um orkumál og ráðherranefndin um byggðamál voru á árinu sameinaðar ráðherranefndinni um atvinnumál og varð Norræna ráðherranefndin um atvinnu-, orku- og byggðamál (MR-NER). Áfram störfuðu þó þrjár embættismannanefndir um viðkomandi málaflokka og höfðu yfir að ráða sömu fjármunum og áður. Haldinn var einn fundur þar sem saman komu embættismenn allra ofangreindra nefnda (EK-NER), tveir fundir voru haldnir sameiginlega með embættismönnum atvinnu- og orkumála, auk eins sameiginlegs ráðherrafundar, sem haldinn var í Bodø í Noregi. Nefndirnar héldu auk þess fundi hver fyrir sig. Þetta nýja fyrirkomulag er enn í mótun og eftir á að koma í ljós hvaða áhrif þessi sameining ráðherranefndanna hefur á starfið, en nokkuð skiptar skoðanir hafa verið um ágæti þessa nýja fyrirkomulags.

### *Atvinnumál.*

Á ráðherrafundinum í Bodø var m.a. rætt um stöðu Norðurlanda innan Evrópu út frá ýmsum sjónarhornum. Af Íslands hálfu var fjallað um málefni Norðurlanda út frá vestnorrænu sjónarhorni. Meðal annars var vakin athygli á því að líkindi eru til þess að hlýnandi loftslag á norðurslóðum muni hafa þau áhrif að nýjar siglingaleiðir muni opnast í Norður-Atlantshafi eftir því sem hafisþekjan minnkar. Auk þess megi gera ráð fyrir að möguleikar á nýtingu orku muni breytast til muna við bráðnun íssins og að áhrif þess á atvinnulífið geti orðið mikil. Þá var einnig tekið fram að eðlilegt væri að þróa samstarf vestnorrænu landanna frekar og kanna möguleika á samstarfi við Írland, Skotland og Atlantshafsfylki Kanada.

Norræna embættismannanefndin um byggðamál lagði til að hafin yrði vinna við verkefni um landshlutamiðaða nýsköpunarstefnu. Norræna embættismannanefndin um atvinnumál (EK-N) studdi verkefnið sem taka mun tvö ár í vinnslu. Stefnt er að því að verkefninu ljúki með ráðstefnu þar sem niðurstöðurnar verða kynntar.

Áfram var unnið að því að afnema stjórnsýsluhindranir. Á árinu var sérstakur starfsmaður ráðinn í það verkefni að finna leiðir til að afnema stjórnsýsluhindranir í atvinnumálum. Hóf hann störf á seinni hluta ársins. Starfsþópur um aðgerðir gegn stjórnsýsluhindrunum á byggingavörumarkaði er enn að störfum.

Ákveðið var að setja saman vinnuhóp – eins konar norrænan vettvang um áhættufjármögnun (Nordisk Venture Forum). Var Norrænu nýsköpunarmiðstöðinni (NICe) falið að leiða það verkefni. Fyrsta verkefni hópsins skyldi vera að meta möguleika á stofnun Norræns fjárfestingasjóðs. Í nóvember komu út

tvær skýrslur varðandi verkefnið. Einnig var haldin ráðstefna um þessi málefni í Ósló í nóvember.

Á árinu var haldið áfram vinnu við verkefni um neytendastýrða nýsköpun sem hófst árið 2005. Með neytendastýrri nýsköpun er átt við aðferðir til að þróa vöru og þjónustu í þá átt að uppfylltar séu þekktar og óþekktar þarfar neytandans. Til að finna út þessar aðferðir er rekstrarlegum og tæknilegum atriðum tvinnuð saman við hönnun og félagsvísindi og með því móti bryddað upp á nýjungum sem talið er að neytandanum muni falla í geð enda þó hann hafi ekki sjálfur getað sagt til um það fyrirfram. Með þessu móti er talið að auka megi verulega verðmæti nýsköpunar. Vinnuhópurinn sem hefur verkefnið með höndum lauk vinnu við sameiginlega áætlun um málið á árinu. Á ráðherra-fundinum var sú áætlun samþykkt. Ætlunin er að í framhaldinu verði fleiri löndum boðin þátttaka.

Norræna embættismannanefndin um menningarmál lét vinna skýrslu um norræna hönnun sem kom út á árinu. Í skýrslunni er fjallað um efnahagslegt gildi hönnunar og í henni eru lagðar fram tillögur um það hvernig megi efla og styrkja norræna hönnun. Skýrslan var tekin til umræðu í nefndinni um atvinnumál og einnig staða skapandi greina í víðara samhengi. Áhugi er fyrir því að leita leiða til að styrkja samvinnugrundvöll atvinnulífs og hinna skapandi greina. Verkefninu „Ný norræn matvæli“ var formlega hleypt af stokkunum þann 1. nóvember sl. Markmiðið með því verkefni er að vekja athygli á gildi þess að leggja áherslu á norræna menningu og hönnun við framreiðslu á veitingum. Talið er að þá sérstöðu sem felst í norrænni matarhefð megi nýta til að efla nýsköpun. Tveir fulltrúar frá hverju norrænu ríkjanna fimm gegna hlutverki „sendiherra fyrir ný norræn matvæli“ meðan á verkefninu stendur.

### *Orkumál.*

Ráðherrar orkumála samþykktu nýja aðgerðaáætlun í orkumálum fyrir árin 2006–2009 á fundi sínum á Grænland í ágúst 2005 (Handlingsplan for det nordiske energisamarbejde 2006–2009). Árið 2006 var því fyrsta árið sem starfað var eftir hinni nýju áætlun. Markmið með norrænu samstarfi á sviði orkumála er m.a. að stuðla að sjálfbærri, skilvirkri, samkeppnishæfri og öruggri orkuöflun á Norðurlöndum. Áherslur í samstarfinu og þau verkefni sem unnið er að eiga að hafa pólitíska skírskotun auk þess sem línurnar fyrir samstarfið eru lagðar í fyrrnefndri aðgerðaáætlun. Á ráðherrafundi sem haldinn var í Bodø í Noregi í september sl. voru orkumálaráðherrarnir sammála um mikilvægi norrænnar samvinnu á þessum vettvangi og að hana þyrfti að styrkja enn frekar. Orkumál hafa verið æ umfangsmeiri í almennri umræðu undanfarin misseri í heiminum öllum og eru Norðurlönd þar engin undantekning. Auk sameiginlegra funda í embættismannanefndinni um atvinnu-, orku- og byggðamál voru haldnir sex fundir í embættismannanefndinni um orkumál (EK-E).

*Ný aðgerðaáætlun um samstarf í orkumálum 2006–2009.* Í aðgerðaáætluninni er lögð höfuðáhersla á þrjú meginsvið, þ.e. orkumarkaðinn á Norðurlöndum og í nágrannaríkjunum, sjálfbær orkukerfi og Norðurlönd í alþjóðlegu samstarfi.

*Orkumarkaður Norðurlanda og nágrannaríkja.* Hér er fyrst og fremst átt við þróun raforkumarkaðarins og uppbyggingu raforkukerfis landanna, bæði innbyrðis og ekki síður tenginguna til Evrópu. Einnig falla hér undir mál er varða gasmarkaðinn svo og húshitun. Starfandi er vinnuhópur sem fjallar um raforkumarkaðinn og samþættingu innan hans.

*Sjálfbær orkukerfi.* Með sjálfbærum orkukerfum er átt við aukna notkun endurnýjanlegra orkulinda, aukna orkunýtni og orkusparnað og þá einkum í því skyni að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda við orkuframleiðslu. Starfandi hafa verið fjórir vinnuhópar sem falla undir þennan yfirflokk. Eru það vinnuhópar um orkuhagkvæmni, endurnýjanlega orkugjafa og vinnuhópur sem snýr að orkumálum Vestur-Norðurlanda. Fjórdi vinnuhópurinn er sameiginlegur með embættismannanefndinni um umhverfismál og fjallar hann um loftslagsmál. Ísland hefur tekið þátt í starfi vinnuhópsins. Orkumálin snúast í æ meira mæli um losun gróðurhúsalofttegunda. Þar njótum við Íslendingar algjörrar sérstöðu þar sem raforkuframleiðsla okkar er nær öll frá endurnýjanlegum orkulindum og upphitun sömuleiðis. Vandamál okkar eru því ekki þau sömu og blasa við nágrannaþjóðunum. Þó eru aðstæður í samgöngumálum hér á landi ekki ólíkar því sem er í hinum löndunum, þ.e. mikil notkun á jarðefnaeldsneyti.

*Vestur-Norðurlönd.* Undanfarin ár hefur verið starfandi vinnuhópur sem hefur haft það að markmiði að finna umhverfisvænar orkulausnir fyrir Vestur-Norðurlönd, aðallega Grænland og Færeyjar. Sérstaða Grænlands og Færeyja í orkumálum er mikil þar sem bæði löndin þurfa að treysta nær eingöngu á jarðefnaeldsneyti bæði til raforkuframleiðslu og til húshitunar. Einnig er raforkudreifing erfiðleikum háð vegna strjálbýlis, sérstaklega á Grænlandi. Þegar talað er um Vestur-Norðurlönd hefur fram til þessa einkum verið átt við Grænland, Ísland og Færeyjar, en síðustu árin einnig Noreg eða að minnsta kosti Vestur-Noreg. Íslendingar hafa tekið virkan þátt í þessu starfi Vestur-Norðurlanda og á ráðherrafundinum í Bodø lýsti iðnaðarráðherra því yfir að leggja þyrfti enn frekari áherslu á þetta samstarf og þar bæri Íslendingum að vera í framfarðasveit. Áhugi hefur vaknað á því að útvíkka samstarfið og hefur m.a. verið horft til austurstrandar Kanada og til Hjaltlandseyja. Hjaltlendingar hafa sýnt þessu mikinn áhuga og hefur verið boðað til ráðstefnu um orkumál á Vestur-Norðurlöndum á Hjaltlandi í október 2007.

*Norðurlönd í alþjóðlegu samstarfi.* Í aðgerðaáætluninni er sett fram það markmið að Norðurlönd verði öðrum þjóðum til fyrirmyndar hvað varðar orkumál, ekki hvað síst innan ESB. Jafnframt er lögð mikil áhersla á að efla samstarfið við þjóðirnar við Eystrasaltið og að koma á auknum tengslum við Rússland. Helsti samstarfsvettvangur Norðurlandþjóðanna og grannríkjanna við Eystrasalt í orkumálum fer fram á vegum BASREC (Baltic Sea Region Energy Cooperation) á vettvangi Eystrasaltsráðsins (Council of the Baltic Sea States, CBSS).

Á fundum norrænu embættismannanefndarinnar um orkumál og starfshópa á hennar vegum er að jafnaði fjallað um mál er varða EES og þróun orkumála innan ESB. Fyrir reglulega fundi í ráðherraráði ESB um orkumál eru haldnir

óformlegir fundir norrænu orkuráðherranna og sitja fulltrúar Íslands og Norðs þá fundi. Síðustu árin hafa fulltrúar Eystrasaltsríkjanna einnig setið fundina. Þessir fundir geta verið mikilvægir fyrir okkur Íslendinga, sem ekki eigum möguleika á að taka þátt í öllum málaflökkum, sem heyra undir orkusviðið innan ESB.

*Orkurannsóknir.* Norrænar orkurannsóknir (NEF) eru að mestu fjármagnaðar beint af orkuráðuneytum landanna með sömu kostnaðarskiptingu og tíðkast í norrænu fjárlögunum. Markmiðið hefur verið að styrkja grunnþekkingu og efla samstarf háskóla, rannsóknarstofnana o.fl. með það fyrir augum að stuðla að bættri samkeppnisstöðu landanna. Áherslur norrænna orkurannsókna hafa beinst að fimm höfuðverkefnum, þ.e. orkumarkaðsmálum, endurnýjanlegum orkulindum, orkunýtni, vetnissamfélaginu og áhrifum loftslagsbreytinga á orkubúskap Norðurlanda. Þá hefur skrifstofa norrænna orkurannsókna annast verkefnisstjórnun fyrir einstök verkefni sem unnin hafa verið á vegum embættismannanefndarinnar.

Á árinu var úthlutað styrkjum til orkurannsóknarverkefna að upphæð 86,2 millj. n.kr. til alls 16 verkefna. Verkefnin eru skipulögð af framúrskarandi rannsóknarstofnunum á Norðurlöndum, í Eystrasaltsríkjunum og Norðvestur-Rússlandi.

Tvö verkefnanna eru undir íslenskri stjórn, „Climate and energy systems“ og „Nordic CoE on H2 storage“. Auk þess eru Íslendingar meðumsækjendur í fimm öðrum verkefnum; „Primary energy efficiency“, „BioH2“, „Nordic Energy“, „Energy Forum“ og „New innovative pretreatment of wood“. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Norrænna orkurannsókna ([www.nordic-energy.net](http://www.nordic-energy.net)).

### *Byggðamál.*

Starfið á árinu byggðist sem áður á samstarfsáætlun sem gildir fyrir árin 2005–2008 (Nordisk regionalpolitisk samarbeidsprogram 2005–2008) svo og formennskuáætlun Norðmanna.

*Starfsemi.* Aðalatriðin í formennskuáætlun Norðmanna hvað byggðamálum viðvíkur voru:

- áhersla á norður- og vestursvæði Norðurlanda,
- efling velferðarsamfélagsins,
- samstarf yfir landamæri og aðgerðir gegn stjórnsýsluhindrunum,
- samstarf þvert á fagsviðin,
- styrking Nordregio.

Á árinu hélt embættismannanefndin um byggðamál (EK-R) fimm reglulega fundi og var einn sameiginlegur með embættismannanefndunum um atvinnu-mál og orkumál. Að venju voru nokkrar nefndir starfandi á vegum embættismannanefndarinnar til að vinna að einstökum málum.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir þeim þáttum sem fyrirferðarmestir voru í starfsemi embættismannanefndarinnar á árinu.

*Svæðasamstarf yfir landamæri.* Svæðisbundið samstarf fer fram á átta svæðum á Norðurlöndum sem eru afar ólík eins og bent hefur verið á í fyrri

skýrslum. Málefni svæðisbundna samstarfsins yfir landamæri hafa verið til sérstakrar umfjöllunar hjá embættismannanefndinni um byggðamál á undanförunum tveim árum og hefur verið mörkuð stefna í málum þeirra með aðstoð norrænu fræðslustofnunarinnar í skipulags- og byggðamálum (Nordregio). Svæðin sjálf hafa einnig haft tækifæri til að koma að stefnumótuninni á öllum stigum.

Sú stefna sem nú hefur verið mótuð grundvallast á eftirfarandi: Skýrt og gagnsætt samhengi er á milli skiptingar styrkja og stefnu Norrænu ráðherranefndarinnar hvað svæðasamstarf yfir landamæri varðar. Aðferðin við úthlutun styrkja er sveigjanleg og gefur færi á að ný svæði verði styrkt og/eða að styrkveitingum til svæða sem styrkja njóta verði hætt. Kerfið er einfalt og hægt að fylgjast með því sem er í gangi á grundvelli innsendra ársskýrslna. Kerfið tekur gildi í áföngum frá fjárhagsárinu 2007.

Á árinu 2007 fær hvert svæði grunnstyrk sem er á bilinu 400 þús. til 1 millj. d.kr., að undanskilinni Norrænu Atlantsnefndinni (NORA) sem fær 4,5 millj. d.kr. Til viðbótar fá svæðin, að NORA undantekinni, upphæð sem er breytileg og er úthlutað eftir samþykktum reglum. Í þriðja lagi geta svæðin svo og ný svæði sótt um styrki til sérverkefna en auglýst er eftir umsóknum. Í það fjármagn getur NORA líka sótt. Þetta kerfi hefur í för með sér að styrkir til einstakra svæða lækka en hækka til annarra. Á árinu 2007, sem er aðlögunarár, mun þó ekkert svæði skert um meir en 20% af fjárveitingum ársins 2006. Rétt er að taka fram að endurskoða á reglurnar þegar reynsla er komin á þær. Einnig að þessar breytingar hafa ekki áhrif á fjárframlög til NORA. Svæðasamstarf yfir landamæri fær stærstan hluta þess fjár sem embættismannanefndin um byggðamál ráðstafar.

*Vestur-Norðurlönd.* Norðmenn hafa lagt mikla áherslu á Vestur-Norðurlönd á formennskuári sínu svo og norðursvæðin. Þær starfsnefndir sem settar hafa verið á laggirnar hafa ekki síst beint sjónum að málum sem eru mikilvæg fyrir hin strjálbýlu vestur- og norðursvæði. Samkomulag hefur náðst um bein fjárframlög Færeyja, Grænlands, Íslands og Noregs til starfsemi NORA frá og með árinu 2007.

*Starfsnefndir.* Sem jafnan áður voru nokkrar tímabundnar starfsnefndir að störfum á vegum embættismannanefndarinnar um byggðamál. Þar má nefna nefnd til að gera úttekt á landshlutamiðaðri nýsköpunarstefnu sem er samstarfsverkefni með embættismannanefndunum um atvinnu- og orkumál og unnið í samstarfi við Nordregio og NICE. Verkefninu er ætlað að skoða nýsköpunarstefnu með hliðsjón af mismunandi svæðum en því á að ljúka snemma árs 2008. Þá var stofnuð nefnd til að skoða markmiðs- og árangursstýringu í byggðamálum. Er nefndinni ætlað að ljúka störfum á árinu 2007. Ennfremur starfaði embættismannanefnd um borgarstefnu allt árið og mun ljúka störfum árið 2007.

*Nordregio, rannsóknarverkefni og ráðstefnur.* Sem jafnan áður rann stór hluti ráðstöfunarfjár embættismannanefndarinnar til Nordregio en um þá stofnun er fjallað sérstaklega. Þó skal þess getið hér að á fundi í desember var gengið frá samkomulagi á milli embættismannanefndarinnar um byggðamál og

Nordregio um starfsemi Nordregio fyrir árin 2007–2009. Þá voru styrkt ýmis rannsóknarverkefni og ráðstefnur. Meira var um en áður að styrkt væru verkefni sem eru samstarfsverkefni fleiri sviða Norrænu ráðherranefndarinnar.

#### *Nordregio.*

*Skipulag og fjármál.* Nordregio er norræn fræðslustofnun í skipulags- og byggðamálum. Stofnunin er staðsett í Stokkhólmi og starfar þar einn Íslendingur. Í lok ársins 2005 störfuðu 27 manns hjá stofnuninni.

Hlutverk Nordregio er að stunda rannsóknir á sviði skipulags- og byggðamála auk þess að þróa og miðla þekkingu um byggða- og skipulagsmál til viðeigandi stofnana innan þessara málaflokka á Norðurlöndum. Áhersla stofnunarinnar á byggðamál í Evrópu, sem og í málum tengdum Eystrasaltsríkjunum, hefur farið vaxandi undanfarin ár.

Heildarvelta Nordregio á árinu 2005 var alls 30,9 millj. s.kr. Í stjórn sitja aðalfulltrúar frá norrænu ríkjunum fimm, en að auki áheyrnarfulltrúar frá Færeyjum, Álandseyjum og Grænlandi. Þá sitja í fagráði stofnunarinnar 21 einstaklingur, þrír frá hverju norrænu ríkjanna og tveir frá hverju sjálfstjórnarlandanna.

*Fræðslustarfsemi, námskeið og ráðstefnur.* Auk umfangsmikilla rannsókna á sínu sérsviði stundar Nordregio fræðslustarf í formi námskeiða og rekur m.a. skólann „Nordregio Academy“, sem hélt alls 19 námskeið og ráðstefnur með 640 þátttakendum á árinu 2005.

*Útgáfustarfsemi.* Stofnunin gefur út tímaritið „Journal of Nordregio“ sem kemur út ársfjórðungslega. Því er dreift ókeypis til áskrifenda, en einnig má sækja það af vefsíðu Nordregio ([www.nordregio.se](http://www.nordregio.se)). Einnig heldur stofnunin úti rafræna fréttabréfinu „Bifröst“ og „European Journal of Spatial Development“ sem er rafrænt tímarit um skipulagsmál og byggðapróun.

*Rannsóknir.* Á árinu 2005 gaf Nordregio út 5 stórar rannsóknaskýrslur og 4 vinnuskýrslur, sem er nokkru færri en árið áður. Vísindamenn stofnunarinnar hafa þó gefið út eða átt hlutdeild í alls 8 bókum á árinu, auk 56 fræðigreina og bókarkafla.

#### *Norræna Atlantsnefndin (NORA).*

Norræna Atlantsnefndin (Nordisk Atlantsamarbejde) er samstarfsvettvangur Íslands, Færeyja, Grænlands og norður- og vesturhluta Noregs. NORA heyrir undir Norrænu ráðherranefndina og er hluti af norrænu samstarfi á sviði byggðamála og svæðasamstarfs. Aðalskrifstofa nefndarinnar er í Þórshöfn í Færeyjum en Byggðastofnun hefur umsjón með starfinu á Íslandi. Ísland á þrjá fulltrúa í stjórn nefndarinnar, en löndin skiptast á um formennsku og fer Ísland með formenskuna 2006–2007. Stærstur hluti tekna Norrænu Atlantsnefndarinnar kemur frá Norrænu ráðherranefndinni.

NORA veitir styrki til verkefna sem stuðla að eflingu atvinnulífs og byggða með auknu samstarfi atvinnulífs, einstaklinga og stofnana á milli landanna, m.a. með áherslu á auðlindir sjávar, ferðamál, upplýsingatækni og eflingu fámennra byggðarlaga. Áhersla er lögð á samstarf við aðra aðila sem vinna

að hliðstæðum og tengdum verkefnum innan samstarfssvæðisins og á miðlun reynslu og þekkingar í byggða- og atvinnumálum milli landanna. Verkefni innan Norrænu Atlantsnefndarinnar hafa skilað góðum árangri, ekki síst hvað varðar þekkingarmiðlun, rannsóknir, samstarf og markaðssókn. Styrkfjárhæðir geta numið allt að 500 þús. d.kr. á ári. Ekki er greitt fyrir meira en 50% af heildarkostnaði verkefnis og skilyrði er að um samstarfsverkefni á milli landanna sé að ræða.

Á árinu var tvívegis úthlutað verkefnastyrkjum. Í maí var úthlutað rúmum 48 m.kr. til 22 verkefna og eru Íslendingar þátttakendur í 17 þeirra. Í desember var úthlutað rúmum 28 millj.kr. til 10 verkefna, en Íslendingar taka þátt í 7 af þeim. Íslensk þátttaka í verkefnum NORA er því mjög góð. Á heimasíðu Byggðastofnunar ([www.byggdastofnun.is](http://www.byggdastofnun.is)) er að finna yfirlit yfir ný og eldri verkefni.

Innan Norrænu Atlantsnefndarinnar er áhugi á auknum tengslum og verkefnasamstarfi við lönd við Norður-Atlantshaf, s.s. Skotland, Hjalmlandseyjar, Orkneyjar og austurströnd Kanada. Liður í því var hin árlega ráðstefna NORA sem að þessu sinni var haldin í Labrador í nóvember sl. og fjallaði hún um skapandi lausnir í fámennum strandsamfélögum.

## 11. Heilbrigðis- og félagsmál

Árlegur fundur heilbrigðis- og félagsmálaráðherra Norðurlanda (MR-S) var haldinn 11.–13. júní sl. í Norður-Noregi. Ráðherrarnir voru sammála um að freista þess að vinna áfram að því að framleitt verði sameiginlega bólu-efni vegna hugsanlegs heimsfaraldurs inflúensu. Á fundinum var samþykkt að kanna áfram kosti og galla tveggja mögulegra lausna í þessu sambandi. Annars vegar að framleiða bóluefni á vegum landanna sjálfra undir opinberri stjórn, en sú leið nýtur stuðnings meirihluta landanna, og hins vegar að gera samkomulag við tiltekin lyfjafyrirtæki um að stofna fyrirtæki í eigu landanna og viðkomandi fyrirtækis eða fyrirtækja. Er þessi leið kennd við Svía og kölluð sænska leiðin. Endanlegt faglegt mat á kostum og ókostum þessara tveggja leiða átti að liggja fyrir 1. nóvember sl. en það hefur dregist.

Á fundinum var einnig fjallað um mansal, vændi, glæpi og mannréttindabrot gegn konum sem tengjast mansali og vændi. Lögðu allir ráðherrarnir ríka áherslu á skyldur norrænu landanna í samfélagi þjóða til að berjast gegn mansali og vændi. Ráðherrarnir töldu brýnt að setja málið á dagskrá með afgerandi hætti á næstunni.

Norðmenn gerðu grein fyrir áformum um gríðarlega uppbyggingu á norðurslóðum í tengslum við fyrirhugaða olíu- og gasvinnslu við norðurströnd Noregs og Rússlands. Var í þessu sambandi sérstaklega rætt um samstarf þjóða á norðurslóðum, einkum Norðmanna og Rússa. Fram kom í máli norska heilbrigðisráðherrans og í erindi, sem flutt var um framtíðina á norðurslóð séð með augum blaðamanns, að hvergi í heiminum væri nú eins mikill lífskjaramunur og á þessu svæði.



Norrænu lýðheilsuverðlaunin 2006 komu í hlut sænsks lýðheilsuprófessors við Háskólann í Umeå. Það var Stig Wall sem fékk verðlaunin að þessu sinni fyrir framlag sitt til lýðheilsu og skárra heilsufars í heimalandinu, en ekki síður erlendis. Hefur Wall haft mikil áhrif á norrænum og alþjóðlegum vettvangi t.d. með því að rökstyðja og gera sýnilega þá samfélagslegu þætti sem áhrif hafa á heilsufar einstaklinga, hópa og þjóða.

Haldinn var aukafundur norrænu heilbrigðisráðherranna 30. maí í Ósló um viðbúnað gegn heimsfaraldri influensu og framleiðslu bóluefnis gegn henni. Markmiðið með fundinum var að meta stöðu málsins og undirbúa ráðherra-fundinn í júní.

Á þingi Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn um mánaðarmótin október/nóvember tóku flestir heilbrigðis- og félagsmálaráðherrar Norðurlanda þátt í pallborðsumræðu um framtíð norræna velferðarsamfélagsins.

#### *Embættismannanefndin.*

Norræna embættismannanefndin á sviði heilbrigðis- og félagsmála (EK-S) hélt fjóra fundi á árinu. Á fundi nefndarinnar í apríl var m.a. fjallað um formennskuáætlun Norðmanna, norrænt samstarfsráð á sviði fjarlækninga, samstarf í lyfjamálum, velferðarrannsóknir og samvinnu við Eystrasaltsríkin og Norðvestur-Rússland. Embættismannanefndin þingaði einnig í tengslum við ráðherra-fundinn í júní, bæði vegna undirbúnings hans og til að skipuleggja hvernig ákvörðunum ráðherranna yrði hrint í framkvæmd. Á fundum embættismannanefndarinnar í október og nóvember var m.a. rætt um verkefnaáætlanir, fjárveitingar komandi árs, mat á starfsemi undirstofnana, stofnanasamninga, stjórnsýsluhindranir, starf frjálsra félagasamtaka, norræna velferðarmódelið og norræna samvinnu um framleiðslu bóluefnis vegna hugsanlegs heimsfaraldurs influensu.

#### *Norræni lýðheilsuháskólinn (NHV).*

Norræni lýðheilsuháskólinn er samnorræn menntastofnun fyrir æðri menntun og rannsóknir í heilbrigðisfræði. Háskólinn er staðsettur í Gautaborg í Svíþjóð og starfar samkvæmt sérstökum samningi við Norrænu ráðherra-nefndina sem gerður er til þriggja ára í senn. Megináherslan er á nám til meistara- eða doktorsgráðu í lýðheilsufræðum en einnig er hægt að sækja þar einstök námskeið. Nám við skólann er byggt upp á námskeiðum sem yfirleitt standa í tvær vikur í senn, auk mikillar verkefna- og rannsóknarvinnu.

Þeir sem sækja nám við skólann koma flestir frá norrænu löndunum en nokkrir einstaklingar frá Eystrasaltsríkjunum námu einnig við skólann. Þá vann skólinn að uppbyggingu náms í lýðheilsufræðum í Norðvestur-Rússlandi.

Tólf Íslendingar námu við skólann á árinu en alltaf eru fleiri umsækjendur frá Íslandi en komast þar að hverju sinni. Heildarfjöldi þeirra sem stunduðu nám við skólann á árinu var 541 einstaklingur, 26 luku meistaragráðu og þrjú doktorsgráðu.

Starfsemi skólans á árinu einkenndist af endurskoðun á markmiðum og áherslum í námi auk endurskoðunar á verkferlum. Ákvörðun var tekin um meiri

áherslu á fjarnám til að stytta fjarveru nemenda frá heimili og vinnustað. Þá var mikil umræða um hvort NHV gæti tekið að sér ákveðið samhæfingarhlutverk milli skóla á Norðurlöndum sem bjóða upp á kennslu í lýðheilsufræðum. Verður þeirri vinnu haldið áfram á næsta ári.

*Norræna tannlækningastofnunin (NIOM).*

Starfsemi Norrænu tannlækningastofnunarinnar á sviði tannlækninga spannar fjögur megin svið: (1) stöðlun, (2) prófun efna, (3) rannsóknir og (4) fræðslu. Á alþjóðlegum vettvangi tekur NIOM þátt í mótun staðla varðandi gæði og öryggi í tannlækningum með þátttöku í ISO (International Organization for Standardization), CEN (Comité Européen de Normalisation) og FDI (Federation Dentaire Internationale).

Rekstur og starfsemi NIOM hefur verið með hefðbundnum hætti. Upplýsingastarfsemi gagnvart heilbrigðisyfirvöldum, tannheilsustéttum, tannlæknaháskólum, almenningi og ýmsum áhugahópum um heilsu hefur aukist mikið. Sérstaklega hefur óháð álit stofnunarinnar til ýmissa áhugahópa verið hjálplegt við að koma í veg fyrir misskilning og mistúlkningar. Fréttabréfið og greinar undir fyrirsögninni „Nýtt frá NIOM“ hafa verið birtar í tannlæknaþöllum og sérfræðingar stofnunarinnar haldið erindi á ráðstefnum tannlæknafélaga norrænu landanna.

Norrænn gagnagrunnur um þau efni sem seld eru á Norðurlöndum til tannlækninga er að mestu fullgerður og hefur verið að hluta opnaður til notkunar.

*Norræna rannsóknarnefndin á sviði vímuefna (NAD).*

Norræna rannsóknarnefndin á sviði vímuefna hefur það markmið að efla og þróa þverfaglega samvinnu á sviði áfengis- og vímuefnarannsókna. Starfsemin miðast að verulegu leyti við samfélagslegar rannsóknir, samfélagslækningar og samfélagsgeðlækningar. Rannsóknarnefndinni er ætlað að auka þekkingu manna á neyslu vímuefna, forvörnum, stefnumótun og meðferð á fíklum. Helsta verkefnið er að stuðla að öflugum sameiginlegum rannsóknum á þessu sviði og miðla upplýsingum. Rannsóknarnefndin á að vera vettvangur skoðanaskipta og upplýsinga fyrir norræna þegna sem hafa áhuga á áfengis- og vímuefnamálum.

Á fundum rannsóknarnefndarinnar voru m.a. kynntar fyrstu niðurstöður könnunar sem gerð var í Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi um áhrif skattalækkunar á áfengi á neyslu þess, en von er á frekari niðurstöðum. Ennfremur var kynnt þróun áfengismála innan Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Ræddar voru rannsóknir sem framkvæmdar eru á vegum NAD, samstarf og sameiginleg stefnumótun á sviði áfengis- og vímuvarna svo og hlutverk rannsóknarnefndarinnar í samþættingu í því sambandi. Rætt var um að leggja áherslu á áhrif áfengisneyslu á þriðja aðila, s.s. börn foreldra í neyslu. Ákveðið var að leggja til að drög að áfengisstefnu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) innan Evrópu yrðu höfð til viðmiðunar í stefnumótun áfengismála.

*Norræna samstarfsmiðstöðin um málefni fatlaðra (NSH).*

Helsta verkefni samstarfsmiðstöðvarinnar er að stuðla að því að markmið Norðurlanda um jafnrétti og fulla þátttöku fatlaðra verði að veruleika. Samstarfsmiðstöðin styrkir fjölda verkefna sem hafa það að markmiði að auka og bæta þjónustu við fatlaða á Norðurlöndum og auðvelda þeim aðgang að upplýsingasamfélaginu. Á stefnuskrá er einnig að styrkja stöðu fatlaðra í stefnu-mótun velferðarsamfélagsins.

Á fundum stjórnar á árinu var m.a. fjallað um áherslur Norðmanna á formennskuárinu á vettvangi NSH. Haldið var áfram umræðunni frá árinu áður um fátíðar fatlanir og norrænu áætlunina um „Aðgengi fyrir alla 2005–2007“. Fjallað var um upplýsingamiðlun til stofnana og einstaklinga í löndunum. Kynntar voru fyrirhugaðar áherslubreytingar á sviði hátækni í þróun lausna á hjálpartækjasviðinu. Ennfremur var rætt aukið samstarf norrænna stofnana og samtaka sem láta sig málefni fatlaðra varða. Norræna samstarfsmiðstöðin um málefni fatlaðra hefur þegar stofnað til samstarfs við norræna samstarfsnetið um fötlunarrannsóknir (NNDR).

*Norræna menntamiðstöðin á sviði daufblindu (NUD).*

Markmiðið með starfsemi stofnunarinnar er að vinna að framgangi og þróun norrænnar samvinnu á sviði daufblindu. Hún á jafnframt að styrkja faglega þróun starfsfólks á umræddu sviði og þeirra stofnana eða samtaka sem starfsfólkið tengist.

Hlutverk menntamiðstöðvarinnar er að bjóða norræna menntun á sviði daufblindu sem bætir upp menntunartilboð landanna. Í fyrsta lagi að safna og þróa þekkingu á sviði daufblindu og að byggja upp og viðhalda þekkingar- og samstarfsneti bæði á norrænum vettvangi og alþjóðlega; í öðru lagi að miðla þekkingu t.d. með fréttabréfum, ritum, bókasafnsþjónustu og sérfræðingum frá NUD sem eiga samstarf við sviðið í einstökum löndum og með fjarfundum. Auk þess er unnið að því að skrá norræna þekkingu á sviði daufblindu.

Á árinu var haldið eitt grunnnámskeið, þrjú þemanámskeið, ein ráðstefna opin þátttakendum á Norðurlöndum og í Evrópu og tvær norrænar ráðstefnur. Átta norrænir fundir voru haldnir í menntamiðstöðinni um þróunarverkefni á starfssviði stofnunarinnar. Hér skal nefnt málefni tengd kuðungsígræðslu svo og fjarkennsluverkefni í samstarfi við þekkingarmiðstöðina í Álaborg. Því verkefni átti að ljúka á árinu en var metið vænlegt til áframhaldandi formlegs samstarfs. Tvær námstefnur og eitt málþing um þróun menntamiðstöðvarinnar voru haldin á árinu.

*Norræna heilbrigðistöflfræðinefndin (NOMESKO).*

Meginmarkmið NOMESKO er að vinna að samræmingu og söfnun tölfræðilegra upplýsinga um ýmsa þætti heilbrigðisþjónustunnar, sjúkdóma, dánarorsakir ásamt tengdum þáttum. Starfið fer að töluverðu leyti fram með því að samræma skilgreiningar, skráningu og afmörkun einstakra þátta til þess að tryggja að um sé að ræða sem líkastar upplýsingar og sem best sambærilegar.

NOMESKO kemur niðurstöðum sínum á framfæri í meginriti sínu „Health Statistics in the Nordic Countries“, en einnig í sérútgáfum og öðrum upplýsingum sem birtar eru á heimasíðu nefndarinnar ([www.nom-nos.dk](http://www.nom-nos.dk)). Í árbók NOMESKO er í viðbæti fjallað um þjónustu heilsugæslunnar en Ísland tók þátt í gerð þess kafla.

Helstu verkefni sem unnið hefur verið að á árinu hafa verið athugun á mannafla og fjármagni í heilbrigðisþjónustunni, staðtölur fyrir sjúklinga sem ekki eru lagðir inn, flokkun dánarorsaka, upplýsingar um lyfjanotkun, gæðamat á flokkun aðgerða o.fl.

Undanfarin ár hefur heilbrigðistölvæðingunni átt mikið samstarf við Eyrstrasaltsríkin og hefur m.a. unnið að útgáfumálum og námskeiðshaldi fyrir þau lönd. Áfram er unnið á því sviði.

Norræna stofnunin um sjúkdómaflokkunar í Uppsölum starfar í nánunni samstarfi við NOMESKO. Samræming flokkunarkerfa hefur í auknum mæli verið unnin af stofnuninni, sem er rekin sameiginlega af heilbrigðisráðuneytum Norðurlanda. Hún er viðurkennd af WHO sem samstarfsstofnun.

#### *Norræna hagskýrslunefndin á sviði félagsmála (NOSOSKO).*

Meginverkefni hagskýrslunefndarinnar á sviði félagsmála er að vinna að samanburðarhæfri skýrslugerð um velferðarmál á Norðurlöndum og gefa árlega út skýrslu um það efni. Af öðrum verkefnum má nefna að nefndinni ber að fylgjast með alþjóðlegu samstarfi í hagskýrslugerð og vinna að samræmingu upplýsinga sem koma frá þáttökulöndunum. Öll norrænu ríkin fimm eru aðilar að samvinnu Evrópulanda á sviði hagskýrslugerðar, Eurostat, vegna aðildar sinnar að ESB eða EES. Eurostat vinnur að bættri hagskýrslugerð á sviði heilbrigðis- og félagsmála og sundurliðun útgjalda eftir svonefndri ESSPROS-flokkun.

Í ársskýrslu nefndarinnar var fjallað ítarlega um starfstengda endurhæfingu á Norðurlöndum. Meðal helstu mála sem fjallað var um á fundum nefndarinnar má nefna samstarfið við ESB og EUROSTAT, hugmyndir um mælingar á velferðinni, breytingar á ársskýrslu og heimasíðu nefndarinnar, þemanúmer 2007 og 2008, upplýsingar um sjálfbæra þróun, samstarf við Eyrstrasaltsríkin og væntanlega úttekt á starfsemi NOSOSKO.

#### *Norræna samstarfsmiðstöðin um þróun félagslegrar þjónustu (NOPUS).*

NOPUS er norræn miðstöð fyrir hugmynda- og reynslumiðlun á sviði félagslegrar þjónustu á Norðurlöndum. Markhópurinn er starfsfólk sem hefur eða gæti haft með höndum forystuhlutverk í félagsþjónustu. Markmiðið með starfsemi miðstöðvarinnar er að styrkja samstarf Norðurlanda með því að taka þátt í og standa að norrænum ráðstefnum og þróunarstarfi af ýmsu tagi og miðla viðeigandi upplýsingum á hinu félagslega sviði.

Á fundum stjórnarinnar á árinu voru á dagskrá staða starfsáætlunar NOPUS og áherslur á ákveðnum sviðum hennar. Stjórnin lagði áherslu á mikilvægi samvinnu á sviði netvinnu, ráðstefna og málþinga ýmiskonar. Í starfsáætlun

uninni fyrir árið voru fjögur málefnasvið og meginmarkmið: 1) netvinna og námskeið, 2) styrking starfseminnar gagnvart nágrennasvæðum Norðurlanda, 3) miðlun upplýsinga og reynslu og 4) þættir er lúta að stjórnun, markaðsvinnu og þróun upplýsingatækni.

*Norræni vinnuhópurinn um almannatryggingar.*

Markmið vinnuhópsins er að fylgjast með framkvæmd landanna á sameiginlegum alþjóðlegum reglum um almannatryggingar, sérstaklega Norðurlandasamningnum um almannatryggingar. Vinnuhópurinn á að ræða almenna framkvæmd samningsins og einstök mál tengd honum og jafnframt að vera ríkjunum ráðgefandi um almannatryggingar. Skal vinnuhópurinn meta hvort þörf er á að endurskoða ákvæði samningsins vegna breytinga á löggjöf eða reglum í ríkjunum. Þá skal vinnuhópurinn einnig fylgjast með vandamálum sem tengjast stjórnsýsluhindrunum á Norðurlöndum og leggja til lausnir til að koma í veg fyrir slíkar hindranir.

Norræni vinnuhópurinn um almannatryggingar hefur það hlutverk að upplýsa um Norðurlandasamninginn um almannatryggingar og vinna að ráðgjöf um upplýsingastarfsemi og menntun á sviði samningsins. Vinnuhópurinn ræðir spurningar sem upp koma um EES-samstarf á félagslega sviðinu í eðlilegu framhaldi af Norðurlandasamningnum um almannatryggingar. Einnig ræðir hópurinn önnur sameiginleg mál sem tengjast almannatryggingum og getur skipað sérstaka starfshópa til þess að kryfja tiltekin mál.

Á fundi vinnuhópsins um almannatryggingar var m.a. fjallað um samvinnu í örorkumálum, sameiginlegan bækling fyrir Norðurlandasamninga um almannatryggingar og félagslega aðstoð og félagslega þjónustu, sameiginlegt upplýsingaefni og ráðstefnu sem haldin var í Stokkhólmi í júní sl. um frjálsa för fólks. Einnig gáfu vinnuhópar um lífeyrismál, fjölskyldubætur, lagaval og endurhæfingu skýrslur. Þá var rætt um stofnun norræns upplýsingavefjar um almannatryggingar, þörf fyrir sameiginlegan norrænan aðlögunartexta í viðauka við ESB-reglugerð nr. 883/2004 um almannatryggingar og framkvæmdareglugerð ESB. Að lokum var rætt um nýja starfsáætlun og umboð norræna vinnuhópsins um almannatryggingar.

*Norðurlandasamningur um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir ákveðnar heilbrigðisstéttir og dýralækna.*

Samningurinn fjallar um gagnkvæmar viðurkenningar prófskírteina ákveðinna starfsstétta innan heilbrigðis- og dýralæknaþjónustunnar og á að tryggja aðgang norrænna ríkisborgara að norrænum vinnumarkaði á þessum sviðum. Samningurinn nær nú í heild til 22 faghópa en Ísland er einungis aðili að 19 hópum. Eftirlitsnefnd samningsins tekur saman upplýsingar um flutning heilbrigðisstarfsmanna milli norrænu landanna, svo og um fjölda innritaðra og útskrifaðra nemenda á þeim sviðum er undir samninginn heyra. Nefndin fylgist auk þess með framkvæmd á tilkynningarskyldu vegna sviptingar eða takmarkana starfsleyfa á Norðurlöndum.

Haldnir voru tveir fundir á árinu. Haldið var áfram umræðu um framkvæmd norræna samningsins með tilliti til stækkunar ESB, stöðu og áhrif nýrrar tilskipunar ESB um starfsréttindi heilbrigðisstétta og áhrif þjónustutílskipunar ESB á starfsréttindi. Af Íslands hálfu var gerð grein fyrir þeim breytingum sem hafa verið gerðar á lögum og reglum er varða starfsréttindi þriggja heilbrigðisstétta á Íslandi svo og löggildingu nýrrar stéttar áfengis- og vímuvarnar-ráðgjafa.

## 12. Efnahags- og fjármál

Fjármálaráðherrar Norðurlanda (MR-Finans) héldu tvo fundi á árinu. Sá fyrri var haldinn í Asker í Noregi 20. júní. Ráðherrarnir ræddu stöðu og horfur í efnahagsmálum á Norðurlöndum á grundvelli skýrslu sem formennskulandið hafði unnið. Í umræðunum kom m.a. í ljós að atvinna hefur aukist víða meðan atvinnuleysi er viðvarandi annars staðar. Var því ákveðið að kanna hreyfanleika vinnuafis, einkum milli norrænu landanna, og hvern þátt hann á í að viðhalda áframhaldandi jöfnum hagvexti. Rætt var um norrænt samstarf á sviði upplýsingaskipta við sk. skattaparadísir og kynnt nýleg skýrsla um hagræn stjórntæki á umhverfissviði. Seinni ráðherrafundur ársins var haldinn í Kaupmannahöfn 30. október. Þar var m.a. ákveðið að ráðast í athugun á verði og skattlagningu orku á Norðurlöndum.

*Helstu nefndir, skýrslur o.fl.*

*Embættismannanefndin um efnahags- og fjármál (EK-Finans) og ýmsir vinnuhópar.* Embættismannanefndina skipa háttsettir embættismenn í fjármálaráðuneytum landanna, einn frá hverju landi. Verkefni hennar eru fjölbætt. Meginverkefnið er að undirbúa ráðherrafundi og vera ráðgefandi í öllum mál-efnum sem varða starf ráðherranna á norrænum vettvangi. Nefndin hefur þannig yfirumsjón með skýrslugerð og greinargerðarskrifum fyrir ráðherrafundina. Jafnframt hafa gjarnan starfað sérstakir vinnuhópar á vegum nefndarinnar til að sinna ákveðnum verkefnum.

Eftirtaldir vinnuhópar hafa verið að störfum á síðasta ári:

- 1) *Norræna efnahagsnefndin (Nordisk konjunkturgrupp).* Helsta verkefni þessarar nefndar er að fjalla um ástand og horfur í efnahagsmálum, einkum á Norðurlöndum. Auk þess hefur nefndin iðulega fjallað um afmörkuð verkefni á sviði efnahagsmála sem eru ofarlega á baugi hverju sinni. Nefndin hittist tvisvar á ári og hana skipa embættismenn úr fjármálaráðuneytum landanna. Á hverju hausti skilar nefndin sérstakri skýrslu (Ekonomiska utsikter i Norden) um efnahagsmál til fjármálaráðherranna sem síðan er gefin út á vegum Norðurlandaráðs. Á síðustu árum hefur tilgreind skýrsla legið fyrir þegar fjármálaráðherrar Norðurlanda hafa mætt til reglulegs haustfundar.

- 2) *Vinnuhópur á sviði umhverfismála (Miljø- og økonomigruppen)*. Sérstakur vinnuhópur starfar á vegum þeirra embættismannanefnda sem fjalla um efnahagsmál og umhverfismál. Meginverkefni hópsins eru almenn skoðanaskipti um umhverfismál út frá hagrænu sjónarmiði og notkun á hagrænum stjórnækjum í umhverfismálum. Nefndin hittist alla jafna tvisvar á ári. Starfsemin byggir að mestu á því að sérfræðingar eru fengnir til að skrifa skýrslur um tiltekin málefni á verkefnaskrá þessa samstarfs. Á vegum nefndarinnar var gefin út skýrsla um hagræn stjórnækni á sviði umhverfismála sem auk Norðurlanda tekur nú til Eyrstrasaltsríkjanna. Slíkar skýrslur hafa verið gerðar á 2–3 ára fresti undanfarin ár og þykja gefa mjög gott yfirlit yfir stöðu mála á þessum vettvangi. Unnið var verkefni um viðskipti með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda. Gefnar voru út skýrslur um aftengingu hagvaxtar og álags á umhverfi en áfram verður unnið að athugunum á því efni. Framundan eru verkefni sem fjalla um þjóðhagsleg áhrif stefnumótunar í umhverfismálum og notkun hagrænna stjórnækja til að ná markmiðum reglugerðar ESB um notkun efnavara.
- 3) *Samþætting fjárlagagerðar og jafnréttis*. Árið 2002 var settur á fót norrænn starfshópur sem var falið að gera tillögur um norrænt verkefni um samþættingu fjárlagagerðar og jafnréttis. Í hópnum voru einn fulltrúi frá fjármálaráðuneyti hvers lands og einn fulltrúi jafnréttismála í hverju norrænu landanna. Starfshópurinn setti fram þá tillögu að unnið yrði að samþættingu fjárlagagerðar og jafnréttis í hverju landi fyrir sig með tilraunaverkefni, en auk þessa yrði ráðinn verkefnisstjóri sem hefði yfirumsjón með fræðslu og utanumhaldi um verkefni. Verkefninu lauk með ráðstefnu í Helsingfors í nóvember sl. Fyrirliggjandi er skýrsla verkefnisstjóra hópsins og einnig samantekt á verkefnum einstakra landa.
- 4) *Athugun á auknu samstarfi norrænna kauphalla*. Áfram er unnið að samvinnu um innleiðingu EU-tilskipana á fjármálasviði og að öðru sem stuðlar að aukinni hagræðingu á norrænum verðbréfamörkuðum.
- 5) *Nefnd norrænna skattahagfræðinga*. Verkefni þessarar nefndar er að fjalla um skattamál á Norðurlöndum, sérstaklega þau sem eru ofarlega á baugi hverju sinni. Nefndin hélt fund í Uppsölum síðastliðið sumar þar sem m.a. var til umfjöllunar rannsóknarskýrsla um samspil skatta og framboðs á vinnuafli. Þar var einnig fjallað um umhverfisskatta og nýjungar í skattamálum.
- 6) *Norræna launa- og starfsmannanefndin (Löne- och personalutskottet)*. Nefndin er ráðgefandi fyrir ráðherranefndina (samstarfsráðherra Norðurlanda) og stjórnarnefnd Norðurlandaráðs í launa-, ráðningar- og lífeyrismálum þeirra starfsmanna sem starfa við norrænar stofnanir ráðherranefndarinnar svo og starfsmanna á skrifstofum Norðurlandaráðs og ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn. Nefndin fær þessi mál til umfjöllunar frá starfsmannadeild skrifstofunnar í Kaupmannahöfn og annast starfsmannastjóri undirbúning fundanna en nefndin getur einnig að eigin frumkvæði skotið málum varðandi ráðningar- og starfskjör til ráð-

herranefndar og stjórnarnefndar. Ennfremur á nefndin að tryggja að um málefni er varða stofnanirnar fari eftir 5. gr. sáttmála þjóðanna frá 9. des. 1988, um réttarstöðu norrænna stofnana, og að starfsmannafélög njóti um-sagnarréttar áður en ákvörðun er tekin. Á árinu var m.a. farið yfir nýjar starfsmannareglur, en stefnt er að því að þær taki gildi á árinu 2007, og fjallað um stjórnarlaun stofnananna á nýju ári. Rætt var um óánægju starfs-manna skrifstofanna í Kaupmannahöfn með launakjör og ráðningartímabil, hvort tímabundnar ráðningar sem tíðkast hafa standist lög í heimalöndunum og/eða reglur ESB og hvort dönsk starfsmannalög og –reglur gildi um starfsmenn ráðherranefndarskrifstofunnar. Greint var frá jafnréttisáætlun 2006–2007. Fjallað var um skort á reglum um eftirlaunaaldur starfsmanna á skrifstofunum í Kaupmannahöfn og rætt um verkefnaráðningar á stofn-unum.

- 7) *Norræn starfsmannaskipti (nordisk tjenestemandsudveksling)*. Markmiðið með norrænu starfsmannaskiptunum er að auka norræna samvinnu og hefur Norræna ráðherranefndin haft forgöngu um að gera ríkisstarfsmönnum á Norðurlöndum kleift að stunda tímabundið störf eða nám á starfsvettvangi sínum hjá ríkisstofnunum í öðrum norrænum löndum. Starfsmannaskiptin hafa verið möguleg allt frá árinu 1979. Á árinu var hlutdeild Íslendinga 8% af heildarfjárveitingu ráðherranefndarinnar en þar að auki fekkst heimild til að færa á milli ára ónotaða fjárveitingu fyrra árs til Íslendinga. Íslenskir styrkþegar ársins voru átta og hlutu þeir styrki til eins til fimm mánaða dvalar auk greiðslu ferðakostnaðar. Flestir fóru sem fyrr til Danmerkur eða sjö. Einn fór til Noregs. Upplýsingar um starfsmannaskiptin er að finna á heimasíðu fjármálaráðuneytisins.
- 8) *Samstarf yfirmanna skattamála í fjármálaráðuneytum á Norðurlöndum*. Tilgangur samstarfsins er að skapa vettvang til upplýsingamiðlunar og skoðanaskipta milli landanna um þróun í skattamálum. Samstarfið er fólgið í einum árlegum fundi yfirmanna skattamála og á milli þeirra er upplýsing-um miðlað meðal annars með því að send eru milli ráðuneytanna frumvörp og skýrslur um skattamál. Á fundi ársins var gerð grein fyrir helstu breyt-ingum á skattalögum í hverju landi fyrir sig á síðustu tólf mánuðum. Auk þess var rætt um breytingar í skattamálum innan ESB, einkum með tilliti til áhrifa þeirra á Norðurlönd, en sú umræða er orðin fastur liður á þessum fundum. Einnig var rætt um OECD samstarfið. Að lokum er á þessum fund-um almennt fjallað um einstök stærri mál á sviði skatta, sem einstök lönd óska eftir að ræða.
- 9) *Norræna skattrannsóknarráðið*. Markmið skattrannsóknarráðsins er að stuðla að skattrannsóknum í lögfræði og hagfræði. Ráðið heldur fund einu sinni á ári auk þess sem árlega er haldin ráðstefna í einhverju aðildarlandanna þar sem tekin eru fyrir mismunandi rannsóknarverkefni á sviði skattamála. Þá gefur ráðið út árbók þar sem birtir eru fyrirlestrar og skýrslur frá ráð-stefnu ársins. Ráðstefnan í ár var haldin í október og var umfjöllunarefnið skattlagning lífeyrisgreiðslna.



- 10) *Norrænn embættismannafundur í skattamálum*. Nefndin ræðir málefni er varða norræna tvísköttunarsamninginn frá 1996 og þau vandamál er upp koma hverju sinni við túlkun samningsins og samræmir túlkun hans sín á milli. Á árinu 2005 hófst endurskoðun samningsins.
- 11) *Samstarf fjárlagastjóra Norðurlanda*. Fjárlagastjórar, það er forstöðumenn þeirra skrifstofa í fjármálaráðuneytum norrænu landanna sem hafa umsjón með fjárlögum, hittast alla jafna tvisvar á ári. Fjallað er um þau málefni sem eru efst á baugi í fjárlagagerð landanna hverju sinni. Enn fremur eru tiltekin mál tekin til umræðu sem hafa áhrif á fjárlagagerðina, stjórn ríkisfjármála, ríkisreksturinn og ákvörðun útgjaldaramma til lengri eða skemmri tíma. Tekin eru fyrir ákveðin áherslumál í ríkisrekstri hjá hverju ríki sem efst eru á baugi hverju sinni. Samstarfið er mikilvægur vettvangur fyrir miðlun upplýsinga og reynslu af breytingum í ríkisfjármálum auk þess að auðvelda samskipti milli fjármálaráðuneyta ríkjanna.
- 12) *Sérfræðinganefnd um norræn fjárlög (Budgetexpertgruppen)*. Hlutverk nefndarinnar er að skila faglegri umsögn um tillögu samstarfsráðherra um frumvarp til norrænu fjárlaganna, bæði tæknilegri og efnislegri. Nefndin tekur einnig til umfjöllunar afmörkuð mál sem samstarfsráðherrar vísa til hennar. Á árinu kom sérfræðinganefndin að vinnu á úrbótum norrænu fjárlagana.

*Önnur starfsemi á vegum fjármálaráðherra.*

- 1) *Eystrasaltsnefndin (Baltikumudvalget)*. Fjárfestingaráætlun fyrir Eystrasaltsríkin miðaði að því að hjálpa litlum og meðalstórum fyrirtækjum og koma á fót sérstökum fjárfestingarþöngum í þessum ríkjum með árlegum fjárframlögum frá Norðurlöndum. Hlutverk nefndarinnar var að hafa eftirlit og yfirumsjón með þessu verkefni, m.a. í nánun samstarfi við fulltrúa Norræna fjárfestingarbankans (NIB), Evrópubankans í London (EBRD) og Norræna verkefnaútflutningssjóðsins (Nopef). Þessari áætlun lauk formlega árið 2000 en nefndin hefur þó áfram fylgst með einstökum þáttum hennar eftir því sem þörf er á.
- 2) *Norrænu-baltnesku ráðgjafanefndirnar*. Haustið 2000 var ákveðið að styrkja samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna til undirbúnings funda á vegum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Settar voru á laggirnar tvær embættismannanefndir með þátttöku frá fjármálaráðuneytum og seðlaböngum landanna, en það eru norræna-baltneska fjármálanefndin og norræna-baltneska fulltrúanefndin. Helstu verkefni nefndanna eru að undirbúa fundi í fjárhagsnefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (IMFC). Einnig er nefndunum ætlað að skoða hvernig megi efla starf norrænu-baltnesku skrifstofunnar í Washington og gera tengsl hennar við stjórnvöld heima fyrir markvissari. Loks er nefndunum falið að fylgjast náið með öllu starfi innan sjóðsins með milligöngu skrifstofunnar í Washington og undirbúa þær ákvarðanir sem þar þarf að taka.

Auk þeirra verkefna sem hér hafa verið nefnd er rétt að vekja athygli á að fjármálaráðherrar Norðurlanda hafa um árabil haft nán samráð á vettvangi

ýmissa alþjóðastofnana. Þannig hafa ráðherrarnir samráð fyrir fundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eins og áður hefur verið minnst á. Ennfremur má nefna hliðstætt samráð vegna funda á vegum OECD. Meginlínurnar eru gjarnan lagðar á norrænum ráðherrafundum og þeim er fylgt eftir á hinum ýmsu fundum innan OECD, jafnt ráðherrafundum sem öðrum. Þá má nefna aðild ráðherranna að Eyrstrasaltsráðinu, ásamt fjármálaráðherrum Þýskalands, Póllands, Rússlands og Eyrstrasaltsríkjanna, en þessir aðilar halda að jafnaði einn fund á ári.

### 13. Umhverfismál

Samstarf norrænu umhverfisráðherranna (MR-M) byggir á norrænni framkvæmdaáætlun í umhverfismálum. Framkvæmdaáætlun sem nú er unnið eftir gildir fyrir árin 2005–2008 og var hún unnin undir formennsku Íslands á árinu 2004.

Fjögur meginefni eru í forgrunni í áætluninni. Þau eru:

- maðurinn og heilsan,
- hafið,
- verndun náttúrunnar,
- sjálfbær framleiðsla og neysla.

Norræna embættismannanefndin um umhverfismál (EK-M) undirbýr ráðherrafundi auk annarra verkefna sem henni eru falin af ráðherranefndinni.

Hugmyndin að baki þessum meginefnum er að ekki sé hægt að skoða umhverfismál á einangraðan hátt heldur verði að skoða þau í heild sinni. Til dæmis verði þannig að skoða hættuleg efni bæði út frá þeim áhrifum sem þau geti haft á heilsu manna og út frá áhrifum sem þau hafi á náttúruna. Í nýrri framkvæmdaáætlun er áhersla lögð á aukna samþættingu milli geira svo og samvinnu milli vinnuhópa. Framkvæmdaáætluninni er ætlað að vera leiðsögurit fyrir samstarfið á þessum fjórum árum milli norrænu landanna, við ESB og aðrar alþjóðlegar stofnanir, grannsvæðin og norðurskautssvæðið. Vinna er vel á veg komin við að meta hvernig til hefur tekist að innleiða áætlunina. Fyrstu niðurstöður benda til að vel hafi tekist með innleiðingu á norrænu framkvæmdaáætluninni.

Umhverfisráðherrar Norðurlanda voru sammála um að ná þurfi samstöðu um harðari aðgerðir á alþjóðavísu til að minnka losun gróðurhúsalofttegunda eftir árið 2012. Orkuframleiðsla og orkunotkun hafa mest áhrif á heildarlosun gróðurhúsalofttegunda á Norðurlöndum eins og víðast annars staðar. Þess vegna var samhljómur um að mikilvægustu aðgerðirnar til að draga úr losun koltvísýrings (CO<sub>2</sub>) út í andrúmsloftið væri aukin notkun endurnýjanlegra orkugjafa og minni orkunotkun. Viðurkennt er að aðgerðir til að stemma stigu við losun gróðurhúsalofttegunda séu komnar of skammt á veg og veðurfarsbreytingar séu nú þegar staðreynd. Norrænu löndin munu sameiginlega beina spjótum sínum á næstunni að sameiginlegum aðgerðum og áætlunum í loftslagsmálum. Þannig hafa norrænu umhverfisráðherrarnir sett af stað vinnu sem miðar að því að kortleggja hvaða áhrif tveggja gráðu hlýnun hefði í för með sér á Norðurlöndum. Veðurfarsbreytingar munu hafa ólík áhrif á einstökum

svæðum allt frá Grænlandi austur til Finnlands og Eystrasalts, en eitt og annað er þó sameiginlegt sem gefur fullt tilefni til samstarfs landanna. Ísland kynnti hugmynd þess efnis að Norðurlönd tækju upp samnorrænt loftslagslíkan. Hugmyndin kom fram á alþjóðlegri ráðstefnu um hafstrauma og loftslagsmál sem umhverfisráðuneytið og fleiri ráðuneyti héldu hér á landi í september sl. Slíku líkani er ætlað að gera vísindamönnum kleift að spá í og rannsaka breytingar á loftslagi norðurslóða.

Umhverfisráðherrar Norðurlanda ákváðu að stuðla að efltri baráttu gegn mengun af völdum kvikasilfurs og þrávirkra lífrænna efna. Norðurlönd munu beita sér fyrir gerð alþjóðlegs sáttmála gegn kvikasilfursmengun, sem fer vaxandi víða, m.a. á norðurslóðum. Unnið verður upplýsingaefni um mengun af völdum kvikasilfurs, sem kynnt verður í alþjóðlegum viðræðum um aðgerðir gegn slíkri mengun. Einnig verður lagt til hliðar fjármagn, sem nota má við framkvæmd alþjóðlegs samnings um kvikasilfur, ef samkomulag næst um gerð slíks samnings á fundi Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna í febrúar 2007. Þá munu norrænu löndin vinna að því að ný efni verði tekin inn í Stokkhólms-samninginn, sem kveður nú á um takmörkun á losun tólf þrávirkra lífrænna efna.

Samþykkt var sérstök áætlun um kemísk efni og loftslagsbreytingar á norðurskautssvæðinu en hún er hugsuð sem innlegg umhverfissviðsins í viðtækari stefnu Norrænu ráðherranefndarinnar í norðurskautsmálum. Áætlunin gerir ráð fyrir að áhersla verði lögð á áhrif kemískra efna og loftslagsbreytinga á náttúru og heilsu fólks sem býr við norðurskautið.

#### *Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO).*

Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið heyrir undir norrænu ráðherranefndina um umhverfismál (sjá nánar um NEFCO, kafla 17.2.)

#### *Norræn áætlun um sjálfbæra þróun.*

Í kjölfar yfirlýsingar forsætisráðherra Norðurlanda í nóvember 1998 um sjálfbær Norðurlönd samþykktu þeir áætlun um sjálfbæra þróun á Norðurlöndum. Ytri rammi áætlunarinnar nær allt til ársins 2020 en ráðgert er að endurskoða markmið hennar með jöfnu millibili. Fyrsta endurskoðun áætlunarinnar fór fram á árinu 2004. Í endurskoðaðri áætlun eru sett fram ný markmið og verkefni fyrir tímabilið 2005–2008 án þess að hróflað sé við langtímamarkmiðum rammaáætlunarinnar. Lögð er áhersla á eftirtalin þverfagleg svið: Sjálfbæra neyslu og framleiðslu, félagslegu viddina, loftslag, líffræðilega fjölbreytni, hafið, efni og efnavörur og öryggi matvæla. Lögð er meiri áhersla á hina félagslegu og efnahagslegu vidd en í upphaflegu áætluninni. Kafinn um sjálfbæra neyslu og framleiðslu er nýtt áherslusvið sem á m.a. rætur að rekja til framkvæmdaáætlunar leiðtogafundarins í Jóhannesarborg árið 2002.

Áætlun Norðurlanda um sjálfbæra þróun er að finna á slóðinni [www.norden.org/pub/sk/showpub.asp?pubnr=2005:1108](http://www.norden.org/pub/sk/showpub.asp?pubnr=2005:1108).

Ríkisstjórnir Norðurlanda bera meginábyrgð á að fylgja eftir þeim markmiðum og verkefnum sem sett eru fram á hverju tímabili innan rammaáætl-

unarinnar. Aðrar fagráðherranefndir móta starf sitt og áherslur með hliðsjón af þeim áherslum sem fram koma á hverju tímabili og sérstakur stýrihópur skipaður einum fulltrúa frá hverju landi fylgist með framgangi hennar.

Á árinu var gefin út skýrsla með tölulegum vísbendingum þar sem leitast er við að sýna hvernig miðar í átt að settum markmiðum um sjálfbæra þróun í löndunum. Skýrsluna er að finna á slóðinni [www.norden.org/pub/sk/showpub.asp?pubnr=2006:002](http://www.norden.org/pub/sk/showpub.asp?pubnr=2006:002).

Á árinu var einnig efnt til ráðstefnu þar sem fjallað var um framkvæmd þeirra markmiða sem sett eru í framkvæmdaáætluninni og hvernig má nýta hana sem lyftistöng fyrir starf að sjálfbærri þróun á Norðurlöndum og í alþjóðlegu starfi.

#### *Fastir vinnuhópar á vegum umhverfisráðherra Norðurlanda.*

Á vegum norrænu umhverfisráðherranna eru fimm fastir vinnuhópar og fimm þverfaglegir hópar sem eru í samstarfi við önnur samstarfssvið í norrænu samstarfi, í samræmi við þá reglu að samþætta eigi umhverfissjónarmið á öllum sviðum samfélagsins.

#### *Vinnunefnd um umhverfi hafs og lofts.*

Nefndin styrkir verkefni sem stuðla að uppbyggingu þekkingar um mengun hafs og lofts, einkum í tengslum við alþjóðlega samninga. Meðal þessara samninga eru CLRTAP, OSPAR og HELCOM, AMAP og Stokkhólmssamningurinn, auk verkefna í tengslum við ESB er varða loftgæði og tilskipanir um útblástur, mótun evrópskar stefnu um hafið og framkvæmd rammatilskipunar um vatn. Á árinu var veittur styrkur til 19 verkefna sem snerta m.a. rykmengun, næringarefnaofauðgun í hafinu og líkanagerð og þrávirk lífræn mengunarfni.

#### *Efnavörunevndin.*

Vinnunefndin um efnavörur er í forsvari fyrir norrænu samstarfi á sviði eiturefna og hættulegra efna.

Markmið starfsins er að notkun efna hafi ekki í för með sér óæskileg áhrif á heilsu og umhverfi og að losun skaðlegra efna verði hætt. Nefndin stuðlar að samstarfi stjórnvalda og samræmingu verkefna þannig að tiltækt fjármagn nýtist sem best.

Unnið er að verkefnum sem nýtast Norðurlöndum sérstaklega. Megináherslan hefur þó beinst að verkefnum sem nýtast í alþjóðlegu samstarfi og samningum, einkum innan ESB og EES. Verkefni eru af ýmsu tagi. Nefna má söfnun upplýsinga og bætt aðgengi að upplýsingum til að auka þekkingu á efnum sem eru á markaði, þróun aðferða til að meta áhættu og aðgerðir til að draga úr notkun hættulegra efna. Vaxandi áhersla hefur á liðnum árum verið á verkefni er tengjast væntanlegri efnalöggjöf í Evrópu (Registration, Evaluation and Authorisation of Chemicals, REACH). Undir vinnunefndinni starfa ráðgefandi verkefnahópar og átta Ísland fulltrúa í átta þeirra á árinu.

Niðurstöður úr verkefnum vinnuhópanna hafa verið gefnar út sem skýrslur,

prófunaraðferðir og kynningar- og fræðsluefni. Gagnabankar sem komið hefur verið á fót á vegum nefndarinnar gegna stöðugt stærra hlutverki fyrir sérfræðinga á Norðurlöndum, í Evrópu og víðar enda eru þeir mikilvæg verkfæri fyrir stjórnvöld og aðra sem þurfa að afla upplýsinga um notkunarsvið og áhrif af notkun efna.

#### *Nefnd um náttúruvernd, útivist og menningarumhverfi.*

Hlutverk nefndarinnar er fyrst og fremst:

- að vernda líffræðilega fjölbreytni þ.m.t. erfðaaauðlinda,
- að samþætta vernd náttúru- og menningarumhverfis þ.m.t. landslags,
- að standa vörð um útivist sem byggist á almannarétti og auka möguleika fólks, sérstaklega barna, til útivistar m.a. sem liður í heilsuvernd.

Kynnt voru níu verkefni sem hafa verið unnin samkvæmt norrænni verkefnaáætlun um náttúru- og menningarminjavernd á heimskautssvæðum (Grænlandi, Íslandi og Svalbarða) 2000–2006. Eitt stærsta verkefnið fjallar um „Áhrif botnvörpuveiða á norðurslóðum“ á lífríki og menningarminjar. Verkefnið var unnið undir stjórn Hafrannsóknarstofnunarinnar og voru rannsóknir vegna hörpudiskveiða notaðar sem dæmi. Verkefnið NoNaKlim fjallaði um áhrif loftslagsbreytinga á náttúru Norðurlanda og vakti það töluverða alþjóðlega athygli.

Verkefnið NOBANIS er gerð gagnagrunns sem er aðgengilegur á netinu og geymir ýmsar upplýsingar um ágengar erlendar tegundir. Þar má finna upplýsingar um tegundirnar, reglugerðir og viðbrögð svo og upplýsingar um ýmsar heimildir og sérfræðinga á sviðinu. Verkefnið hefur verið fyrirmynd fyrir evrópska gagnagrunna og nýtur stuðnings margra landa og er liður í að efla vernd líffræðilegrar fjölbreytni.

Byrjað var á tveimur verkefnum sem eru hluti af markmiðinu um að stöðva tap á líffræðilegri fjölbreytni fyrir árið 2010. Annað verkefnið er unnið með þátttöku sveitarfélaga. Verkefnið „Réttur barna og ungs fólks til að eiga heilbriggt líf með möguleika á útivist í náttúrulegu og ómenguðu umhverfi“ sýnir m.a. hvernig hægt er með einföldum hætti að tryggja opin svæði, aukna notkun barna á þeim og mikilvægi þessa sem þáttar í góðri heilsu barna. Þátttakendur í verkefninu voru nemendur úr 42 skólum, þ.e. 179 bekkir og 3275 nemendur frá 9 löndum (Norðurlöndum, Eystrasaltsríkjunum og Norðvestur-Rússlandi).

Haldin var ráðstefna um mikilvægi útivistar í borgum og bæjum og einnig tengsla við þjóðgarða.

#### *Vinnunefnd um vörur og úrgang.*

Verkefni nefndarinnar eru á sviði umhverfisvænnar vöruþróunar, hreinni framleiðslutækni og úrgangsmála. Vinna í nefndinni fer að miklu leyti fram í verkefna- og tengiliðahópum. Þessir hópar stýra tilteknum verkefnum og vinna að því að bæta upplýsingastreymi milli aðila innan málaflokksins. Þá tekur vinna nefndarinnar mið af EES-samningnum, bæði varðandi gerðir sem eru í farvatninu og framkvæmd EES-gerða. Nefndin hefur m.a. unnið að umhverf-

isstjórnun, skilgreiningu á bestu fánlegu tækni og umhverfismálum í litlum samfélögum. Þá tekur nefndin þátt í skilgreiningu á bestu fánlegu tækni á Evrópuvettvangi. Nefndin er m.a. aðili að heimasíðu um úrgangsmál á Norðurlöndum ([www.nordic-waste.info](http://www.nordic-waste.info)) og tengist heimasíðu um líftímagreiningu ([www.norlca.org](http://www.norlca.org)). Á árinu var áfram unnið að verkefnum er varða bestu fánlegu tækni (BAT) og komu m.a. út bæklingar um BAT í fiskeldi og um meðhöndlun úrgangs í fiskiskipum. Þá var fullgerð skýrsla um bílaverkstæði og bílþvottastöðvar. Forverkefni um umhverfisstjórnun í dreifðum byggðum var lokið og gefnar út tvær skýrslur. Þá var lokið við verkefni um samsetningu heimilisúrgangs. Hópurinn tók þátt í undirbúningi að ráðstefnu um Staðardagskrá 21 og sjálfbæra þróun sem haldin var í Ósló í október. Hafið var verkefni um meðhöndlun úrgangs í höfnum og úrgangssáætlanir fyrir hafnir, en það er unnið hér á landi. Nefndin vinnur náið með samstarfsnefndinni um framleiðslumiðaða stefnumótun í umhverfismálum.

*Vinnunefnd um umhverfissvöktun og meðferð gagna.*

Vinnunefndin leggur höfuðáherslu á þrjú málaflokka; líffræðilega fjölbreytni, hættuleg lífræn efni (POPs) og verkefni tengd rammatilskipun ESB um vatn.

Verkefni sem vinnunefndin beitir sér fyrir má skipta í þrjú flokka: undirbúningsvinnu til greiningar á þörf fyrir ný vöktunarverkefni m.a. með rannsóknum á útbreiðslu; vöktun, en í henni felst m.a. þróun aðferða, gæðastjórnun vöktunargagna og samhæfing vöktunaraðferða; úrvinnslu og nýtingu gagna með þróun umhverfisvísa sem notaðir eru til þess að miðla upplýsingum um niðurstöður vöktunarverkefna auk líkana og sviðsmynda þar sem vöktunargögn eru notuð til þess að segja fyrir um þróun.

Verkefni vinnunefndarinnar innan þessara málaflokka eru m.a. myndun þekkingarnets vegna ágengra tegunda, kortlagning vistgerða og vöktun þeirra, áhættugreining vegna efna- og lyfjanotkunar í sjávareldi, notkun landfræðilegra upplýsingakerfa við strandsvæðaflokkun, mat á aðferðum og vöktunargögnum vegna lífrænna efna í lofti og úrkomu og samanburðarúttekt á POPs efnum og afleiðum þeirra í lífríki á Norðurlöndum.

Vinnuhópurinn er ábyrgur fyrir samræmingu á langtímavöktun á Norðurlöndum og styður sambærileg verkefni á grannsvæðunum. Öll verkefni vinnuhópsins skulu vera unnin í samstarfi við aðra vinnuhópa ráðherranefndarinnar eða verkefni sem ráðherranefndin eða embættismannanefndin hefur óskað eftir.

*Dverfaglegir vinnuhópar – samstarf við aðra geira:  
Samstarfsnefnd um loftslagsmál.*

Á vegum umhverfis- og orkumálaráðuneyta er starfandi samstarfsnefnd um loftslagsmál. Starf nefndarinnar hefur að stærstum hluta snúið að verkefnum sem fjalla um framkvæmd Kyoto-bókunar loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna. Hingað til hafa verkefnin snúið að framkvæmd Kyoto-bókunarinnar, en

beinast nú meira að framtíðarskuldbindingum ríkjanna og leiðum að markmiðum loftslagssamningsins eftir 2012. Sumarfundur samstarfsnefndarinnar var haldinn á Íslandi.

*Samstarfsnefnd um umhverfis- og efnahagsmál.*

Sérstakur vinnuhópur starfar á vegum þeirra embættismannanefnda sem fjalla um efnahagsmál og umhverfismál (sjá nánar um vinnuhópinn, kafla 12).  
*Samstarfsnefnd um fiskveiðar og umhverfismál.*

Nefndin er samstarfsvettvangur embættismannanefndanna um sjávarútvegs- og umhverfismál. Hún er skipuð tveimur fulltrúum frá hverju norrænu landanna þ.e. einum frá yfirvöldum fiskveiða og einum frá umhverfisyfirvöldum.

Nefndin fjallar um stefnumótun í starfinu og úthlutun styrkja til verkefna á starfssviði nefndarinnar og hefur m.a. verið rædd væntanleg stefnumótun ESB um málefni hafsins (European Marine Strategy). Helstu verkefni sem njóta stuðnings nefndarinnar eru rannsóknir á djúpsjávarsamfélögum á norðvestursvæðinu, könnun á ástandi beltisþara í Skagerak svo og málstofur um hlutverk friðlýstra svæða í fiskveiðistjórnun, kaldsjávarkórala, kortlagningu vistgerða og botngerð sjávar og úrgang frá skipum.

*Samstarfsnefnd um umhverfi, landbúnað og skógrækt.*

Í nefndinni starfa saman fulltrúar af umhverfis- og landbúnaðarsviði. Stefnumörkunin byggist á eftirfarandi sjö meginþáttum: bættri nýtingu auðlinda, líffræðilegri fjölbreytni, jarðvegseyðingu, hreindýrabúskap, nýjum framleiðsluaðferðum, menningarumhverfi og menningarlandslagi og alþjóðlegu samstarfi.

*Samstarfsnefnd um framleiðslumiðaða stefnumótun í umhverfismálum.*

Nefndin er þverfaglegur samstarfsvettvangur aðila sem starfa að umhverfismálum, neytendamálum og málefnum atvinnulífsins. Aðalmarkmiðið með starfi nefndarinnar er að draga úr neikvæðum áhrifum sem framleiðsla á vörum og þjónustu getur haft á umhverfi og heilsu manna. Þetta á að gera m.a. með því að huga að umhverfisþáttum í öllum framleiðsluþáttum og nýta auðlindir á eins sjálfbæran hátt og unnt er. Meðal grunnþátta í starfi nefndarinnar eru verkefni sem varða umhverfisupplýsingar til neytenda og opinber vistvæn innkaup. Nefndin hefur fylgst náið með og unnið að umhverfisstöðlum á alþjóðlegum vettvangi. Nefndin gegnir mikilvægu hlutverki í því starfi á sviði sjálfbærrar framleiðslu og neyslu. Nefndin kom að alþjóðlegri norrænni ráðstefnu um opinber græn innkaup sem haldin var í Noregi í nóvember sl. og vann að sameiginlegum norrænum innkaupaviðmiðunum og verkefnum á sviði umhverfistækni. Nefndin hefur náið samráð við vinnunefndina um vörur og úrgang.

## 14. Sjávarútvegur, landbúnaður, matvælamál og skógrækt

Starfið innan ráðherranefndarinnar fyrir sjávarútveg, landbúnað, matvælamál og skógrækt (Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir matvæli, MR-FJLS) er nú sem óðast að fá á sig fast form en á umliðnum árum hefur það gengið í gegnum umtalsverða endurskipulagningu. Þannig er nú starfandi ein embættismannanefnd (EK-FJLS), sem starfar í fjórum fagdeildum en þær voru þrjár áður og störfuðu hver fyrir sig sem sjálfstæðar embættismannanefndir. Deildirnar eru sjávarútvegsdeild, landbúnaðardeild, matvæladeild og skógræktardeild auk sérstakrar deildar sem fer með þverfagleg málefni og allt það er lýtur að samræmingu á starfi fagdeildanna, s.s. að undirbúa dagskrá ráðherra-funda. Þá hefur samstarfinu verið sett heilstæð áætlun sem unnið er eftir og gildir hún út árið 2008. Í fyrri skýrslu hefur verið gerð grein fyrir helstu efnisþáttum áætlunarinnar og verður það ekki endurtekið hér.

Norðmenn fóru með formennsku í Norrænu ráðherranefndinni þetta árið undir einkunnarorðunum „Ný Norðurlönd: Endurnýjun og samstarf í Norður-Evrópu“. Gáfu þessi einkunnarorð eðlilega tóninn í samstarfinu innan ráðherranefndarinnar fyrir matvæli rétt eins og á öðrum sviðum þótt vitaskuld sé margt í starfi fagdeildanna fast í formi og miði fyrst og fremst að samstarfi innan Norðurlanda frekar en að samstarfi þeirra út á við.

Ráðherranefndin sjálf kom saman til tveggja funda þetta árið. Hinn árlegi sumarfundur matvælaráðherra Norðurlanda fór fram í Svolveg á Lófóten í Noregi hinn 6. júlí. Í tengslum við fundinn var haldin almenn ráðstefna í Bodø um byggðaðróun í dreifbýli til sjávar og sveita og fundur ráðherranna með fulltrúum atvinnugreinanna sem heyra til verksviðs ráðherranefndarinnar. Þá fór þann 7. nóvember fram fundur ráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna (NB8) í Jevnaker í Noregi. Fundurinn með ráðherrum Eystrasaltsríkjanna fer fram þriðja hvert ár en fundir í fagdeildunum og samræmingarnefndinni fara fram tíðar; til jafnaðar árlega.

Helstu mál á sumarfundinum á Lófóten var að samþykkt var ítarleg ályktun um byggðaðróun í dreifbýli til sjávar og sveita (Ministererklæring um kyst-, skov- og landdistriktisudvikling i Norden), ákvörðun var tekin um næstu skref í samstarfinu um erfðaauðlindir, þ.m.t. frælagerinn á Svalbarða, ályktað var um að herða baráttuna gegn ólöglegum og óskráðum fiskveiðum, þá gerðu ráðherrarnir formlega samþykkt um áætlun um að auka heilbrigði og lífsgæði almennings á Norðurlöndum, viðbragðaáætlanir gagnvart dýrasjúkdómum og loks um aukna hagnýtingu lífrænnar orku (bioenergi). Verður ítarlegri grein gerð fyrir ályktununum eftir því sem við á í skýrslum fagdeildanna hér á eftir.

Á fundi matvælaráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna var samþykkt sambærileg ályktun um byggðaðróun og á sumarfundinum. Einnig voru samþykktar ályktanir um formlega samstarfsáætlun vegna dýrasjúkdóma og um erfðaauðlindir sem báðar tóku mikið mið af sambærilegum ályktunum frá sumarfundinum. Ennfremur var samþykkt ályktun um gráselastofninn í Eystrasalti.



### *Sjávarútvegsmál.*

Norðmenn lögðu í krafti formennsku sinnar höfuðáherslu á tvö viðfangs-efni á árinu, annars vegar baráttuna gegn ólöglegum og óskráðum fiskveiðum og hins vegar að stuðla að aukinni áherslu á vistkerfisnálgun í stjórnun fiskveiða. Bæði þessi mál eru okkur Íslendingum afar hugleikin og áherslan á vistkerfisnálgunina á sér raunar upphaf á formennskuári Íslands 2004.

Á sumarfundinum á Lófóten samþykktu ráðherrarnir einarða ályktun gegn ólöglegum veiðum og að gripið skuli til aðgerða. Hefur embættismannanefndin þegar samþykkt tvö verkefni í því sambandi, annars vegar að skoða á hvaða rekstrarlegum stöðum veiðarnar standa út frá listum yfir þau skip sem uppvís hafa orðið að slíkum veiðum og hins vegar að skoða lagalega og framkvæmdalega möguleika á að auka hafnríkiseftirlit með löndum fisks. Bæði verkefnin verða unnin í samráði og samstarfi með aðilum sem vinna að sama markmiði.

Í september stóðu Norðmenn ásamt Norrænu ráðherranefndinni og Íslendingum, í samstarfi við Matvæla- og landbúnaðarstofnun SP (FAO), að ráðstefnu um upptöku vistkerfisnálgunar í fiskveiðum (Implementing the Ecosystem Approach to Fisheries). Ráðstefnan fór fram í Björgvín og var öflug fræðilega séð og fjölsótt en þátttakendur voru u.þ.b. 150 frá 38 löndum. Í framhaldinu gekk embættismannanefndin frá ályktun um efnið sem send verður FAO ásamt fræðilegri samantekt frá ráðstefnunni og er þess vænst að þetta geti orðið öflugt innlegg á næsta FAO-COFI fund í mars 2007.

Unnið er að fleiri verkefnum innan sjávarútvegsdeildar EK-FJLS. Hér má t.d. nefna að ráðstefna um hagræna fiskveiðistjórn var haldin á árinu í Færeyjum, unnið er að rannsókn á því hvort til staðar séu einhverjar viðskiptahindranir sem hamla verslun með fisk innan Norðurlanda og unnið er að gerð fræðilega fullnægjandi vísa („indikatorer“) varðandi mat á sjálfbærni fiskveiða á Norðurlöndum.

Starfið innan vísindavinnuhóps embættismannanefndarinnar (NAF) gekk vel á árinu og sama máli gegnir um samráðshóp sjávarútvegs- og umhverfismála (MiFi).

Norðurlönd eiga einnig samstarf við Eystrasaltsríkin á sviði sjávarútvegsmála en á árinu var haldinn ráðherrafundur á þessum vettvangi. Á þeim fundi var samþykkt gagnmerk ályktun um gráselastofninn í Eystrasalti sem hefur verið friðaður um alllangt skeið og hefur fjölgað sér mjög. Í ályktuninni er lögð áhersla á að taka þurfi upp sjálfbæra nýtingu á þessari sjávarauðlind sem öðrum og Íslendingar geta eindregið stutt það sjónarmið.

### *Landbúnaður.*

Meginviðfangsefni landbúnaðardeildar embættismannanefndarinnar á árinu var að fylgja eftir ályktunum ráðherrafundarins í Árósum í Danmörku í júní 2005.

Í framhaldinu hefur verið unnið að því að móta nýja samstarfsáætlun sem fengið hefur heitið „Ný norræn matvæli“ og hefur það hlutverk að varpa ljósi á þá fjölbreyttu möguleika til verðmætasköpunar sem felast í matvælaframleiðslu Norðurlanda. Tilgangurinn er að auka samstarf landanna í mat-

vælaframleiðslu og matreiðslu og jafnframt að tengja þetta verkefnum á sviði ferðaþjónustu, heilbrigðis, byggðaðróunar og viðskipta. Matvæli gegna fjölbættu hlutverki í efnahagslífinu sem ekki hefur verið metið að verðleikum og ýmsir möguleikar á þessu sviði hafa enn ekki verið nýttir. Norrænu löndin eru þekkt fyrir hreinleika, ferskleika og einfaldleika og þetta eru þættir sem eiga ríkan þátt í lífsgæðum þjóðanna. Þessir þættir einkenna einnig norræn matvæli. Möguleikarnir til að nýta þessi tækifæri hafa langt frá því verið tæmdir. Umræða um og skilningur á gildi norrænna matvæla og matreiðsluhefðar hefur aukist til muna undanfarin ár. Margir einstaklingar á Norðurlöndum hafa átt ríkan þátt í þessu og stuðlað að því að norræn matvæli eru í dag litin öðrum augum en áður var. Verkefni um ný norræn matvæli var formlega ýtt úr vör með athöfn í Kristjánsborgarhöll í Kaupmannahöfn í tengslum við þing Norðurlandaráðs í nóvember sl. Við það tækifæri útnefndi Guðni Ágústsson, landbúnaðarráðherra, ellefu einstaklinga frá norrænu ríkjum fimm „sendiherra fyrir ný norræn matvæli“. Hlutverk þeirra er að standa vörð um þau gildi sem gera norræn matvæli og eldamenskuna einstaka og tala fyrir mikilvægi þessara gilda. Þeir eiga að auka skilning á mikilvægi norrænna matvæla og fræða um norrænar matvælahefðir. Þeir eiga einnig að stuðla að nýsköpun og framþróun nýrra hugmynda um norræn matvæli og matvælamenningu.

Á árinu var unnið áfram að verkefninu NordFram um framtíðarhlutverk landbúnaðarins og menningarlandslagið. Í tengslum við ráðherrafundinn í Lófóten var haldið málþing þar sem niðurstöður þessarar vinnu voru dregnar saman. Þróun byggðanna er að hluta háð okkar eigin gerðum og ákvörðunum en í vaxandi mæli því sem gert er og gerist á alþjóðlegum vettvangi. Hlutverk stjórnvalda hefur breyst úr því að vera beinn þátttakandi í framvindu atvinnugreinanna í það að skapa þeim umhverfi og setja leikreglur. Hin dreifða frumframleiðsla þarfnast æ færri handa. Því er nauðsynlegt að skapa ný störf og viðfangsefni til hliðar við og/eða í tengslum við frumframleiðsluna. Nýsköpun og frumkvöðlastarf eru því lykilatriði. Það kallar á fjármagn, ekki síst til rannsóknna, þróunar og ráðgjafar, sem getur skapað einstaklingunum örvandi umhverfi, en árangurinn veltur fyrst og fremst á markvissu framtaki þeirra. Síðustu árin hefur áhersla verið lögð á hinn nýja landbúnað, landbúnað sem mætir fleiri kröfum þegna og samfélags en kröfunni um iðnaðarhræfni og mat. Uppfylla þarf kröfur um gæði, fjölbreytni og hollustu matvæla sem og afþreyingu og sameiginleg lífsgæði, þ.e. umhverfisvernd, siðfræði framleiðslunnar, varðveislu líffræðilegs fjölbreytileika, menningarlandslags og svæðabundinnar menningar. Þessi atriði styrkja ferðaþjónustuna, sem er vaxandi atvinnugrein á norðurslóðum.

Mikilvægt er að styrkja byggðir til lands og stranda. Styrk sinn geta þær fyrst og fremst sótt í mannauðinn. Nauðsynlegt er að skapa fjölbreytni í arðgæfum atvinnukostum; það gerist fyrst og fremst með því að áhersla sé lögð á nýsköpun og frumkvöðlastarf. Nýting staðbundinna auðlinda, hvort heldur eru efnisleg verðmæti eða sú saga og menning sem mótast hafa á svæðinu er þýðingarmikill liður í að tryggja sjálfbærni atvinnulífsins og þar á hinn ný landbúnaður mikla möguleika.

Unnið var að framkvæmd ályktunar ráðherrafundarins í Árósum varðandi samstarf um viðbragðsáætlanir gegn útbreiðslu dýrasjúkdóma. Viðbragðsáætlun eða æfing vegna hugsanlegs gin- og klaufaveikifaraldurs fór fram í október sl. með þátttöku frá fimm norrænu landanna. Sameiginlega búa þjóðirnar yfir mikilli reynslu og hafa á að skipa fjölmennu liði færustu sérfræðinga. Æfingin gaf því verðmæta reynslu og sýndi ljóslega gagnsemi slíks samstarfs, ekki síst fyrir okkur Íslendinga. Norðurlönd hafa einnig síðustu misserin tekið þátt í alþjóðlegu samstarfi um viðbúnað gegn útbreiðslu fuglaflensu. Fyrir Ísland er norrænt samstarf á sviði dýraheilbrigði og fyrirbyggjandi aðgerða afar mikilvægt.

Á formennskuári Norðmanna var lögð mikil vinna í að samræma sjónarmið landanna varðandi skipulag á varðveislu erfðauðlinda í landbúnaði. Á árinu 2004 var gerð úttekt á norrænu samstarfi á þessu sviði og í kjölfarið komu fram hugmyndir um endurskipulagningu samstarfsins. Þær fólu m.a. í sér sameiningu Norræna genabankans fyrir plöntur og Norræna genabankans fyrir húsdýr og hugsanlega fleiri samstarfsverkefna í eina stofnun, NORDGEN. Stefnt er að því að á sumarfundi matvælaráðherra Norðurlanda í Finnlandi í lok júní 2007 verði teknar endanlegar ákvarðanir um skipulag þessara mála.

Norðmenn ákváðu á árinu að byggja á eigin kostnað nýjan frælager á Svalbarða til afnota fyrir Norræna genabankann fyrir plöntur. Einnig verður öðrum þjóðum boðin aðstaða í þessum nýja frælager fyrir geymslu á erfðaeftni sinna nytjaplantna.

Áfram hefur verið unnið að því að efla samstarf við Eystrasaltsríkin.

#### *Matvælamál.*

Á þessu ári var framtíðarstarfsemi matvæladeildarinnar innan EK-FJLS endurskipulögð og tók Ísland fullan þátt í því starfi. Það fólst m.a. í því að sex fastanefndir sem heyrðu áður undir EK-Livs og fjölluðu um eiturefnafræði matvæla og áhættugreiningu (NNT), matvælaörverufræði og áhættugreiningu (NNM), matvælaeftirlit (NNK), matvælaölggjöf (NNL), manneli (NKE) og dýraheilsu og dýravelferð (NND) voru sameinaðar í þrjár fastanefndir. Hinar nýju nefndir eru um matvælaeftirlit og löggjöf (NMF), um mataræði, fæðu og eiturefnafræði (NKMT) og örverufræði og dýraheilsu/dýravelferð (NMD).

Á árinu lögðu matvæladeild EK-FJLS og fastanefndir hennar áherslu á að:

- tryggja neytendum örugg matvæli,
- verja neytendur fyrir villandi upplýsingum um matvæli,
- fræða neytendur um heilnæmi matvæla,
- stuðla að gerð áætlunar um bættu heilsu og aukin lífsgæði með æskilegu fæði og hreyfingu,
- stuðla að aukinni þekkingu og skilningi á gildi næringar með útgáfu skýrslna og með því að halda norræna næringarráðstefnu fjórða hvert ár.

Ísland hefur tekið virkan þátt í starfi allra fastanefnda matvæladeildarinnar svo og undirnefnda og verkefnahópa en þar er unnið að einstökum sérgreindum verkefnum tengdum matvælum. Samstarf í vinnunefndunum hefur eðlilega tekið mið af starfsáætlunum fyrir árin 2005–2008 auk þess sem ný matvælaölggjöf ESB, sem tók gildi í aðildarríkjum sambandsins 1. janúar 2006,

hefur verið fyrirferðamikil. Á árinu var m.a. sett upp samnorrænt áhættumatslíkan þar sem fyrirtæki og starfsemi er flokkuð og er ætlunin að byggja tíðni opinbers eftirlits á þessu líkani. Fjölmörg verkefni og tengiliðanet sérfræðinga hafa verið í gangi og hafa niðurstöður verið birtar í TemaNord ritröðinni. Þá hafa verið haldnar ráðstefnur og ýmsir minni fundir.

Eftirtaldir fastanefndafundir, verkefnafundir og málþing voru skipulögð á Íslandi á árinu:

- Fundur norrænna sérfræðinga um manneldi (NKE).
  - Fundur í tengslaneti norrænna sérfræðinga um sérfæði.
  - Fundur norrænna sérfræðinga um eiturefni og áhættugreiningu (NNT).
- Auk þessa tók Ísland þátt í verkefnum og fundum um:
- varnarefnaeftirlit (NNK),
  - kjöteftirlit (NNK),
  - díoxín,
  - bragðefni (NNT),
  - matvælaumbúðir (NNT),
  - nýja matvælalöggjöf ESB (NNK).
  - áhættuflokkun fyrirtækja (NNK),
  - fæðubótarefni (tengslanet),
  - sérfæði (tengslanet),
  - norrænu matvælarannsóknaneftirbúningur (NMKL),
  - undirbúning vegna fimmtu norrænu eftirlitsráðstefnunnar sem haldin verður í Helsingfors í janúar 2007,
  - módel til að meta ásættanlega íblöndun bætiefna í matvæli.

Ísland tók fullan þátt í vestnorrænum samstarfsvettvangi um matvæla-efnirit á árinu en tók hins vegar ekki þátt í sambærilegu samstarfi Norðurlanda og Eyrstrasaltsríkjanna. Þó má geta þess að fundur um það samstarf verður haldinn í Reykjavík í febrúar 2007.

### *Skógrækt.*

Þó að skógræktardeildin sé ný innan EK-FJLS stendur starf hennar þó á gömlum grunni en um mál skógræktar var áður fjallað innan embættismannanefndar sem fór með hvort tveggja landbúnað og skógrækt.

Fulltrúar landanna gáfu skýrslu um stöðu skógarmála í hverju landi fyrir sig og farið var yfir og sett upp áætlun um eftirfylgd samþykkt frá fundi norrænu skógarmálaráðherranna. Í því felst:

- að efla samræðu um skóga á hverjum stað, meðal íbúa, yfirvalda, skógar- eigenda, atvinnulífs og félagasamtaka, m.a. til þess að gera staðbundin og svæðisbundin verðmæti skóga sýnilegri og með því að hvetja sveitarfélög til þess að taka ábyrgð á gildum skógarins innan þeirra svæða sem þau ná til hvert og eitt,
- að þróa frekar möguleika sveitarfélaga til þess að færa sér í nyt skóga til útivistar og til þess að fegra umhverfi sitt, bæta þjónustu sveitarfélaga og þróa enn frekar möguleika almennings til að njóta útiveru, m.a. með hliðsjón af þörfum ólíkra hópa.

Samþykkt var að skipa norræna nefnd með einum til tveimur frá hverju

landi sem hafi það hlutverk að fjalla um ofangreindar samþykktir. Auk þessa var fjallað um fjárveitingar og styrki til verkefna.

Þá var ákveðið skipunarbréf fyrir nefndina. Fjallað var um lífræna orku og samþykkt að setja upp norræna vefsíðu með upplýsingum er varða nýtingu lífrænnar orku.

Farið var yfir fjárhagsstöðu nefndarinnar og ákveðin framlög til ýmissa aðila m.a. Norrænna skógarrannsóknna (SNS). Fulltrúar frá SNS kynntu starf sitt og mikilvægi þess á alþjóðavettvangi.

## 15. Samstarf við nágrannasvæðin

Samstarfið við nágrannasvæðin er í stöðugum vexti og á sér stað í fagráðherranefndum og norrænum stofnunum eins og Norræna umhverfisfjármögnunarfélaginu, Nordregio, Norrænu samstarfsmiðstöðinni um málefni fatlaðra og Norræna genabankanum. Norræna ráðherranefndin og Eystrasaltsríkin hafa þróað samstarf á afmörkuðum þemasviðum, t.d. um aðgerðir gegn stjórnsýsluhindrunum, rannsóknir, nýsköpun og menntun, upplýsingatækni, félags- og heilbrigðismál, svo og umhverfismál og sjálfbæra þróun.

Á árinu ræddu ráðherranefndin og ríkisstjórnir Eystrasaltsríkjanna aukið samstarf innan styrkjakerfisins Nordplus, sem verður fjármagnað sameiginlega frá árinu 2008.

Eftir ítarlega umfjöllun á norrænum vettvangi og samráð við Eystrasaltsríkin þrjú var ákveðið að ýta úr vör nýju styrkjakerfi á menntasviði þar sem Eystrasaltsríkin munu taka þátt á jafnréttisgrundvelli. Markmiðið með nýja kerfinu er að bæta menntakerfið og gera alla framkvæmd hnitmiðaðri og samræmdari. Árið 2007 verður notað til undirbúnings en gamla Nordplus-kerfið verður við lýði út árið. Sérstakri útfærslu á „Nordplus nabo“-áætluninni verður komið á til að tryggja góða þátttöku landanna þriggja.

Önnur norræn-baltesk skiptidvalarkerfi verða metin á árinu 2007. Norræna ráðherranefndin um umhverfismál eyrnamerkti sérstaka fjárveitingu til starfsmannaskipta milli Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna á umhverfissviði.

Samkomulag náðist við Eystrasaltsríkin um að löndin þrjú tækju þátt í rannsóknáætluninni Nordnet3, sem felur í sér samstarf norrænna háskólaneta á jafnréttisgrundvelli, og ráðgerður er fundur ráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna um menntun og rannsóknir um mitt ár 2007.

*Þrjú svæðisráð á norðlægum slóðum.*

Á formennskuári Noregs var mikil áhersla á samstarf Norrænu ráðherranefndarinnar við önnur svæðissamtök, þ.e. Barentsráðið, Norðurskautsráðið og Eystrasaltsráðið.

*Barentsráðið (BEAC).*

Samstarfið við Barentsráðið tekur mið af áætlun ráðherranefndarinnar um samstarf við nágrannasvæðin og byggir á Rússlandsáætluninni sem samstarfs-

ráðherrarnir hafa samþykkt. Á árinu fóru fram viðræður við Barentsráðið til að afmarka sameiginleg viðfangsefni og samkomulag náðist um að hefja samstarf um loftlagsmál, málefni frumbyggja, efnahagslega þróun og atvinnu- mál. Ráðherranefndin og Barentsráðið munu móta sameiginlegt verkefni á sviði loftslagsmála. Að því er varðar málefni frumbyggja munu Barentsráðið og ráðherranefndin í samstarfi við norsku Barentsskrifstofuna þróa verkefni um konur sem frumkvöðla í þeim tilgangi að styrkja efnahagslega stöðu rússneskra sama. Á sviði efnahagslegrar þróunar styrkir ráðherranefndin fundinn „6. Barents Industrial Partnership“, sem haldinn verður í apríl 2007, með þátttöku norrænu fjármálastofnananna Nopef og NEFCO.

Norræna ráðherranefndin vann á árinu að verkefnum með norsku Barentsskrifstofunni í Kirkenes. Menningarnámstefna var haldin í Kirkenes og Nikel í nóvember sl. um þátt menningar í þróun Barentssvæðisins. Á námstefnunni var m.a. fjallað um hvaða forsendur eru skilyrði fyrir sjálfbæru þróunarstarfi á sviði menningar og lista á svæðinu sem einkennist af sambúð þjóðabrota, menningarlegri fjölbreytni og síauknum áhuga á nýtingu náttúruauðlinda. Ráðgert er að fylgja námstefnunni eftir í Pétursborg í 2007.

#### *Norðurskautsráðið (AC).*

Norræna ráðherranefndin hélt áfram samstarfi sínu við Norðurskautsráðið. Starfsemi ráðherranefndarinnar á norðurskautssvæðinu fer fram samkvæmt norðurskautsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar, sem er mikilvægt framlag til Norðurskautsráðsins. Á árinu voru fjárveitingar til norðurskautsáætlunarinnar um 7 millj. d.kr. af norrænum fjárlögum og var þeim veitt til um 20 verkefna á þremur áherslusviðum: lífskjör og efnahagslegir og menningarlegir þróunarmöguleikar frumbyggja, norrænt rannsóknarstarf með sérstöku tilliti til alþjóðlega heimskautaársins 2007–2008 og norrænt samstarf um loftlagsbreytingar á norðurskautssvæðinu. Til að styðja við norðurskautsáætlunina eru fagráðherranefndirnar með eigin starfsáætlanir um málefni norðurskautsins. Ráðherranefndin hóf á árinu að endurmeta norðurskautssamstarf sitt á tímabilinu 2003–2005 og skýrsla um niðurstöðurnar var lögð fyrir samstarfsráðherrana í lok ársins.

#### *Eystrasaltsráðið (CBSS).*

Samstarf ráðherranefndarinnar við Eystrasaltsráðið er í stöðugri þróun. Upplýsingum er miðlað jafnóðum milli skrifstofa þessara stofnana og reglulegir fundir eru haldnir milli skrifstofanna og formennskunnar á hverjum tíma. Á árinu var samþykkt samkomulag um skiptidvöl starfsmanna skrifstofanna og fylgst er með möguleikum á sameiginlegum aðgerðum, þ.m.t. afmörkuðum verkefnum. Markmiðið er að komast hjá tvíverknaði í starfsemi samtakanna og ná um leið fram samlegðaráhrifum í starfsemi þeirra aðila sem starfa á Eystrasaltssvæðinu.

Sem dæmi um samstarfsverkefni má nefna BEN-verkefnið (Baltic Euro-regional Network), sem fjármagnað er af Norrænu ráðherranefndinni, CBSS og ESB. Samstarf fer einnig fram um orkumál, upplýsinga- og fjarskiptatækni,

börn og ungmenni og menningarmál. Sjálfbær þróun er samstarfsþema og einnig hefur reynslu á sviði atvinnulífsins verið miðlað. Samstarf fer fram innan Baltic Sea Initiative (BSI), sem er tengslanet á Eystrasaltssvæðinu. Unnið hefur verið að því að auka samstarf á sviði félags- og heilbrigðismála í samræmi við samstarf á þessu sviði innan Norðlægu víddarinnar.

## 16. Norrænar stofnanir á Íslandi

### 16.1. Norræna húsið

Norræna húsið hefur staðið fyrir öflugri og fjölbreyttri dagskrá starfsárið 2006 og verður hér gerð grein fyrir helstu viðburðum.

*Sýningar í anddyri Norræna hússins.*

„Nordisk Barnelitteratur krysser grenser“ var sýning á plakötum en hálf dags námskeið var haldið í sambandi við sýninguna. Samvinnuaðili var Norrænt tengslanet fyrir barnabókasöfn og menningu en Norðurlöndin í fókus styrkti.

„Siberian Beauty“ var sýning á tveimur myndböndum eftir rússnesku listakonuna Lena von Lapschina. Myndböndin draga fram muninn milli pólitísku áróðurs og markaðsáróðurs. Í raun er um eitt og sama myndbandið að ræða en þar sem þýðingartextar undir myndunum eru ekki þeir sömu fá þau gjörólíka merkingu. Lánasjóður Vestur-Norðurlanda styrkti.

„Den røde tråd i Bibelen, fra påske til pinse“ var sýning á dúkristum eftir börn á aldrinum 12–13 ára frá Grænlandi, Færeyjum, Danmörku, Noregi og Íslandi. Viðfangsefnið er Píslarsagan. Upphafið að verkefninu átti Folkekirkernes Skoletjeneste í Frederiksberg og Kaupmannahöfn og var það í samstarfi við Billedskolen í Tvillingehallen og Nordatlantens Brygge í Kaupmannahöfn ásamt Trondheim Kunstmuseum í Noregi. Jafnframt studdi íslenska þjóðkirkjan sýninguna en biskup Íslands opnaði hana. Norðurlöndin í fókus styrkti.

„Tasiliaq í dag“ var sýning á ljósmyndum frá Austur-Grænlandi eftir danska ljósmyndarann Ole G. Jensen. Þetta var fjölbreytt ljósmyndasýning sem sýnir daglegt líf Grænlandinga í Tasiliaq. Norðurlöndin í fókus styrkti.

Barnabókaskreytingar eftir finnsku listakonuna Linda Bondestam voru sýndar. Bókaskreytingar Bondestam hafa verið sýndar á fleiri stöðum m.a. í London, Færeyjum, Tetuan í Mexíkó, Helsingfors og Kemi í Finnlandi. Norðurlöndin í fókus í Finnlandi styrkti.

Í verkefninu „Polar radio“ gerðu börn frá Íslandi (Vestmannaeyjum), Grænlandi og Færeyjum útvarpsviðtöl og þætti um fólk á sínum heimaslóðum en það var liður í kennslu ungmenna um gerð útvarpsþátta. Að baki sýningunni stendur m.a. danska útvarpskonan Rikke Houd. Lánasjóður Vestur-Norðurlanda og Norðurlöndin í fókus styrktu.

*Dagskrá fyrir börn og ungmenni.**Kvikmyndir.*

Kvikmyndasýningar fyrir börn á grunnskólaaldri eru haldnar í Norræna húsinu á vorin og haustin. Aðgangur að kvikmyndasýningunum er ókeypis. Sýndar voru norsku kvikmyndirnar „Frá níu til þrettán“, „Grái traktorinn“ og „Hlustaðu nú“ eftir leikstjórann Pjotr Sapegin. Finnskar kvikmyndir á árinu voru „Pelíkanamaðurinn“ eftir leikstjórann Liisa Helminen og „Stráhatturinn og flókaskórnir“ eftir leikstjórann Kaisa Rastimo. Enn fremur voru sýndar sænsku kvikmyndirnar „Ljónatemjarinn“, en leikstjóri hennar var Manne Lindwall, og „Litli bróðir á þjófaveiðum“ eftir leikstjórann Clas Lindberg. Sýnd var ein dönsk kvikmynd, „Terkel í klípu“, eftir leikstjórann Stefan Fjeldmark.

*Leiksýningar.*

„Undir drekavæng“ er íslensk barnaópera Strengjaleikhússins. Fyrir leiksýninguna fór fram grímugerð og börnunum voru kenndir söngtextarnir sem sungnir voru í leiksýningunni. Höfundar óperunnar eru Mist Þorsteinsdóttir og Messiana Tómasdóttir en flytjendur voru Marta G. Halldórsdóttir, Bergþór Pálsson og Örn Magnússon. Sýningin var afar vel sótt og fékk styrk frá Norðurlöndunum í fókus.

Teater Tamine frá Helsingfors sýndi finnsku leiksýninguna „Ást! Ást!“ Tove Appelgrein er leikstjóri og höfundur en leikari er C.G. Wentzel. Sýningarnar voru fimm talsins og voru vel sóttar en grunnskólum í Reykjavík var boðið að koma með nemendur sína. Sýning var sett upp í sambandi við „Krakkar úti í mýri“, alþjóðlega menningarhátíð fyrir börn og ungmenni sem haldin var í Norræna húsinu. Norðurlöndin í fókus í Finnlandi styrkti.

*Tónleikar.*

Í Norræna húsinu fara fram fjölmargir tónleikar árið um kring. Stór hluti tónleikanna er á vegum aðila sem leigja sig inn í húsið, bæði innlendir og erlendir. Að auki halda ýmsar stofnanir og tónlistarsamtök fundi og tónleika í húsinu, t.d. Tónlistarskólinn í Reykjavík sem heldur flesta nemendatónleika sína í húsinu og Wagner félagið sem heldur reglulega fundi.

Norræna húsið er samstarfsaðili nokkurra íslenskra tónlistarhópa, má þar nefna „Háskólatónleikana“ sem á þessu ári hafa haldið níu hádegistónleika en þeir eru mjög vel sóttir. „15:15 hópurinn“ er líka samstarfsaðili sem haldið hefur sjö afar fjölbreytta tónleika í ár. „KaSa hópurinn“ hélt nokkra tónleika og flutti m.a. íslenska kammertónlist á 20. öld.

Af erlendum tónleikum og tónlistarfólki sem Norræna húsið hefur styrkt má nefna finnska fiðluleikarann Dagmar Prochazka og píanóleikarann Katriina Liimatainen sem héldu tónleika í febrúar, kammerhljómsveit frá Bærum Kommunale Kulturskole í Noregi og spunakvöld með finnska tónskáldinu Sami Klemola. „Freyjuleiðangurinn“ sem samanstendur af vísnaöngvurum frá Danmörku, Svíþjóð, Noregi og Íslandi hélt samnorræna vísnatónleika.

Undir fyrirsögninni „Dönsk lýrik og danskur jazz“ héldu hinn vinsæli fyrirlesari Johannes Møllehave og tríó Valdemar Rasmussen vel sóttu tónleika og



fyrirlestur um lýrik. Einnig má nefna nokkra tónlistarhópa sem komu á eigin vegum. Danski kvennakórinn „Crescendo“ frá Horsens í Danmörku hélt tónleika svo og sænski karlakórinn „Växjö Manskör“ sem er einn af elstu karlakórum þar í landi. Norski píanóleikarinn Joachim Kjelsaas Kwetzinsky frumflutti tónverkið „Cycles“ eftir Gunnar Andreas Kristinsson. Jazzbandið „Dissapeahear“, sem samanstendur af danska píanistanum Nikolaj Hess og norsku söngkonunni Sissel Vera Pettersen, hélt tónleika í október.

#### *Aðrir dagskrárliðir.*

Kvikmyndir eftir sænska leikstjórann Ingmar Bergman eru sýndar á vegum sænska lektorsins í Norræna húsinu og Háskóla Íslands. Sýningarnar fara fram á vorin og haustin og eru aðallega fyrir stúdenta í sænsku í Háskóla Íslands.

Norræna húsið var þátttakandi í „Safnanótt“ sem var í tengslum og samvinnu við Vetrarhátíð í Reykjavík á vegum Reykjavíkurborgar. Dagskráin í Norræna húsinu samanstóð af samískum kvikmyndum og samískum joik-söng sem var fluttur af samísku söngkonunni Marit Hetta Överli. Kvikmyndirnar voru „Dansinn“ eftir leikstjórann Paul-Anders Simma, „Útvarpsballettinn“ eftir Per Ivar Jensen, „Hundalíf“ eftir leikstjórana Mathias Nordahl og Per Vaage, „Leiðsögumaðurinn“, sem var tilnefnd til óskarsverðlauna með Helga Skúlasyni í einu aðalhlutverkinu og undir leikstjórn Nils Gaup og „Piparsveinafélagið í Kautokeino“ eftir leikstjórann Paul Anders Simma. Samvinnuaðilar voru Norræna félagið og Norræna húsið.

Fyrir tilstilli tungumálaráðgjafar á Íslandi og með styrk frá Norrænu ráðherranefndinni var haldin norsk-sænsk kvikmyndavika fyrir grunnskóla. Sýndar voru sænsku kvikmyndirnar „Pabbi lögga“, „Sandor/slash/Ida“, „Illskan“ og „Sem á himni“. Norsku myndirnar voru „Glerbrot“, „Tufta IL“, „Markus og Diana“ og „Olsenbanden jr.“.

Fjölmargir styrktaraðilar stóðu að baki kvikmyndahátíðarinnar „Norðrið í kanadískri kvikmyndagerð“, íslenskir og erlendir. Á hátíðinni voru sýndar sjö kvikmyndir, þ.e. „The importance of being Icelandic“, „The Snow Walker“, „Broken Promises“, „Atanjaruat“, „Tales from the Gimli Hospital“, „La grande séduction“ og „Memoires“.

Dagskrá um Dag Hammarskjöld og Sameinuðu þjóðirnar var haldin í samvinnu við sænska sendiráðið. Erindi fluttu sendiherra Svíþjóðar á Íslandi Madleine Ströje Wilkens, Dr. Hans Blix og þáverandi utanríkisráðherra Geir H. Haarde. Auk þess var sýnd kvikmynd um ævi Dag Hammarskjöld.

Samíski leikhópurinn Beivväs frá Norður-Noregi sýndi joikóperuna „Skulfi“ sem er byggð á samísku ævintýri. Norræni menningarsjóðurinn styrkti.

Í júní kom til landsins finnski danshópurinn „Kypsa Dance Group“. Hópurinn hélt sýningar í Norræna húsinu og á nokkrum stöðum í Reykjavík. Norræni menningarsjóðurinn styrkti.

Þriggja metra hár leirskúlptúr, „Glóandi skúlptúr“ eftir danska leirlistamanninn Jørgen Hansen, var byggður fyrir utan Norræna húsið í samstarfi við Menningarnótt Reykjavíkur. Skúlptúrin var afhjúpaður á afmæli Reykjavíkurborgar 19. ágúst sl.

Norska kammeróperan „Madonna Furiosa“, sem frumsýnd var í Niðarósdómkirkjunni í Þrándheimi árið 2005, heimsótti Norræna húsið. Í óperunni komu fram fimm norrænir söngvarar þar á meðal íslenska söngkonan Ásgerður Júníusdóttir sem söng aðalhlutverk sýningarinnar. Þrír dansarar tóku þátt í sýningunni. Hljómsveitin samanstóð af átta hljóðfæraleikurum. Leikstjóri og danshöfundur er Ella Fiskum, höfundur óperunnar er Bertil Palmar Johanssen og libretto er samin af Tale Næss. Sýningin fór fram í Grafarvogskirkju.

Hin alþjóðlega ljóðahátíð Nýhils var haldin í nóvember. Norðurlöndin í fókus styrkti.

Eftirlitsnefnd Norðurlandaráðs og þingforseti norska þjóðþingsins, Torbjörn Jagland með föruneysi heimsóttu Norræna húsið.

Að lokum má geta þess að þjóðhátíðardagar Noregs, Svíþjóðar og Finnlands voru haldnir hátíðlegir í Norræna húsinu.

### *Bókasafn.*

Bókasafnið er hjarta Norræna hússins og er vel sótt af Íslendingum sem og öðrum Norðurlandabúum, sem búa hér eða dvelja um stundarsakir við nám eða störf.

Safnkosturinn var um 30.000 eintök í lok ársins 2005 og bættust 1000 eintök við árið 2006. Útlán eru um 17.000 á árinu og virk lánþegaskírteini rúmlega 1100. Um er að ræða fjölskylduskírteini, svo fleiri eru að jafnaði á bak við hvert skírteini. Auk þess koma margir til að líta í blöð og tímarit eða nota gestatölvur safnsins. Þær gestakomur eru ekki taldar. Safnið lætur ungu fólki sem er í atvinnuskriptum með Nordjobb í té ókeypis lánþegaskírteini og er þessi hópur mjög virkur yfir sumarmánuðina. Safnið lánar út bækur, tímarit, myndbönd, mynddiska og innrammaðar grafikmyndir. Auk þess er notkun á tölvum innifalin í skírteininu. Í ársbyrjun var hlúð að grafíkafninu og keyptar grindur til að koma safninu í viðunandi geymslu.

Í samvinnu við Borgarbókasafn og Norrænt tengslanet fyrir barnabókasöfn og menningu voru rithöfundar og barnabókaskreytar fengnir til að lesa úr bókum sínum og segja börnum frá myndefninu. Einnig unnu starfsmenn bókasafnsins við barnamenningarhátíðina „Krakkar úti í míri“.

### *Sýningarsalur.*

Í sýningarsal í kjallara Norræna hússins voru fjórar stórar sýningar á árinu.

Fyrsta sýningin var „Desire to see“ sem var sett upp í samvinnu við finnska sendiráðið. Fimm finnskar listakonur áttu verk á sýningunni sem samanstóð af málverkum, innsetningum, tréskúlpúr og tréútskurði og vídeólist.

Á sýningunni „Transform – Vestnordisk Design“ var sýnd list og hönnun frá Færeyjum, Grænlandi og Íslandi en frá Færeyjum og Íslandi var sýning á fatnaði og silfurskartgripum. Frá Grænlandi voru fjölbreytilegir sýningarmunir skornir út í bein og stein. Norðurlöndin í fókus styrkti.

Sumarsýning Norræna hússins var að þessu sinni íslensk og bar nafnið „Out of office“. Það voru íslensku listakonurnar Ilmur Stefánsdóttir og Stein-

unn Knútsdóttir sem stóðu að sýningunni sem samanstóð af innsetningum og gjörningum.

Sýningin „Pílagrímaferðin 14 + 1 Áfangi – Æfing í að snerta“ eftir norsku listakonuna Borgny Svalastog er farandsýning og samvinnuverkefni Norræna hússins, Museo de Peregrina í Santiago de Compostela á Spáni, Erkebispesgården í Þrándheimi, Kunstcentret Silkeborg Bad í Danmörku og Kunstbanken Hedmark í Noregi. Sýningin er afar fjölbreytileg með kirkjulegum munum, aðallega unnum úr gleri, vefnaði og blandaðri tækni. Lánasjóður Vestur-Norðurlanda og Norðurlöndin í fókus styrktu.

#### *Ráðstefnur og málþing.*

„Krakkar úti í míri“ var alþjóðleg menningarhátíð fyrir börn og ungmenni og voru íslenskir og erlendir rithöfundar ásamt fyrirlesurum gestir hátíðarinnar. Rithöfundarnir heimsóttu grunnskóla Reykjavíkur og lásu úr verkum sínum. Fyrirlestrar, málþing og pallborðsumræður voru í Norræna húsinu. Hátíðin fjallaði ekki eingöngu um barnabókmenntir, heldur voru líka fyrirlestrar um réttindi barna. Norðurlöndin í fókus og fleiri aðilar styrktu.

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og stofnun Sigurðar Nordal hafa í samvinnu við Norræna húsið haldið fleiri ráðstefnur í Norræna húsinu. Að auki notar Háskóli Íslands húsið mjög mikið til funda- og ráðstefnuhalds.

Fyrirlestrarsalur hússins er í stöðugri notkun allan ársins hring, salurinn er eftirsóttur sem funda- og ráðstefnusalur og eru notendur bæði Íslendingar og erlendir aðilar.

## **16.2. Norræna eldfjallasetrið (NORDVULK)**

Norræna eldfjallasetrið (Nordisk Vulkanologisk Center) er starfrækt innan Jarðvísindastofnunar Háskólans samkvæmt samningi á milli Norrænu ráðherranefndarinnar og Háskóla Íslands, með fulltingi menntamálaráðuneytisins. Núverandi samningur gildir til ársloka 2007, en Háskólinn hefur farið fram á framlengingu hans um a.m.k. eitt ár. Samkvæmt samningnum er Norræna eldfjallasetrið áfram á norrænum fjárlögum og öllum verkefnum Norrænu eldfjallastöðvarinnar er þar haldið áfram. Framlög af norrænum fjárlögum til starfsemi Norræna eldfjallasetsursins hafa þó minnkað í þrepum á samningstímanum. Til þess að vega upp á móti þeirri lækkun hefur menntamálaráðuneytið aukið fjárveitingar til starfseminnar þannig að árið 2007 verður rekstrarfé af opinberum framlögum svipað því sem verið hefur og norrænt framlag um helmingur þess.

Á árinu héldu Norræna eldfjallasetrið og Jarðvísindastofnun Háskólans áfram norrænum verkefnum og tengslum innan eldfjallafræði og skyldra faggreina á svipaðan hátt og verið hefur síðastliðin ár og Norræna eldfjallastöðin gerði áður. Rekstrar- og stjórnskipulag Norræna eldfjallasetsursins innan Jarðvísindastofnunar og stofnunarinnar í heild er í mótun og miðast við að samnýta þá aðstöðu og sérþekkingu sem nú er saman komin innan Jarðvísindastofnunar Háskólans á eins skilvirkan hátt og mögulegt er. Á árinu hófst samþætting rekstrar stofnunarinnar hvað varðar sameiginlegan búnað og norrænir styrk-

þegar njóta leiðsagnar úr hópi starfsmanna stofnunarinnar allrar í verkefnum sínum. Samnýting tækja og mannauðs nýtist Norræna eldfjallasetrinu vel, en á móti kemur að andlit eldfjallasetursins út á við og hópkennd þess hóps sem að verkefnum þess standa er ekki eins greinileg og áður. Til þess að mæta þessu hefur stjórn Jarðvísindastofnunar skipað Norræna eldfjallasetrinu sérstakan oddvita til bráðabirgða, en hann mun hafa umsjón með norrænum styrkþegum við setrið sem og öðrum norrænum og alþjóðlegum samskiptum í tengslum við setrið. Sá rannsóknarhópur á Jarðvísindastofnun sem með einhverjum hætti tengist Norræna eldfjallasetrinu hefur stækkað og er nú um 30 manns. Kjarni rannsóknarhóps Norræna eldfjallasetursins samanstóð í lok ársins 2005 af átján manns, þar af eru átta erlendir vísindamenn. Samþættingu rekstrar og starfsemi verður haldið áfram á árinu 2007.

Mikilvægasti liðurinn í norrænni starfsemi felst enn sem fyrr í stöðum fyrir unga norræna vísindamenn á Norræna eldfjallasetrinu. Fimm slíkar stöður eru veittar á hverju ári til eins árs í senn. Þessar stöður hafa verið einn af hornsteinum norrænnar eldfjallafræði allt frá stofnun Norrænu eldfjallastöðvarinnar. Þar að auki er eitt stöðugildi norræns sérfræðings við setrið. Ráðið var í stöðuna til tveggja ára um mitt ár. Jarðvísindastofnun og Norræna eldfjallasetrið tóku þátt í skipulagningu vikulangrar alþjóðlegrar ráðstefnu um eldfjallafræði til heiðurs George Walker sl. sumar, en hann var mjög virtur og heimsþekktur eldfjallafræðingur sem vann mikið starf hér á landi.

Jarðvísindastofnun lét framkvæma alþjóðlega úttekt á starfsemi stofnunarinnar á árinu með því að kalla til fjóra þekkta erlenda jarðvísindamenn til álitserðar. Þeim var afhent ítarleg skýrsla sem lýsir starfsemi stofnunarinnar, þar með rekstri Norræna eldfjallasetursins, og vinnuumhverfi hennar. Álit fjórmenninganna hefur að geyma gagnlegar ábendingar um bæði styrk og veikleika stofnunarinnar. Almennar lýsingar þeirra á stofnuninni eru jákvæðar og benda þeir t.d. á að hún sé samkeppnishæf við margar af helstu jarðvísindastofnunum Evrópu, alþjóðlega sýnileg og skili rannsóknarniðurstöðum af háum gæðum og miklum afköstum. Jafnframt er bent á að eldfjallafræðin tengi saman ólíka þætti rannsóknarstarfsemi stofnunarinnar.

#### *Norræn verkefni og samstarf.*

Á árinu luku tveir styrkþegar störfum við Norræna eldfjallasetrið. Annar þeirra var ráðinn til rannsóknarstarfa við „Swiss Federal Institute of Technology“ (ETH) í Zürich í Sviss og heldur þar áfram rannsóknum á sprengigígum. Hinn styrkþeginn heldur áfram doktorsnámi við Háskólann í Björgvin og vinnur að rannsóknum á jarðefnafræði úthafshryggja. Tveir nýir norrænir styrkþegar hófu störf við Norræna eldfjallasetrið og þrír til viðbótar fengu framlengingu á sínum stöðum. Rannsóknarverkefni núverandi styrkþega varða bindingu kolefnis í eldfjöllum, umhverfisáhrif mikils eldgoss í Þrengslaborgum og Lúdentsborgum í Mývatnssveit fyrir um 2500 árum sem m.a. myndaði Mývatn í núverandi mynd, bergfræði framandsteina úr djúpskorpu og efri möttli jarðar, flikrubergr sem finnst í gömlum jarðlögum á Austurlandi og myndaðist í kröftugu sprengigosi og jarðskorpuhreyfingar á Suðurlandi. Sænskur vís-

indamaður situr í stöðu norræns sérfræðings við stofnunina til tveggja ára, en áhersla er lögð á að á hverjum tíma sé a.m.k. einn þeirra sem leiða rannsóknir á Norræna eldfjallasetrinu frá öðru norrænu landi. Einn danskur vísindamaður með styrk frá Rannís vinnur áfram að rannsóknum á jarðskorpuhreyfingum með mælingum úr gervitunglum.

#### *Alþjóðleg verkefni og samstarf.*

Á árinu birtust um 20 greinar í alþjóðlegum vísindatímaritum með rannsóknarniðurstöðum Norræna eldfjallasetursins. Flest verkefnanna sem kynnt voru eru alþjóðleg samvinnuverkefni þar sem leitast var við að auka skilning á þeim grundvallarferlum sem móta jarðskorpu, eldvirkni og hegðun jarðarinnar. Gosmökkur Heklugossins 2000 var rannsakaður í samstarfi við vísindamenn Bandarísku geimvísindastofnunarinnar (NASA), en flugvél geimvísindastofnunarinnar hlaðin ýmis konar mælitækjum flaug í gegnum gosmökkinn meðan á eldgosinu stóð. Unnið var að rannsóknum á kvikuhreyfingum neðanjarðar á Azoreyjum í samstarfi við heimamenn þar. Kvika safnast nú fyrir undir eldfjalli nálægt höfuðborg eyjanna, Ponta Delgada, og leitast er við að greina almennt samspil kvikusöfnunar, gasústreymis, jarðskjálfta og skriðufalla. Á síðastliðnum árum hefur Norræna eldfjallasetrið tekið þátt í ýmsum fjölþjóðlegum rannsóknarverkefnum styrktum af ESB. Einu slíku verkefni lauk á árinu, en áfram er unnið að verkefninu VOLUME (Volcanoes – Understanding subsurface mass movements) þar sem leitast er við að greina hvaða þættir stjórna kvikuflæði neðanjarðar. Verkefnið er unnið í samstarfi við vísindamenn frá Írlandi, Ítalíu, Spáni, Portúgal og Nýja Sjálandi. Íslenskir þátttakendur eru Veðurstofa Íslands auk Norræna eldfjallasetursins og Jarðvísindastofnunar Háskólans.

#### *Íslensk verkefni og samstarf.*

Unnið hefur verið að rannsóknum á hreyfingum jarðskorpuinnar og misgengjum á Reykjanesskaga og Suðurlandsundirlendinu á undanförunum árum og var þeirri vinnu haldið áfram. Afrakstur þeirrar vinnu er m.a. nýtt sprungukort af Reykjanesskaga og túlkun á því sem sýnir að misgengi á svæðinu eru mynduð í fjölmörgum mismunandi atburðum þar sem bæði kvikuhreyfingar og jarðskjálftar koma við sögu. Af rannsóknum á jarðskorpuhreyfingum má nefna að á árinu fékkst nýr skilningur á svörun jarðar við breytilegu fargi jökla. Nákvæmar samfelldar mælingar Veðurstofu Íslands með GPS-landmælingatækjum sýna hvernig árstíðabundin sveifla, allt að um 2 sentimetrar, mælist í landhæð og staðsetningu flestra mælistöðva á landinu. Þessi „taktur Íslands“ hefur nú verið útskýrður sem afleiðing af árstíðabundinni sveiflu í massa jökla – landið sígur á veturna og dregst að jöklunum þegar snjóar á þá. Yfirlit yfir rannsóknir á jarðskorpuhreyfingum á Íslandi síðustu áratugi birtist á árinu á alþjóðlegum vettvangi í nýrri bók „Iceland Geodynamics – Crustal Deformation and Divergent Plate Tectonics“ sem gefin er út og dreift af Springer Verlag.

## 17. Norrænar lánastofnanir

### 17.1. Norræni fjárfestingarbankinn (NIB)

Starfsemi Norræna fjárfestingarbankans á árinu einkenndist af minni eftirspurn eftir lánnum bankans, sér í lagi í aðildarríkjunum, sökum mikils framboðs lánsfjár á alþjóða fjármálamörkuðum. Afkoma NIB var engu að síður góð. Vaxtamunur bankans fyrstu átta mánuði ársins nam 10,8 milljörðum króna (120 millj. evra) samanborið við 9,9 milljarða króna (110 millj. evra) á sama tímabili á fyrra ári. Hagnaður bankans á tímabilinu var 8,1 milljarðar króna (90 millj. evra) en var 10,5 milljarðar króna (117 millj. evra) á sama tímabili árið 2005.

Niðurstöðutala efnahagsreiknings bankans var 1.620 milljarðar króna í lok ágúst (18 milljarðar evra) í samanburði við 1.640 milljarða króna við áramótin 2005/2006 (18,2 milljarðar evra). Á tímabilinu fengu eigendur bankans greidda fimm milljarða króna (55 millj. evra) arð af hagnaði ársins 2005.

Umsamin ný útlán námu 76 milljörðum króna (848 millj. evra) en útgreidd lán fyrstu átta mánuði ársins námu 73 milljörðum króna (807 millj. evra). Þetta eru umtalsvert minni útgreiðslur en á metárinu 2005 en þá námu útgreiðslur fyrstu átta mánuði ársins 124 milljörðum króna (1.378 millj. evra). Heildarútlán bankans 31. ágúst námu 1.030 milljörðum króna (11.455 millj. evra) sem er svipuð fjárhæð og um áramótin 2005/2006.

Á tímabilinu gaf bankinn út 42 flokka skuldabréfa í 8 mismunandi myntum, samtals að fjárhæð 174 milljarðar króna (1.929 millj. evra). Bandaríkjadalur var mikilvægasti lántökugjaldmiðill bankans. Á vormánuðum gaf bankinn í fimmta sinn út flokk alþjóðlegra skuldabréfa (global bonds) til fimm ára að fjárhæð 1 milljarður bandaríkjadala. Einnig gaf bankinn í fyrsta sinn út skuldabréf í áströlskum dölum.

Útlána- og eignasafn bankans er áfram í hæsta gæðaflokki. Engin framlög voru á sértækan afskriftarreikning til að mæta útlánatöpum.

#### *Útlán innan Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna.*

Minni eftirspurn var eftir lánnum bankans á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum á fyrstu átta mánuðum ársins. Sér í lagi var lánað minna til Svíþjóðar og Finnlands en hins vegar meira til Íslands. Samþykkt lán námu 44 milljörðum króna (484 millj. evra). Stærstur hluti útlána innan Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna var til iðnaðarmála, eða 27%. Lánað var til dæmis til fjármögnunar á málmbreðslum í Skandinavíu og umhverfisvænna fjárfestinga í pappírsiðnaði. Næst stærsti hluti útlána í aðildarríkjum bankans, eða 22%, var til orkumála, sér í lagi til umhverfisvænna orkufjárfestinga á Íslandi. Stærsta einstaka verkefnið var fjármögnun vegagerðar í Noregi.

### *Útlán utan aðildarríkja.*

Eftirspurn eftir alþjóðalánum bankans var mikil á tímabilinu og voru samþykkt lán hærri utan aðildarríkja heldur en innan Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna. Samþykkt lán námu 54 milljörðum króna (595 millj. evra). Stærstu lántökusvæðin voru Asía og Austur-Evrópa. Í lok ágúst voru útistandandi lán til 29 ríkja utan aðildarríkja bankans. Alþjóðalán bankans eru oftast veitt til opinberra framkvæmda með ábyrgð hins opinbera. Hins vegar hefur aukinn hluti lánanna á undanförunum árum runnið til einkaaðila, einkum til einkavæddra innviða á sviði orkumála og fjarskipta en einnig t.d. til pappírsiðnaðar. Á fyrstu átta mánuðum ársins var t.d. fjármagnað orkuver í Póllandi, almenningssamgöngur í Chile og Tyrklandi, hafnarframkvæmdir í Marokkó, fjarskiptakerfi í Brasilíu og Rússlandi og pappírsværksmiðja í Jórdaníu. Einnig voru samþykktir lánarammar við fjármálaráðuneyti Kína og Víetnam.

### *Umhverfislán.*

Fjármögnun umhverfisverkefna er einn af hornsteinunum í lánastarfsemi bankans. Á tímabilinu samþykkti bankinn 6 ný umhverfislán að fjárhæð 2,8 milljarðar króna (31 millj. evra). Af útborguðum lánum á tímabilinu voru umhverfislán 12%. Meðal verkefna má nefna jarðhitaorkuver, vindorkuver, upphitun íbúðahúsnaðis, umhverfisvænar fjárfestingar í landbúnaði og minnkun útblásturs í pappírsiðnaði.

Norræni fjárfestingarbankinn gegnir mikilvægu hlutverki í Northern Dimension Partnership (NDEP) sem er samstarf ESB, Rússlands, NIB, Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu, Evrópska fjárfestingarbankans, Alþjóðabankans og einstakra landa um fjármögnun brýnna umhverfisframkvæmda í norðvesturhluta Rússlands. NIB hefur forystu fyrir undirbúningi, skipulagningu og fjármögnun sjö af þrettán umhverfisverkefna á vegum NDEP. Heildarfjárhæð verkefna á áætlun NDEP nemur meira en 2 milljörðum evra. Bankinn heldur áfram að efla starfsemi sína í Norðvestur-Rússlandi innan ramma NDEP-samstarfsins. Fyrsta verkefninu er nú lokið, en það er fráveitustöð í Pétursborg. Stöðin mun koma til með að gegna þýðingarmiklu hlutverki við að bæta umhverfi Eystrasalts. Annað verkefni sem Norræni fjárfestingarbankinn leiðir er Ladóga-verkefnið en það hefur að markmiði að lána til stórra einkaverkefna í pappír- og málmiðnaði á Ladóga-svæðinu. Á tímabilinu var samþykkt eitt nýtt slíkt lán.

### *Breytingar á skipulagi og stefnu.*

Á árinu voru kynntar breytingar á stefnu Norræna fjárfestingarbankans. Bankinn mun í framtíðinni leggja sérstaka áherslu á að styrkja samkeppnishæfni og atvinnulíf á Eystrasaltssvæðinu auk Noregs og Íslands auk þess að fjármagna umhverfisfjárfestingar. Fjárfestingar í orkumannvirkjum, flutningum og umhverfisvænni tækni munu njóta forgangs í starfsemi bankans. Utan aðildarríkjanna mun bankinn leggja áherslu á verkefni í Rússlandi og Úkraínu. Þá mun bankinn þróa áfram lánaramma til fjármálastofnana.

Á árinu tóku einnig gildi umfangsmiklar skipulagsbreytingar í NIB og nýir lykilstjórnendur tóku til starfa. Lánadeildir bankans, þ.e. norræna deildin og alþjóðadeildin, voru sameinaðar í eina deild. Í nýju deildinni verður sjónum m.a. beint í auknum mæli að verkefnafjármögnun. Þá tók til starfa ný deild sem metur áhættu allra nýrra verkefna bankans.

Norræni fjárfestingarbankinn átti 30 ára afmæli á árinu og var haldið upp á það með alþjóðlegri ráðstefnu um samkeppnishæfni Eyrstrasaltssvæðisins. Á 30 ára starfstíma bankans hafa 1.745 lán verið samþykkt, samtals að fjárhæð 2.367 milljarðar króna. Um 80% lánanna hafa verið til viðskiptavina í aðildarríkjum bankans. 36% hafa verið veitt til iðnaðar, 22% til orkumála og 15% til flutninga.

### *NIB á Íslandi.*

Útistandandi lán til íslenskra lántaka námu um 67 milljörðum króna (740 millj. evra) í árslok. Þetta samsvarar um 8% af heildarlánveitingum bankans til lántaka á Norðurlöndum.

Útborguð ný lán til verkefna á Íslandi á árinu námu tæplega 14 milljörðum króna (152 millj. evra) en það er svipað og árið áður. Lánað var til 7 verkefna á árinu. Verkefnin voru fjölbreytt. Tekið var þátt í að fjármagna orkumannvirki, álver, útrás íslenskra fyrirtækja til Eyrstrasaltsríkjanna og lánaramma til Byggðastofnunar. Þá var í lok ársins samþykkt lánveiting að fjárhæð 4,5 milljarðar króna til fjármögnunar Tónlistar- og ráðstefnuhúss í Reykjavík.

Á árinu voru samþykkt og greidd út lán til Landsvirkjunar, Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja samtals að fjárhæð 9,5 milljarðar króna. Lánin voru veitt til fjármögnunar á flutningslínunum raforku til Norðuráls og Fjarðaráls og jarðvarmavirkjana á Hellisheiði og Reykjanesi. Mikil áhersla var lögð á að fylgja eftir þessum stóru orkuframkvæmdum. Þá var lögð áhersla á að fylgja eftir lánveitingu til Landsvirkjunar vegna Kárahnjúkavirkjunar frá árinu 2004, sér í lagi mati bankans á umhverfisáhrifum þeirra. Þá hafa umhverfisáhrif fyrirhugaðra fjárfestinga í orkugeiranum verið athuguð. Bankinn er mjög mikilvægur þátttakandi í fjármögnun orkuframkvæmda á Íslandi og hlutdeild hans í fjármögnun jarðvarmavirkjana er t.a.m. um 50%.

Í starfsemi Norræna fjárfestingarbankans á Íslandi hefur jafnan verið lögð áhersla á náð samstarf við íslenska banka í útlánum til einstakra verkefna, sér í lagi til einkafyrirtækja. Í því skyni hafa verið veittir sérstakir lánarammar til íslenskra banka. Tilgangurinn með þessum lánarömmum er að beina útlánum bankans til smárra og meðalstórra fyrirtækja á Íslandi. Skilyrði lánveitinga er að verkefni feli í sér norræna hagsmuni. Með þessu móti getur fjármögnun bankans nýst fleiri fyrirtækjum og verkefnum þar með orðið fjölbreyttari. Í samstarfi við íslenska banka hefur verið lögð áhersla á umhverfisstefnu NIB með kynningu á stefnunni samhliða því sem bankarnir hafa tekið umhverfismál á dagskrá í tengslum við sínar eigin lánveitingar.



**Lykiltölur NIB (í millj. evra)**

|                              | <b>1–8/2006</b>  | <b>1–8/2005</b>  | <b>1–12/2005</b>  |
|------------------------------|------------------|------------------|-------------------|
| Hreinar vaxtatekjur          | 120              | 110              | 168               |
| Hagnaður                     | 90               | 117              | 165               |
| Útborguð lán                 | 807              | 1.378            | 2092              |
| Samningsbundin lán           | 848              | 1.747            | 2616              |
| Tekin lán (ný)               | 1.929            | 1.923            | 2.059             |
| Hagnaður / eigið fé (%)      | 6,8              | 9,6              | 8,9               |
|                              | <b>31/8 2006</b> | <b>31/8 2005</b> | <b>31/12/2005</b> |
| Útistandandi lán             | 11.455           | 11.315           | 11,717            |
| Niðurstaða efnahagsreiknings | 17.970           | 18.526           | 18,178            |
| Handbært fé                  | 2.961            | 3.445            | 3.101             |

**17.2. Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO)**

Umhverfisráðherrar Norðurlanda stofnuðu Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (Nordic Environment Finance Corporation) árið 1990. NEFCO hefur aðsetur í Helsingfors. Stjórn félagsins er skipuð einum fulltrúa frá hverju norrænu landanna.

Meginmarkmiðið með stofnun Norræna umhverfisfjármögnunarfélagsins var að vinna að verkefnum sem bæta umhverfið í löndum Austur- og Mið-Evrópu en hafa jafnframt jákvæð áhrif á umhverfið á Norðurlöndum. Í öllu starfi félagsins er lögð áhersla á arðsemi þess að leysa mengunarsvandamál svæðisbundið og hafa í því samhengi verið kynntir útreikningar þar sem niðurstöður sýna að allt að tíu sinnum ódýrara getur reynst að taka á umhverfisvanda þar sem rótin liggur í héraði en að takast á við afleiðingar hans þegar þær gera vart við sig á Norðurlöndum. Við mat á umsóknum til félagsins er þannig lögð áhersla á arðsemi og fjárhagslegar forsendur viðkomandi verkefna jafnframt því sem umhverfisáhrif eru metin.

Stofnfé Norræna umhverfisfjármögnunarfélagsins er nú um 114 millj. evrur og var á árinu unnið að rúmlega 250 litlum og meðalstórum verkefnum á vegum félagsins. Má þar meðal annars nefna verkefni sem varða hreinsun frárennslis, vatnsveitur, hreinni tækni í iðnaði, orkumál og ráðgjöf á sviði umhverfismála. Íslensku orkufyrirtækin Virkir-Orkint og Orkuveita Reykjavíkur vinna að jarðhitaverkefnum í Slóvakíu í samstarfi við NEFCO.

Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið hefur frá upphafi unnið með bæði opinberum fjárfestum og einkaaðilum. Félagið vinnur ýmist á eigin vegum, með öðrum alþjóðlegum fjármálastofnunum eða svæðisbundnum samtökum eins og t.d. Eystrasaltsráðinu og innan hinnar Norðlægu víddar ESB. Verkefniin beinast einkum að því að innleiða umhverfisvænni tækni, bæta mengunarsvæðir og meðferð úrgangs svo og að bæta orkunýtni. Í upphafi var aðallega unnið að verkefnum í Eystrasaltsríkjunum þremur, þ.e. Eistlandi, Lettlandi og Litháen auk Rússlands. Eftir inngöngu Eystrasaltsríkjanna í ESB í maí 2004 hefur verið lögð aukin áhersla á önnur lönd svo sem Norðvestur-Rússland,


Úkraínu, Hvíta-Rússland, Pólland, Tékkland og Slóvakíu. Eftir 16 ára starf hefur starfsfólk félagsins öðlast verðmæta þekkingu á því lagalega og fjárhagslega umhverfi sem félagið starfar í. Á þann hátt hefur tekist að byggja upp traust samskipti og nýtur félagið velvilja fjölda opinberra aðila og einkaaðila í þeim löndum þar sem það starfar.

Á árinu samþykkti stjórn Norræna umhverfisfjármögnunarfélagsins nýjar áherslur í starfseminni á næstu árum. Áfram verður unnið að meginverkefnum sem tengjast vatni, loftmengun og loftlagsmálum en aukin áhersla lögð á ný svið eins og t.d. þrávirk lífræn efni og þungmálma. Þá var einnig rætt um að hefja samstarf á fjarlægari svæðum eins og t.d. í Suður-Afríku og Kína en þar hefur komið fram áhugi fyrir samstarfi á grundvelli þeirra hugmynda sem starf NEFCO byggir á. Viðræður standa yfir við yfirvöld umhverfismála í Kína um að hefja eitt tilraunaverkefni. Samstarf við Kína getur haft talsverða þýðingu fyrir norðurskautssvæðin sem eru viðkvæm fyrir mengun sem berst þaðan.


Hugmyndir stjórnar Norræna umhverfisfjármögnunarfélagsins um stefnu næstu ára voru kynntar fyrir norrænu umhverfisráðherrunum á fundi þeirra í ágúst sl. Í tengslum við nýjar áherslur er jafnframt ráðgert að vinna að framkvæmdaáætlun og upplýsingastefnu fyrir félagið.

Auk þeirrar daglegu starfsemi sem snertir viðfangsefni NEFCO hefur félaginu verið falið að hafa umsýslu með ýmsum öðrum sjóðum sem taka þátt í fjármögnun umhverfisverkefna. Má þar m.a. nefna verkefnasjóð Norðurskautsráðsins og sjóð sem opinberir aðilar og einkaaðilar á Norðurlöndum og í Þýskalandi hafa stofnað til að annast kaup og sölu á losunarkvótum í tengslum við sameiginlega framkvæmd Kyoto-bókunarinnar.

#### Fjárfestingar NEFCO eftir sviðum



#### Fjárfestingar NEFCO eftir löndum



*Norræni umhverfisþróunarsjóðurinn (NMF).*

Umhverfisráðherrar Norðurlanda og Norræna ráðherranefndin stofnuðu Norræna umhverfisþróunarsjóðinn (Nordiska miljötvecklingsfonden) árið 1996. Stjórn NEFCO er einnig stjórn NMF. Markmið sjóðsins er að veita hagstæð lán eða styrki til að vinna að umhverfisbætandi verkefnum í Austur-Evrópu sem hafa mikla þýðingu fyrir umhverfið á viðkomandi svæði en uppfylla ekki þau fjárhagslegu skilyrði sem sett eru fyrir lánnum frá NEFCO. Eftir inngöngu Eystrasaltsríkjanna, þ.e. Eistlands, Lettlands og Litháens í ESB var starfsemi sjóðsins í þeim löndum hætt en aukin áhersla lögð á verkefni í Norðvestur-Rússlandi, Úkraínu og Hvíta-Rússlandi. Árlegt framlag Norðurlanda til sjóðsins nemur um 14,2 millj. d.kr. og af fjárlögum Norrænu ráðherranefndarinnar renna árlega 10 millj. d.kr. í sjóðinn.

Í lok ársins var 40 af þeim verkefnum sem Norræni umhverfisþróunarsjóðurinn hefur tekið þátt í lokið en 20 ný hafa verið samþykkt.

**17.3. Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn (Nopef)**

Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn (Nordiska Projektexportfonden) hefur það að markmiði að efla alþjóðlega samkeppnishæfni norrænna fyrirtækja og stuðla að þátttöku þeirra í verkefnum á alþjóðavettvangi. Sjóðurinn sinnir hlutverki sínu með því að styðja við útflutning fyrirtækja á skilgreindum verkefnum og með stuðningi við fyrirtæki sem vilja koma á fót starfsemi erlendis. Þau verkefni sem sjóðurinn kemur að verða að liggja utan EFTA- og ESB-landanna, en sérstök áhersla hefur verið á Eystrasaltsríkin, Norðvestur-Rússland og Pólland.

Stuðningur sjóðsins felst m.a. í að kosta að hluta for- og hagkvæmniatuganir, gerð viðskiptaáætlana, lögfræðiaðstoð, samningagerð o.fl. Lán til alþjóðavæðingar geta numið allt að 40% af viðurkenndum kostnaði og er hægt að fara fram á að láninu verði breytt í styrk liggi fyrir skýrsla um árangur verkefnisins og samþykkt kostnaðaruppgjör. Lán vegna verkefnaútflutnings eru 40% af samþykktum kostnaði og greiðast til baka verði af sölu verkefnisins en lánin eru vaxtalaus. Misheppnist verkefnið er hægt að sækja um niðurfellingu á láninu og breytist það þá í styrk.

Sjóðurinn hefur lagt áherslu á samstarfsverkefni norrænna og baltneskra fyrirtækja sem stuðla að alþjóðavæðingu í Eystrasaltsríkjunum: Eistlandi, Lettlandi og Litháen. Þessi lönd hafa nú gengið í ESB og hefur Norræna ráðherranefndin tekið ákvörðun um að Nopef geti starfað þar til ársloka 2007 með því að draga hægt og bítandi úr starfseminni og hætta henni alfarið að þeim tíma liðnum.

Helstu forsendur fyrir stuðningi frá Norræna verkefnaútflutningssjóðnum eru:

- að verkefnið sé vel skilgreint og byggt á viðskiptalegum grunni,
- að verkefnið tengist löndum utan ESB og EFTA,
- að norrænir hagsmunir liggi að baki verkefninu,
- að raunhæf fjárhagsáætlun vegna verkefnisins liggi fyrir.

Stjórn sjóðsins er skipuð fimm fulltrúum, einum frá hverju norrænu land-

anna. Nopef er systurstofnun Norræna fjárfestingarbankans, Norræna þróunarsjóðsins og Norræna umhverfisfjármögnunarfélagsins. Þessar stofnanir eru allar með aðsetur í Helsingfors í Finnlandi. Upplýsingar um starfsemi sjóðsins er að finna á vefsíðu hans ([www.nopef.com](http://www.nopef.com)).

Stjórnin hélt fjóra fundi á árinu. Á milli stjórnarfunda eru verkefnafundir, þar taka starfsmenn, framkvæmdastjóri og formaður stjórnar fyrir þær umsóknir sem borist hafa og afgreiða þær í samræmi við þær heimildir sem sjóðsstjórnin hefur samþykkt. Niðurstaðan er síðan formlega staðfest á næsta stjórnarfundi á eftir. Þessi vinnuregla á að bæta þjónustu sjóðsins við viðskiptavinina og stytta tímunn frá því að umsókn berst þar til svar liggur fyrir. Formennska í stjórn Nopef var í höndum fulltrúa Finnlands.

Í apríl var haldinn kynningarfundur á Nopef hér á Íslandi í samvinnu við Útflutningsráð, Samtök iðnaðarins og Iðntæknistofnum. Á fundinum kynnti framkvæmdastjóri Nopef, sem er jafnframt svæðisstjóri fyrir Ísland, starfsemina.

#### *Verkefni.*

Nopef bárust 145 umsóknir á árinu en þær voru 200 árið 2005, 220 árið 2004 og 270 árið 2003. Samþykktar umsóknir voru samtals 108 á árinu, 122 árið 2005, 132 árið 2004 og 184 árið 2003. Tvær umsóknir bárust á árinu frá Íslandi, en þær voru báðar samþykktar.

#### **17.4. Norræni þróunarsjóðurinn (NDF)**

Norræni þróunarsjóðurinn er í eigu landanna fimm, Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar. Sjóðurinn hefur aðsetur við hlið Norræna fjárfestingarbankans í Helsingfors og nýtur að mörgu leyti samrekstrar með honum og öðrum norrænum stofnunum í borginni.

Markmið sjóðsins er að styrkja efnahagslegar og félagslegar framfarir í fátækustu þróunarríkjunum í samvinnu við aðrar lánastofnanir. Lánakjörin eru með þeim bestu sem þekkjast: lán eru til 40 ára, afborganalaus fyrstu 10 árin, vaxtalaus, en bera 0,75% þjónustugjald á ári fyrir þann hluta láns, sem er útgreiddur, og 0,5% staðfestingargjald fyrir þann hluta láns, sem ekki hefur verið greiddur. Lánin eru jafnan veitt til ríkissjóða viðkomandi landa, en til afmarkaðra verkefna í samstarfi við aðrar alþjóðlegar lánastofnanir. Helstu samstarfsaðilar Norræna þróunarsjóðsins eru Alþjóðabankinn í Washington, þróunarbankarnir í Ameríku (IADB), Asíu (AsDB) og Afríku (AfDB), auk tvíhliða þróunarstofnana á Norðurlöndum, þar á meðal Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSI).

Stofnfé sjóðsins, sem greiðist samkvæmt norræna deililyklinum, er 515 millj. SDR og 330 millj. evra, eða alls um 930 millj. evra (um 84 milljarðar ísl. kr.). Á árinu undirritaði sjóðurinn 2 lánasamninga, sem höfðu verið samþykktir á árinu 2005, að fjárhæð 13 millj. evra (um 1,2 milljarðar ísl.kr.). Viðbótarlán til útistandandi verkefna voru veitt að fjárhæð 15 millj. evra (um 1,35 milljarðar ísl.kr.). Engin lán til nýrra verkefna voru samþykkt á árinu. Frá stofnun hefur NDF veitt lán að fjárhæð 980 millj. evra (um 88,2 milljarðar ísl.kr.) til

190 verkefna í 39 þróunarlöndum. Um 50% lánsfjárins hefur farið til landa í Afríku, 33% til Asíu og 17% til Rómönsku Ameríku.

Alþjóðastofnanir flokka þróunarlöndin eftir vergri þjóðarframleiðslu á íbúa og er yfirleitt miðað við bandaríkjadali á ári. Um 43% lána Norræna þróunarsjóðsins hafa farið til fátækustu landanna (LLDC, <380 bandaríkjadali/ári), 41% til lágtekjulanda (LIC, <760 bandaríkjadali/ári) og 16% til lægri meðaltekjulanda (LMC, 761–3030 bandaríkjadali/ári). Þjóðarhagur hefur sem betur fer batnað í allmörgum lántökulöndum sjóðsins frá fyrstu árum sjóðsins og hafa þau ekki lengur möguleika á að taka lán hjá NDF. Árið 2001 samþykkti stjórn sjóðsins að takmarka lán næstu árin við um tuttugu samstarfslönd. Áður var miðað við um 30 samstarfslönd.

Stærstu lántakendur sjóðsins eru Mósambík, Senegal, Úganda, Ghana, Malaví, Laos, Nepal, Bólvía og Níkaragúa. NDF tekur fullan þátt í að létta lánabyrðir skuldsettustu lántökulanda sinna í samræmi við ramma og reglur sem alþjóðlegar lánastofnanir setja til aðstoðar fátækustu ríkjum heims. Sjóðurinn hefur þegar tekið á sig slíkar skuldbindingar vegna Bólvíu, Eþíopíu, Ghana, Malaví, Mósambík, Níkaragúa, Senegal, Tansaníu og Úganda. Heildarkostnaður sjóðsins vegna skuldbindinganna er áætlaður 26 millj. evra (um 2,1 milljarðar króna).

Norræna ráðherranefndin breytti samþykktum Norræna þróunarsjóðsins árið 2001 og sjóðurinn getur nú veitt áhættulán til einkafyrirtækja í lántökulöndum án ríkisábyrgðar. Slík lán skulu þó aðeins vera lítill hluti heildarlána sjóðsins á hverju ári. Áhættulánin eru veitt á þrenna vegu: 1) beint til fjárfestingarverkefna; 2) með lánaramma í samstarfi við þróunarbanka; 3) með eignaraðild að áhættulánasjóðum í viðkomandi löndum. Þessi lán munu væntanlega auka möguleika íslenskra útrásarfyrirtækja á samstarfi við fyrirtæki í þróunarlöndunum. Sjóðurinn starfar með norrænu áhættulánasjóðunum, þeirra á meðal Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins, en einnig með áhættulánasjóðum alþjóðlegu þróunarbankanna. NDF á jafnframt eignaraðild að áhættulánasjóðum í Afríku (African Infrastructure Fund, Aureos West Africa Fund og Aureos Southern Africa Fund), í Asíu (Mekong Enterprise Fund, sem starfar í Víetnam, Laos og Kambódíu) og í Mið-Ameríku (Central American Small Enterprise Investment Fund).

Frá stofnun sjóðsins hafa sjö lán verið undirrituð þar sem íslensk fyrirtæki eiga beinna hagsmuna að gæta. Þeirra á meðal eru fimm fiskveiðiverkefni (í Malaví, Mósambík, Namibíu, Grænhöfðaeyjum og Úganda). Fiskveiðiverkefni á Grænhöfðaeyjum, í Malaví og Mósambík voru í samvinnu við þróunarsamvinnustofnun Íslands. Heildarlán til verkefna með beinum íslenskum hagsmunum eru u.þ.b. 17 millj. SDR (tæpir 2 milljarðar ísl.kr.). Íslensk fyrirtæki hafa gert samninga sem nema um 1,1% af heildarfjárhæð samninga við norræn fyrirtæki sem sjóðurinn hefur fjármagnað frá stofnun. Hlutdeild Íslands í fjármögnun sjóðsins er 1,1%. Auk þess hefur sjóðurinn í nokkrum tilvikum keypt íslenska sérfræðiþjónustu til að undirbúa verkefni og annast eftirlit.

Á árinu fór fram úttekt á stöðu sjóðsins með hliðsjón af því að fyrir lá niðurstaða um að leggja sjóðinn niður. Í framhaldi af því var ráðinn nýr forstjóri.

Meginhlutverk stjórnar og forstjóra verður á næstu mánuðum að undirbúa aðgerðaáætlun um hvernig best verði að standa að framkvæmd niðurlagningu sjóðsins. Stjórn sjóðsins hefur lagt fyrir Norrænu ráðherranefndina tillögu um framhald málsins með hliðsjón af þeim aðstæðum sem liggja fyrir. Í stjórn Norræna þróunarsjóðsins sitja fulltrúar norrænu ríkjanna fimm. Starfsmenn sjóðsins eru 14.

## **17.5. Lánasjóður Vestur-Norðurlanda**

### *Útlán.*

Lánasjóðurinn lánar fé til fjárfestinga fyrirtækja í Færeyjum og á Grænlandi. Einnig til íslenskra fyrirtækja, að því tilskildu að um sé að ræða samstarfsverkefni íslensks og annað hvort færeysks eða grænlenks fyrirtækis. Þetta er í samræmi við samþykktir frá árinu 1998. Sjóðurinn hefur á árinu greitt út níu lán, sjö til Færeyja og tvö til Grænlands, samtals að upphæð 24 millj. d.kr.

### *Rekstur.*

Samkvæmt ársreikningum var eigið fé sjóðsins um áramót 2005/2006 119,7 millj. d.kr. og á sama tíma námu útlán samtals 110 millj. d.kr.

Breytingar á samþykktum er tóku gildi um áramótin 1997/98 kveða svo á um að Lánasjóður Vestur-Norðurlanda skuli af hagnaðinum styrkja Norrænu Atlantsnefndina (NORA) um allt að 1,5 millj. d.kr. á ári. Í ársreikningnum fyrir árið 2005 er hagnaðurinn 200.646 d.kr., sem verður styrkur sjóðsins til NORA árið 2006.

### *Stjórn.*

Stjórn Lánasjóðs Vestur-Norðurlanda skipa sjö menn, einn frá hverju aðildarlandi, og hefur hver þeirra einn varamann. Stjórnarmaður og varamaður hvers aðildarlands eru skipaðir af ríkisstjórn þess. Aðild að Lánasjóði Vestur-Norðurlanda eiga Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur, Svíþjóð, Færeyjar og Grænland.

Nánari upplýsingar má finna á slóðinni [www.vestnorden.is](http://www.vestnorden.is).



## II. MEGINÁHERSLUR NORRÆNU FJÁRLAGANNA 2007

Megináherslur norrænu fjárlaganna fyrir starfsárið 2007 eru eftirfarandi:

Menntun, rannsóknir og nýsköpun sem og þróun norræna velferðarkerfisins eru forgangssvið á vettvangi norræns samstarfs. Þetta endurspeglar megináskoranir þekkingarsamfélagsins. Á þessum sviðum er þörf lítilla landa á samstarfi og samræmdum aðgerðum óvenju skýr.

Eftirfylgni skýrslunnar um Norðurlönd sem sigursvæði og framtíð norræna velferðarkerfisins eru miðlæg málefni til lengri tíma í norrænu samstarfi. Skýrslunni verður fylgt eftir víða á vettvangi ráðherranefndarinnar.

Annað mikilvægasta samstarfssvið ráðherranefndarinnar er menningarmálasviðið. Þörf er á að efla norræna menningarlega samkennd á grundvelli sameiginlegra gilda, svo norræn samkennd haldi velli í alþjóðlegu og evrópsku umhverfi. Norræna menningarsjóðnum verður tryggð öflug staða í norrænu menningarmálasamstarfi.

Samstarf um aðgerðir gegn stjórnsýsluhindrunum heldur áfram. Afnáam stjórnsýsluhindrana er mikilvægt fyrir aðdráttarafl Norðurlanda. Upplýsingaþjónustan Halló Norðurlönd verður þróuð í átt að miðlægri upplýsingaveitu fyrir þá sem flytjast búferlum innan Norðurlanda. Auknu fjármagni verður veitt til samstarfs á landamærasvæðum.

Samstarf um málefni norðurskautsins verður eft. Með þeim hætti fá norrænu löndin sterkari sess á alþjóðlega heimskautaárinu. Sérstök áhersla verður lögð á loftslagsmálefni.

Norræn matvæli verða kynnt sem nýtt áherslusvið. Áætluninni „Ný norræn matvæli“ er ætlað að marka sérstöðu norrænna gæða og gera þau sýnileg á alþjóðlegum vettvangi, með því að sameina styrk Norðurlanda og huga sérstaklega að svæðisbundnum matvælum, matargerðarlist, þróun atvinnugreinarinnar, hráefni og ferðamennsku.

Evrópskt sjónarhorn og samkennd í Norður-Evrópu og í kringum Eystrasaltið fléttast stöðugt inn í fleiri þætti starfsemi ráðherranefndarinnar. Með norrænu samstarfi má styrkja stöðu Norðurlanda í Evrópu, m.a. með rannsóknum og afnámi stjórnsýsluhindrana. Á báðum þessum sviðum hafa Norðurlönd hag af því að koma fram sem ein heild frekar en fimm norræn lönd.

Í kringum Eystrasaltið eru miklir hagvaxtarmöguleikar. Áherslur fjárlaganna endurspeгла með skýrum hætti metnað á þessi sviði ekki síst hvað varðar menntun og rannsóknastörf og samstarf við frjáls félagasamtök.

Allt frá upphafi tíunda áratugarins hefur ráðherranefndin átt mikið samstarf við Eistland, Lettland og Litháen og nú einnig við Norðvestur-Rússland. Samstarfið við Eystrasaltsríkin breytist yfir í samstarf á jafnréttisgrundvelli og áhersla á aðgerðir í Norðvestur-Rússlandi verður aukin. Starfsemi sem snýr að borgurum Hvíta-Rússlands er nýtt svið þar sem sameiginlegar norrænar aðgerðir geta orðið mikilvægar. Hlutdeild ráðherranefndarinnar í starfsemi European Humanities University (EHU) í Vilnús er jákvætt dæmi um samstarf ráðherranefndarinnar og ESB.



## Heildarrammi fjárlaganna

Fjárhagsrammi fjárlaganna fyrir árið 2007 er samtals 858,572 millj. d.kr. á verðlagi ársins 2007. Að raungildi er hann óbreyttur frá árinu 2006.

Á eftirfarandi yfirliti má sjá hvernig fjárlögin skiptast milli fagráðherra- nefndanna og samstarfsráðherranna. Í fjárlögunum eru ráðherranefndir flokkaðar samkvæmt skipuriti ráðherranefndarskrifstofunnar. Við endurskipulagningu ráðherranefndarinnar, þar sem ráðherranefndum var fækkað úr 18 í 11, var skrifstofa ráðherranefndarinnar endurskipulögð.

## Samanburður á fjárlögum fyrir árin 2007 og 2006

| Verðlag hvers tíma í þús. d.kr.   | Fjárlög<br>2007 | Hlutdeild     | Fjárlög<br>2006 | Hlutdeild     | Mismunur<br>+/- | %             |
|---|-----------------|---------------|-----------------|---------------|-----------------|---------------|
| <b>Meningarmál, Jafnréttismál og</b>  |                 |               |                 |               |                 |               |
| <b>Löggjafarmál</b>   | <b>173.369</b>  | <b>20,2%</b>  | <b>169.706</b>  | <b>20,2%</b>  | <b>3.663</b>    | <b>2,2%</b>   |
| Meningarmál   | 163.525         | 19,0%         | 160.031         | 19,1%         | 3.494           | 2,2%          |
| Jafnréttismál   | 8.515           | 1,0%          | 8.352           | 1,0%          | 163             | 2,0%          |
| Löggjafarmál  | 1.329           | 0,2%          | 1.323           | 0,2%          | 6               | 0,5%          |
| <b>Menntun og rannsóknir,</b>   |                 |               |                 |               |                 |               |
| <b>Vinumarkaðsmál</b>   | <b>237.021</b>  | <b>27,6%</b>  | <b>230.280</b>  | <b>27,4%</b>  | <b>6.741</b>    | <b>2,9</b>    |
| Menntun og rannsóknir   | 223.961         | 26,1%         | 217.342         | 25,9%         | 6.619           | 3,0%          |
| Vinumarkaður og umhverfi  | 13.060          | 1,5%          | 12.938          | 1,5%          | 122             | 0,9%          |
| <b>Atvinnu- orku- og byggðamál, Heilbrigðis- og félagsmál og Efnahags- og fjármál</b> | <b>159.948</b>  | <b>19,6%</b>  | <b>155.593</b>  | <b>18,5%</b>  | <b>4.355</b>    | <b>2,8%</b>   |
| Atvinnu-, orku- og byggðamál  | 118.425         | 13,8%         | 108.195         | 12,9%         | 10.230          | 9,5%          |
| Heilbrigðis- og félagsmál   | 39.786          | 4,6%          | 45.730          | 5,4%          | -5.944          | -13,0%        |
| Efnahags- og fjármál  | 1.737           | 0,2%          | 1.668           | 0,2%          | 69              | 4,1%          |
| <b>Umhverfismál, Sjávarútvegur, landbúnaður og skógrækt og matvæli</b>                | <b>85.652</b>   | <b>10,0%</b>  | <b>81.723</b>   | <b>9,7%</b>   | <b>3.929</b>    | <b>4,8%</b>   |
| Umhverfismál  | 45.480          | 5,3%          | 43.908          | 5,2%          | 1.572           | 3,6%          |
| Sjávarútvegur, landbúnaður, skógrækt og matvæli                                       | 40.172          | 4,7%          | 37.815          | 4,5%          | 2.357           | 6,2%          |
| <b>Nágrannapólitík</b>  | <b>94.211</b>   | <b>11,0%</b>  | <b>87.286</b>   | <b>10,4%</b>  | <b>6.925</b>    | <b>7,9%</b>   |
| <b>Samstarfsráðherra</b>  | <b>105.305</b>  | <b>12,3%</b>  | <b>107.525</b>  | <b>12,8%</b>  | <b>-2.220</b>   | <b>-2,1%</b>  |
| Skrifstofa ráðherranefndarinnar   | 67.822          | 7,9%          | 64.469          | 7,7%          | 3.353           | 5,2%          |
| Önnur samnorræn starfsemi   | 37.483          | 4,4%          | 43.056          | 5,1%          | -5.573          | -12,9%        |
| <b>Aðlögunarsjóður</b>  | <b>3.066</b>    | <b>0,4%</b>   | <b>7.530</b>    | <b>0,9%</b>   | <b>-4.464</b>   | <b>-59,3%</b> |
| <b>Samtals</b>  | <b>858.573</b>  | <b>100,0%</b> | <b>839.643</b>  | <b>100,0%</b> | <b>18.926</b>   | <b>2,3%</b>   |

## Yfirlit yfir fjárlagaliði norrænu fjárlaganna

Hér á eftir er gerð grein fyrir fjárlagaliðum norrænu fjárlaganna. Fyrst er gerð grein fyrir helstu hækkunum og lækkunum tiltekinna fjárlagaliða. Því næst kemur skýring á uppbyggingu fjárlagaliða og flokkun þeirra. Þá er yfirlit yfir framlög til allra fjárlagaliða 2006 og 2007. Loks koma fyllri lýsingar á markmiðum og forgangsroðun 2007 ásamt niðurstöðum 2005 fyrir alla fjárlagaliði.

Vegna tilfærslu á fjárlagaliðum milli fagsviða getur gætt ósamræmis milli fjárlagatillögu fyrir árið 2007 og áður útgefinna fjárlaga hvað varðar upplýsingar um árið 2005.

### Meiri háttar breytingar á tilteknum fjárlagaliðum

Í fjárlögunum nema hækkanir/lækkanir á tilteknum fjárlagaliðum samtals 151,345 millj. d.kr. Í töflunni hér að neðan má sjá hvernig helstu hækkanir skiptast á tiltekna fjárlagaliði. Eins má sjá hvar niðurskurður á fjárlagaliðum er mestur.

#### Meiri háttar hækkanir (verðlag ársins 2006 í þús. d.kr.)

| Hækkanir   | Fjárlög<br>2007 | Fjárlög<br>2006 | Breyting       |
|--|-----------------|-----------------|----------------|
| 1-2221-2 Tölvuleikir/UT  | 10.000          | 6.114           | 3.886          |
| 1-2222-2 Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn                | 23.740          | 21.890          | 1.850          |
| 1-2223-1 Endurmenntun norrænna blaðamanna                        | 3.171           | 0               | 3.171          |
| 1-2228-3 Gagnamiðstöð um fjölmiðlarannsóknir (NORDICOM)          | 2.895           | 2.210           | 685            |
| 1-2254-2 Ferða- og dvalarstyrkir                                 | 13.350          | 10.190          | 3.160          |
| 1-4410-1 Verkefni - Jafnréttismál                                | 3.300           | 3.028           | 272            |
| 1-2251-2 Lista- og menningarverkefnið                            | 20.000          | 0               | 20.000         |
| 1-2259-3 „Kulturkontakt Nord“                                    | 5.000           | 0               | 5.000          |
| 1-2270-3 Norræna húsið í Reykjavík                               | 8.568           | 7.768           | 800            |
| 1-2272-3 Norðurlandahúsið í Færeyjum                             | 12.541          | 11.188          | 1.353          |
| 1-2274-3 Norræna stofnunin á Álandseyjum                         | 2.714           | 2.114           | 600            |
| 1-2277-3 Norræna stofnunin á Grænlandi (NAPA)                    | 5.853           | 5.053           | 800            |
| 1-2548-3 Norræna stofnunin í Finnlandi (NIFIN)                   | 6.074           | 5.424           | 650            |
| 2-2505-1 Ráðstöfunarfé – Menntun og rannsóknir                   | 5.307           | 4.430           | 877            |
| 2-3100-3 Norræna rannsóknarráðið (NordForsk)                     | 101.336         | 69.582          | 31.754         |
| 3-3310-1 Verkefni – Umhverfismál                                 | 33.036          | 32.444          | 592            |
| 3-6310-1 Verkefni – Skógrækt                                     | 1.549           | 0               | 1.549          |
| 3-6510-1 Verkefni – Landbúnaður                                  | 3.565           | 3.131           | 434            |
| 4-3220-3 Norrænar orkurannsóknir (NEF)                           | 5.064           | 1.075           | 3.989          |
| 4-5150-1 Verkefni – Atvinnumál, orkumál og byggðamál             | 31.152          | 0               | 31.152         |
| 4-4310-1 Verkefni – Heilbrigðis- og félagsmál                    | 8.261           | 6.025           | 2.236          |
| 5-0180-3 Skrifstofa ráðherranefndarinnar (NMRS)                  | 66.623          | 64.469          | 2.154          |
| 5-1011-1 Upplýsingastarfsemi                                     | 9.870           | 0               | 9.870          |
| 5-1021-1 Alþjóðleg starfsemi                                     | 863             | 0               | 863            |
| 5-1035-1 Stjórnsýsluhindranir/Halló Norðurlönd                   | 6.144           | 0               | 6.144          |
| 6-0820-2 Þekkingaruppygging og tengslanet                        | 32.570          | 30.570          | 2.000          |
| 6-0870-1 Samstarf á norðurskautssvæðum                           | 8.159           | 7.172           | 987            |
| 6-0960-1 Frjáls félagasamtök á Eyrstrasaltssvæðinu               | 5.216           | 1.019           | 4.197          |
| 6-0970-3 Skrifstofur ráðherranefndarinnar í Norðvestur-Rússlandi | 8.126           | 6.126           | 2.000          |
| 6-0980-1 Samstarfsverkefni með öðrum alþjóðlegum stofnunum       | 6.924           | 0               | 6.924          |
| Aðrar minni háttar hækkanir                                      |                 |                 | 1.396          |
| <b>Hækkanir samtals</b>  |                 |                 | <b>151.345</b> |

| <b>Lækkannir</b>  | <b>Fjárlög<br/>2007</b> | <b>Fjárlög<br/>2006</b> | <b>Breyting</b> |
|---|-------------------------|-------------------------|-----------------|
| 1-2203-1 Framlag til sérstakra menningarmála  | 1.000                   | 6.112                   | -5.112          |
| 1-2214-1 Stjórnarnefndin um norræna barna- og unglíngamenningu  | 0                       | 1.309                   | -1.309          |
| 1-2220-1 Stjórnarnefndin um menningar- og fjölmiðlastarf  | 0                       | 2.145                   | -2.145          |
| 1-2229-3 Norræni blaðamannaháskólinn (NJC)  | 0                       | 3.171                   | -3.171          |
| 1-2230-1 Norræna bókmennta- og bókasafnsnefndin (NORDBOK)   | 0                       | 7.731                   | -7.731          |
| 1-2239-1 Norræna safnanefndin (Museikommittén)  | 0                       | 1.211                   | -1.211          |
| 1-2255-3 Norræna sviðslistanefndin (NordScen)   | 0                       | 6.562                   | -6.562          |
| 1-2256-1 Norræna tónlistarnefndin (NOMUS)   | 0                       | 6.460                   | -6.460          |
| 1-2258-3 Norræna stofnunin um samtímalist (NIFCA)   | 0                       | 6.601                   | -6.601          |
| 1-2296-1 Norræn menningarverkefni erlendis  | 0                       | 2.165                   | -2.165          |
| 1-4480-3 Norræna rannsóknarstofan um kvenna- og kynjarannsóknir (NIKK)  | 5.000                   | 5.324                   | -324            |
| 2-3111-1 Norræn öndvegissetur, hnattrænar breytingar  | 0                       | 5.377                   | -5.377          |
| 2-3133-1 Norrænt rannsóknarverkefni um faraldsfræði   | 0                       | 3.231                   | -3.231          |
| 2-3136-2 Rannsóknaráætlunin NORDUnet3   | 0                       | 3.634                   | -3.634          |
| 2-3138-1 Norræn áætlun um rannsóknarskóla   | 0                       | 2.582                   | -2.582          |
| 2-3139-1 Norræn öndvegissetur, læknisfræði  | 0                       | 3.109                   | -3.109          |
| 2-3180-2 Norræna eðlisfræðistofnunin (NORDITA)  | 10.621                  | 15.932                  | -5.311          |
| 2-3182-2 Norræna stofnunin um Asíurannsóknir (NIAS)   | 4.743                   | 7.116                   | -2.373          |
| 2-3184-2 Norræna eldfjallasetrið (NORDVULK)   | 4.846                   | 7.270                   | -2.424          |
| 2-3185-2 Norræna samíska stofnunin (NSI)  | 1.831                   | 3.662                   | -1.831          |
| 4-3210-1 Verkefni – Orkumál   | 0                       | 4.951                   | -4.951          |
| 4-5110-1 Verkefni – Atvinnumál  | 0                       | 1.116                   | -1.116          |
| 4-6110-1 Verkefni – Byggðamál   | 0                       | 20.959                  | -20.959         |
| 4-4510-1 Verkefni – samstarf í vímuefnamálum  | 0                       | 2.343                   | -2.343          |
| 4-4620-1 Velferðarrannsóknir  | 0                       | 6.312                   | -6.312          |
| 5-0185-1 Afnám landamærahindrana  | 0                       | 1.732                   | -1.732          |
| 5-0190-1 Endurskipulagning stofnana   | 0                       | 300                     | -300            |
| 5-0195-1 Evrópa og Norðlæga víddin  | 0                       | 198                     | -198            |
| 5-0410-4 Samband Norrænu félaganna  | 1.370                   | 3.259                   | -1.889          |
| 5-0430-1 Norrænt tölfræðisamstarf   | 0                       | 1.787                   | -1.787          |
| 5-0450-2 Framlag til frjálrsra félagasamtaka  | 0                       | 1.223                   | -1.223          |
| 5-0460-1 Sjálfbær Norðurlönd  | 3.000                   | 3.975                   | -975            |
| 5-1000-1 Aðlögunarsjóður  | 3.000                   | 7.530                   | -4.530          |
| 5-1010-1 Upplýsingamiðlun   | 0                       | 3.829                   | -3.829          |
| 5-1020-1 Upplýsingamiðlun utan Norðurlanda  | 0                       | 979                     | -979            |
| 5-1025-1 Norðurlöndin í fókus (upplýsingagluggar)   | 0                       | 4.897                   | -4.897          |
| 5-1030-1 Halló Norðurlönd   | 0                       | 4.474                   | -4.474          |
| 5-1040-1 Þýðingar og túlkun   | 0                       | 1.088                   | -1.088          |
| 5-8030-1 Útgáfustarfsemi  | 400                     | 732                     | -332            |
| 6-0790-1 Samstarf á landamærasvæðum   | 0                       | 1.019                   | -1.019          |
| 6-0940-1 Þátttaka í samstarfsverkefnum ESB, samstarf á Barents-svæðinu og við frjálrs félagasamtök í Norðvestur-Rússlandi | 0                       | 9.975                   | -9.975          |
| <i>Aðrar minni háttar lækkannir</i>   |                         |                         | <i>-3.774</i>   |
| <b>Lækkannir samtals</b>  |                         |                         | <b>-151.345</b> |

## Yfirlit yfir alla fjárlagaliði (Verðlag hvers tíma í þús. d.kr.)

| Menningarmál, Jafnréttismál, Löggjafarmál |   | Fjárlög<br>2007 | Fjárlög<br>2006 | Mismunur<br>+/- | %             |
|---|---|-----------------|-----------------|-----------------|---------------|
|   |   | 173.369         | 169.706         | 3.663           | 2,2%          |
| <b>Menningarmál</b>                       |   | <b>163.525</b>  | <b>160.031</b>  | <b>3.494</b>    | <b>2,2%</b>   |
| <i>Almennt framlag til menningarmála</i>  |   | <i>34.459</i>   | <i>38.348</i>   | <i>-3.889</i>   | <i>-10%</i>   |
| 1-2203-1                                  | Framlag til sérstakra menningarmála                   | 1.022           | 6.112           | -5.090          | -83%          |
| 1-2204-1                                  | Norrænn menningarvettvangur                           | 1.533           | 1.019           | 514             | 50,4%         |
| 1-2205-2                                  | Norræni menningarsjóðurinn                            | 31.904          | 31.217          | 687             | 2,2%          |
| <i>Börn og unglingar</i>                  |   | <i>7.315</i>    | <i>8.466</i>    | <i>-1.151</i>   | <i>-13,6%</i> |
| <i>Verkefni og almennir styrkir</i>       |   | <i>7.315</i>    | <i>8.466</i>    | <i>-1.151</i>   | <i>-13,6%</i> |
| 1-2210-1                                  | Norrænt íþróttasamstarf                               | 1.281           | 1.253           | 28              | 2,2%          |
| 1-2212-1                                  | Norræna æskulýðsnefndin                               | 6.034           | 5.904           | 130             | 2,2%          |
| 1-2214-1                                  | Stjórnarnefndin um norræna barna- og unglíngamenningu | 0               | 1.309           | -1.309          | -100%         |
| <i>Kvikmyndir og fjölmiðlar</i>           |   | <i>40.670</i>   | <i>35.530</i>   | <i>5.140</i>    | <i>14,5%</i>  |
| <i>Verkefni og almennir styrkir</i>       |   | <i>37.723</i>   | <i>30.149</i>   | <i>7.574</i>    | <i>25,1%</i>  |
| 1-2220-1                                  | Stjórnarnefndin um menningar- og fjölmiðlasamstarf    | 0               | 2.145           | -2.145          | -100,0%       |
| 1-2221-2                                  | Tölvuleikir/ UT                                       | 10.220          | 6.114           | 4.106           | 67,2%         |
| 1-2222-2                                  | Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn              | 24.262          | 21.890          | 2.372           | 10,8%         |
| 1-2223-1                                  | Endurmenntun norræna blaðamanna                       | 3.241           | 0               | 3.241           | -             |
| <i>Stofnanir</i>                          |   | <i>2.947</i>    | <i>5.381</i>    | <i>-2.434</i>   | <i>-45,2%</i> |
| 1-2228-3                                  | Gagnamiðstöð um fjölmiðlarannsóknir (NORDICOM)        | 2.947           | 2.210           | 737             | 33,3%         |
| 1-2229-3                                  | Norræni blaðamannaháskólinn (NJC)                     | 0               | 3.171           | -3.171          | -100%         |
| <i>Listasvið</i>                          |   | <i>39.155</i>   | <i>38.755</i>   | <i>400</i>      | <i>1,0%</i>   |
| <i>Verkefni og almennir styrkir</i>       |   | <i>34.084</i>   | <i>25.592</i>   | <i>8.492</i>    | <i>33,2%</i>  |
| 1-2230-1                                  | Norræna bókmennta- og bókasafnsnefndin (NORDBOK)      | 0               | 7.731           | -7.731          | -100,0%       |
| 1-2238-2                                  | Sleipnir  | 0               | 0               | 0               | -             |
| 1-2239-1                                  | Norræna safnanefndin (Museikommittén)                 | 0               | 1.211           | -1.211          | -100,0%       |
| 1-2246-4                                  | Norræna listamannaheimilið í Róm                      | 0               | 0               | 0               | -             |
| 1-2251-2                                  | Lista- og menningarverkefnið                          | 20.440          | 0               | 20.440          | -             |
| 1-2254-2                                  | Ferða- og dvalarstyrkir                               | 13.644          | 10.190          | 3.454           | 33,9%         |
| 1-2256-1                                  | Norræna tónlistarnefndin (NOMUS)                      | 0               | 6.460           | -6.460          | -             |
| <i>Stofnanir</i>                          |   | <i>5.071</i>    | <i>13.163</i>   | <i>-8.092</i>   | <i>-61,5%</i> |
| 1-2255-3                                  | Norræna sviðslistanefndin (NordScen)                  | 0               | 6.562           | -6.562          | -             |
| 1-2257-3                                  | Norræna listamannamiðstöðin (Dalsåsen)                | 0               | 0               | 0               | -             |
| 1-2258-3                                  | Norræna stofnunin um samtímalist (NIFCA)              | 0               | 6.601           | -6.601          | -             |
| 1-2259-3                                  | „Kulturkontakt Nord“                                  | 5.071           | 0               | 5.071           | -             |
| <i>Norræn menningarhús (stofnanir)</i>    |   | <i>37.682</i>   | <i>32.614</i>   | <i>5.068</i>    | <i>15,5%</i>  |
| 1-2270-3                                  | Norræna húsið í Reykjavík                             | 8.954           | 7.768           | 1.186           | 15,3%         |
| 1-2272-3                                  | Norðurlandahúsið í Færeyjum                           | 12.767          | 11.188          | 1.579           | 14,1%         |
| 1-2274-3                                  | Norræna stofnunin á Álandseyjum                       | 2.752           | 2.114           | 638             | 30,2%         |
| 1-2277-3                                  | Norræna stofnunin á Grænlandi (NAPA)                  | 5.958           | 5.053           | 905             | 17,9%         |
| 1-2279-1                                  | Viðhald menningarhúsa                                 | 1.090           | 1.067           | 23              | 2,2%          |
| 1-2548-3                                  | Norræna stofnunin í Finnlandi (NIFIN)                 | 6.161           | 5.424           | 737             | 13,6%         |
| <i>Annað menningarsamstarf</i>            |   | <i>4.244</i>    | <i>6.318</i>    | <i>-2.074</i>   | <i>32,8%</i>  |
| <i>Verkefni og almennir styrkir</i>       |   | <i>4.244</i>    | <i>6.318</i>    | <i>-2.074</i>   | <i>32,8%</i>  |
| 1-2234-4                                  | Samískt samstarf                                      | 4.244           | 4.153           | 91              | 2,2%          |
| 1-2296-1                                  | Norræn menningarverkefni erlendis                     | 0               | 2.165           | -2.165          | -100,0%       |
| <b>Jafnréttismál</b>                      |   | <b>8.515</b>    | <b>8.352</b>    | <b>163</b>      | <b>2,0%</b>   |

|                     |   | Fjárlög<br>2007 | Fjárlög<br>2006 | Mismunur |             |
|---------------------|---|-----------------|-----------------|----------|-------------|
|                     |   |                 |                 | +/-      | %           |
|                     | <i>Verkefni</i>   | 3.373           | 3.028           | 345      | 11,4%       |
| 1-4410-1            | Verkefni – Jafnréttismál                                      | 3.373           | 3.028           | 345      | 11,4%       |
|                     | <i>Stofnanir</i>  | 5.142           | 5.324           | -182     | -3,4%       |
| 1-4480-3            | Norræna rannsóknarstofan um kvenna- og kynjarannsóknir (NIKK) | 5.142           | 5.324           | -182     | -3,4%       |
| <b>Löggjafarmál</b> |   | <b>1.329</b>    | <b>1.323</b>    | <b>6</b> | <b>0,5%</b> |
| 1-7110-1            | Verkefni – Löggjafarmál                                       | 1.329           | 1.323           | 6        | 0,5%        |

| <b>Menntun og rannsóknir, Vinnumarkaðs- og vinnuumhverfismál</b> |   | Fjárlög<br>2007 | Fjárlög<br>2006 | Mismunur     |             |
|--|---|-----------------|-----------------|--------------|-------------|
|  |   |                 |                 | +/-          | %           |
|  |   | <b>237.021</b>  | <b>230.280</b>  | <b>6.741</b> | <b>2,9%</b> |
| <b>Menntun og rannsóknir</b>                                     |   | <b>223.961</b>  | <b>217.342</b>  | <b>6.619</b> | <b>3,0%</b> |
|  | <i>Almenn mennta- og rannsóknarstarfsemi</i>                      | 5.424           | 4.430           | 994          | 22,4%       |
| 2-2505-1   | Ráðstöfunarfé – Menntun og rannsóknir                             | 5.424           | 4.430           | 994          | 22,4%       |
|  | <i>Stefnumörkun o.fl.</i>   | 12.465          | 12.400          | 65           | 0,5%        |
| 2-2510-1   | Norrænt skólasamstarf (NSS)                                       | 1.580           | 1.567           | 13           | 0,8%        |
| 2-2520-1   | Stjórnarnefnd um fullorðinsfræðslu (SVL)                          | 1.124           | 1.115           | 9            | 0,8%        |
| 2-2530-1   | Stjórnarnefnd um æðri menntun (HÖGUT)                             | 1.331           | 1.320           | 11           | 0,8%        |
| 2-2544-1   | Norræna málráðið  | 1.275           | 1.265           | 10           | 0,8%        |
| 2-2550-1   | Stefnumótunarhópur ráðherranefndarinnar (MR-U) um upplýsingatækni | 0               | 0               | 0            | -           |
| 2-2553-1   | Stefnumótun, þekkingarsamfélög og uppbygging upplýsingatækni      | 575             | 574             | 1            | 0,2%        |
| 2-3110-1   | Norræna vísindastefnuráðið (FPR)                                  | 0               | 0               | 0            | -           |
| 2-3127-2   | Stefnumörkun á sviði fullorðinsfræðslu                            | 6.580           | 6.559           | 21           | 0,3%        |
|  | <i>Ferðastyrkir og tengslanet</i>                                 | 72.705          | 72.471          | 234          | 0,3%        |
| 2-2512-2   | Nordplus junior   | 20.139          | 20.074          | 65           | 0,3%        |
| 2-2522-2   | Nordplus voksen   | 8.993           | 8.964           | 29           | 0,3%        |
| 2-2532-2   | Nordplus (Æðri menntun)   | 32.494          | 32.390          | 104          | 0,3%        |
| 2-2534-4   | Framlag til Norræna sumarháskólans (NSU)                          | 1.141           | 1.137           | 4            | 0,4%        |
| 2-2543-1   | Nordplus sprog  | 8.903           | 8.874           | 29           | 0,3%        |
| 2-2545-2   | Kennsla um Norðurlönd erlendis                                    | 1.035           | 1.032           | 3            | 0,3%        |
|  | <i>Norræna rannsóknarráðið (NordForsk)</i>                        | 107.784         | 91.070          | 16.714       | 18,4%       |
| 2-3100-3   | Norræna rannsóknarráðið (NordForsk)                               | 104.218         | 69.582          | 34.636       | 49,8%       |
| 2-3115-3   | Norræn stofnun um vísindamenntun (NorFA)                          | 0               | 0               | 0            | -           |
| 2-0462-1   | Norræn vísindaáætlun um haffræði                                  | 0               | 0               | 0            | -           |
| 2-3111-1   | Norrænt öndvegissetur, hnattrænar breytingar                      | 0               | 5.377           | -5.377       | -           |
| 2-3128-1   | Norrænt rannsóknarsamstarf  | 0               | 0               | 0            | -           |
